

AGNAR BRAGI BRAGASON

Dansaði uppi á logandi barborði

Ferðir Bílar

allt í MIÐJU BLAÐSINS



BRYNDÍS SCHRAM

Passar hund dóttur-dóttur sinnar

Tómlegt í kotinu þegar hundurinn fer

FÓLK 34



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europpris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. júlí 2006 – 192. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Byrjaður á næstu bók

Guðjón Ármann Eyjólfsson gaf á dög- unum út bók um siglinga- reglur hjá Siglingastofnun en hann var skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík í 22 ár.

TÍMAMÓT 20



Ástin er ekki auðfundin

Fyrirsætan og hót- erfinginn Paris Hilton hefur ekki haft heppnina með sér í ástamállum en kærastar hennar eru jafn skrautlegir og þeir eru margir.

FÓLK 26



Sögulegt tækifæri

„Núverandi stjórnarandstöðu- flokkar standa því frammi fyrir einstöku sögulegu tækifæri. Í fyrsta sinn í sögu íslenska lýðveldisins gætu þeir gefið kjósendum færi á því að kjósa sér ríkisstjórn,“ skrif- ar Ólafur Hannibalsson.

Í DAG 18



Spenna í Landsbankadeildinni

Prír leikir fóru fram í Landsbanka- deild karla í knattspyrnu í gærkvöldi. Tveimur leikjum lauk með jafntefli en Breiðablik sótti þrjú mjög mikilvæg stig til Eyja og er óhætt að segja að Ólafur Kristjánsson byrji vel með liðið.

ÍPRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



HÁLFSKÝJAÐ EÐA LÉTTSKÝJAÐ

Í dag verður hæg breytileg átt. Víða hálfskýjað eða léttskýjað síst þó við suðaustur- og austurströndina þar sem búast má við litilsháttar vætu með ströndum. Hiti víðast 10-20 stig hlýjast vestan til.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkíð ...

FYLGIR MED FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN

Deilt um áhrif lánshæfismats

400 milljarða búbot simnotenda



Aðkoma ríkisins að rekstri Strætó skoðuð

Umhverfisráðherra ætlar að skoða hvernig hægt sé að gera almenningssam- göngur raunhæfari kost en nú er. Tílefnið er taprekstur Strætó, breytingar á leiðakerfi og fækkun ferða. Strætó greiðir árlega um 300 milljónir til ríkisins.

SAMGÖNGUR „Almenningssam- göngur verða að vera raunhæfur valkostur fyrir fólk ef við ætlum að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur,“ segir Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra. Markmiðin sem hún á þar við snúa að útblæstri óæskilegra loft- tegunda en það er ekki einvörð- ungu á þeim grundvelli sem ráð- herra vill skoða málið. „Það eru mörg rök sem mæla með því, ekki bara fjárhagur fjölskyldnanna heldur er þetta líka spurning um kostnað við gerð samgöngumann- virkja, fyrir svo utan umhverfis- sjónarmiðin.“

Ástæður vangaveltna Jónínu eru fréttir af bágrri fjárhagsstöðu Strætó bs. og samdrætti í rekstri fyrirtækisins. „Við heyrum um taprekstur strætisvagnanna og að breyta eigi leiðakerfinu og bjóða upp á færri ferðir. Menn hafa því

spurt hvort ekki sé eðlilegt að ríkið komi að rekstri almenningssamgangna.“ Jónína vill ekki kveða upp úr um með hvaða hætti ríkið gæti komið að rekstri Strætó en ætlar að skoða málið gaumgæfilega. „Ég hyggst skoða hvernig við getum stuðlað að því að almenningssam- göngur verði raunhæfari valkostur en nú er. Ég vil ekki hvetja alla til að fara hjólandi né að mér finnst eðlileg krafa að hver og einn einstaklingur aki sínum einkabíl. Það hlýtur að vera til skynsóm millileið en almenningssamgöngurarnar verða þá líka að þjóna þörf- um fólksins.“

Strætó bs. greiðir árlega um 300 milljónir króna til ríkisins. Leggjast þar saman virðisauka- skattur, olúgjald og hefðbundin atvinnurekendagjöld. Ásgeir Eiríksson, fram-

kvæmdastjóri Strætó, segir virðis- aukaskatt ekki leggjast á fargjöld og því komi það í hlut fyrirtækis- ins að borga þá skatta sem til falla. Þá hafi kostnaður aukist um 35-40 milljónir króna við upptöku olúgjalds, þrátt fyrir að 80 prósent þess séu felld niður. Enn einn útgjaldaliðurinn sé svo virðis- aukaskattur vegna vagnakaupa en reglur um afslátt af virðis- aukaskatti vegna kaupa langferðabifreiða nái ekki til strætis- vagna. Ásgeir nefnir sem dæmi að í næsta mánuði fái Strætó afhenta tíu nýja vagna sem kosta samtals um 200 milljónir. Af þeim viðskiptum renni um 20 milljónir í ríkissjóð.

Ásgeir segist oft og reglulega hafa vakið athygli ríkisvaldsins á þessum atriðum en ekki hlotið hljómgrunn. Hann fagni því áhuga umhverfisráðherra. - bþg / sjá síðu 16



TF-LÍF VERÐUR SELD Starfsmönnum þyrlubjörgunarsveitar Landhelgisgæslunnar verður fjölgað en kostnaður þess er um 100 til 150 milljónir á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Björgunarþyrlur sérsmiðaðar:

Hentugar þyrlur ekki til

GÆSLAN Nefnd á vegum dómsmála- ráðuneytisins leggur til að þrjár nýjar, stórar og langdrægar björgun- arþyrlur verði keyptar fyrir Landhelgisgæsluna á árunum 2010 til 2015. Þyrlan TF-LÍF, sú stærri í flotanum, verði seld en TF-SIF ekki.

Ákveðið hefur verið að leigja þyrlur fram að kaupunum því smíða þarf vélarar sem eiga að þola 300 mína flug, geta hífð 25 menn upp og flogið til baka og þó átt eldsneyti fyrir 30 mínútna flug eftir. Þær sem nú eru á markaðinum þykja svifa- seinar. Kostnaður er sagður um 1,8 milljarðar króna í norskum fjöl- miðlum. Útboð með norskum stjórn- völdum er mögulegt. - gæg



ÍSLENDINGAR KOMA HEIM FRÁ LÍBANON Nokkrir Íslendinganna sem sóttir voru til Sýrlands komu heim með flugi frá Kaupmannahöfn klukkan níu í gærkvöldi. Arndís Kjartansdóttir og fjölskylda hennar voru á meðal þeirra sem komu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Utanríkisráðherra segir Ísraelmenn ekki auka stöðugleikann í Mið-Austurlöndum: Ísraelar ganga mjög hart fram

UTANRÍKISMÁL Valgerður Sværis- dóttir utanríkisráðherra segir frá- bært til þess að vita að tekist hafi að flytja alla Íslendinga heilu og höldnu frá Beirút í Líbanon. Eftir því sem næst verði komist séu ekki fleiri Íslendingar eftir í landinu. Ekki verði um frekari aðgerðir íslenskra stjórnvalda að ræða við að flytja fólk af átakasvæðunum en Danir hafi óskað eftir að leigja héðan flugvélar til fólksflutninga.

Valgerður segist ekki hafa svör við því hvernig leysa eigi deiluna fyrir botni Miðjarðarhafs en ástandið þar hafi varað í ár og áratugi og heimurinn meira og minna bíði eftir niðurstöðu í málið. „Þetta er mjög alvarlegt mál og framganga Ísraelmanna, þó þeir hafi vissulega rétt til að verja sig, er mjög hörð og svo sannarlega ekki til þess að auka stöðugleikann á svæðinu.“

Sáttafulltrúar Sameinuðu þjóð- anna funduðu með fulltrúum Ísra- els í gær, en án mikils árangurs því hátt settur ísraelskur herforingi hótaði því í útvarpsviðtali í gær- kvöld að árásumum yrði haldið áfram í nokkrar vikur til viðbótar. Neyðarsveit SP mun fara til Líb- anon síðar í vikunni til að meta þörf hálftrar milljón manna sem flúið hafa heimili sín vegna átakanna. - bþs, smk / sjá síður 4, 8.

Sumarið loks komið: Bjart og hlýtt næstu daga

VEÐUR „Sólin fer að leika stærra hlutverk í okkar lífi á næstunni,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur sem spáir góðu veðri um allt land næstu vikuna.

„Það sem er að gerast er að það er að byggjast upp mjög völdugt og afgerandi hæðarsvæði yfir landinu,“ segir Sigurður. Hann segist gera ráð fyrir björtu og hlýju veðri, allt að tuttugu stiga hita, þegar nær dragi helginni. „Þessi góðviðraskafli getur varað eitthvað fram í næstu viku. Hægt er að segja að sumarið sé komið, enda ekki seinna vænna, því það er stutt í verslunarmannahelgina,“ segir Sigurður. - sþj

SHIMANO

hjóll

Alivio



Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun

2172/10.01



SPURNING DAGSINS

Friðfínnur, dúkka svona mál oft upp?

„Sem betur fer frekar sjaldan.“

Maður sem talinn var vera hættulega slas-
aður eða látinn í skriðu í Árnessýslu reyndist
vera dúkka í karlmanslíki, Randy að
nafni, sem notuð var við tókur á kvikmynd.
Friðfínnur Frey Guðmundsson sér um
aðgerðamáli hjá Landsbjörg.

Ísland með háa fæðingátíðni: Bætur hvetji til barneigna

AUSTURRÍKI, AP Mörg Evrópulönd hafa gripið til þess ráðs að hækka barnabætur til að hvetja fólk til að eignast fleiri börn. Ísland trónir á toppnum í Evrópu með 2,03 börn á hverja konu.

Í Austurríki fá foreldrar rúmar 41 þúsund krónur greiddar með yngsta barni þar til það verður þriggja ára gamalt og milli tíu og fimmtán þúsund á mánuði þaðan í frá eftir aldri barnsins. Í Frakklandi hefur fæðingarorlof verið lengt og bætur hækkaðar fyrir foreldra með sitt þriðja barn. - *sgj*



GRÍÐARLEGAR SKEMMDIR Indónesískur karlmaður ber eigur sínar framhjá húsi sem eyðilagðist í flóðbylgjunni á mánudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tala látinna hækkar:

350 létust í flóðbylgjunni

INDÓNESÍA, AP Tala þeirra sem létust í flóðbylgjunni sem reid yfir Jövu á Indónesíu á mánudag er komin yfir 340 og vara yfirvöld við því að fleiri muni líklega finnast láttnir á næstu dögum. Meðal hinna látna var sænskur karlmaður, en tvö sænsk börn fundust á lífi í gær.

Skemmdirnar eru gríðarlegar og hafa þúsundir misst heimili sín. Flóðbylgjuvarnakerfi er ekki til staðar á Jövu og því voru íbúar alls óviðbúnir. Flóðbylgjan kom um klukkutíma eftir að jarðskjálfti sem mældist 7,7 á Richter reid yfir. - *smk*

Öll olúfélög hafa hækkað eldsneytisverð vegna hækkingar heimsmarkaðsverðs: Ríkið heldur að sér höndum

ELDSNEYTISVERÐ Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að stjórnvöld muni ekki grípa til neinna ráðstafana vegna hækkingar eldsneytisverðs. Öll olúfélög hafa hækkað bensínlítra um þrjár krónur og 40 aura og dísilolíulítra um tvær krónur.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, lýsir furðu yfir fálæti stjórnvalda. „Miðað við meðalnotkun fjölskyldu þá hækka eldsneytisútgjöld um 50 til 70 þúsund krónur á einu ári miðað við þær verðbreytingar sem hafa orðið frá upphafi árs.“

Virðisaukaskattur af eldsneyti



BENSÍNI DÆLT Essó, Skeljungur og Ollis hækkuðu eldsneytisverð á mánudaginn og Atlantsolla fylgdi í kjölfarið í gær.

er hlutfallstala en Geir segir að þó felist ekki tekjauki fyrir ríkissjóð í hækkuðu eldsneytisverði. „Við höfum jafnan litið svo á að ef menn borga meira í virðisauka-

skatt af bensíni þá borga þeir minna í virðisaukaskatt af einhverju öðru eða minnka sína bensínnotkun.“ Geir segir að ekkert bendi til þess að þessi hækking á heimsmarkaðsverði sé tíma- bundin og því komi ekki til álita að stjórnvöld grípi til aðgerða.

Albert Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, segir miður að stjórnvöld komi ekki til móts við neytendur. „Í svona miklum hækkingum tókum við minni skerf en við annars myndum gera til að lína fallið en ríkið tekur allt af það sama. Á endanum eru það neytendur sem borga brúsann.“

- *sdg*

Sjóslýsið á Viðeyjarsundi:

Jónas áfrýjar til Hæstaréttar

DÓMSMÁL Jónas Garðarsson, sem dæmdur var í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðasta mánuði í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gálæysi, hefur áfrýjað dómnum til Hæstaréttar.

Jónas var eigandi skemmtibátsins Hörpu sem steytti á Skarfaskeri á Viðeyjarsundi í september í fyrra, með þeim afleiðingum að Friðrik Á. Hermannsson og sambýlskona hans, Matthildur Harðardóttir, létust. Jónas og kona hans slösuðust mikið en tíu ára gamall sonur þeirra slapp lítið meiddur úr slysinu.

- *mh*

Sprækur hundur:

Bjargaði barni af húspaki

BANDARÍKIN, AP Þýskur fjárhundur kom tveggja ára barni til bjargar í Bandaríkjunum þegar það klifraði út um glugga á annarri hæð og gekk eftir þaki hússins. Drengurinn litli hafði gengið eftir átta húsbökum þegar nágrennan heyrðu gelt og komu auga á hundinn, sem fylgdi stráknum á þökum húsananna. Var drengnum snarlega bjargað.

Faðirinn sagðist feginn því að sonur sinn væri heill á húfi en skammt sín fyrir atvikið. Hann sagði slysið vera sér að kenna, hann hefði haldið að drengurinn kæmist ekki út. - *sps*



VERÐMÆTASTA VERK RÍKISÚTVARPSINS Málverkið Sumardagur í sveit eftir Gunnlaug Scheving er samkvæmt mati forvarðar verðmetið á 16 milljónir króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Listaverk RÚV eru metin á 52 milljónir

Nefnd á vegum Ríkisendurskoðanda vinnur að mati á eignum Ríkisútvarpsins. Forvörður í Morkinskinnu verðmat listaverk í eigu stofnunarinnar. Hann telur þau eiga að vera á Listasafni Íslands. Hluti af ásjónu RÚV, segir útvarpsstjóri.

LIST Listaverk í eigu Ríkisútvarpsins eru metin á rúmlega 52 milljónir króna, samkvæmt mati sem Hilmar Einarsson, forvörður í Morkinskinnu, vann fyrir nefnd á vegum Sigurðar Þórðarsonar ríkisendurskoðanda. Nefndin vinnur að mati á eignum Ríkisútvarpsins en þeirri vinnu er ekki lokið ennþá.

Hilmar telur rétt að finna verkunum stað á Listasafni Íslands. „Ég tel að sum þessara verka, þá sérstaklega verkin eftir Gunnlaug Scheving, þurfi að setja upp á Listasafni Íslands. Það skiptir miklu máli að verkin séu á stað þar sem þau skemmast ekki og

njóta sín vel. Söfnin uppfylla þessi skilyrði best og það væri því eðlilegast að koma þessum verkum fyrir á safni.“

Páll Magnússon útvarpsstjóri segir ónaúðsynlegt að koma listaverkunum fyrir á safni. Hann telur menningarlegt hlutverk RÚV minnka ef verkin fái ekki að vera áfram á veggjum í húsnæði RÚV. „Listaverkin eru hluti af ásjónu Ríkisútvarpsins og menningarlegt gildi þeirra fyrir stofnunina er dýrmætt og mikilvægt. Ég sé ekki ástæðu til þess að koma verkunum fyrir á safni þar sem þau eru hluti af þeirri ásjónu sem ríkisútvarp þarf að hafa.“

Verkin hanga uppi á vegg í húsnæði Ríkisútvarpsins. Verk Gunnlaugs Scheving, Sumardagur í sveit, er samkvæmt matinu dýrasta verkið en það er metið á sextán milljónir króna. Aðrar tvær myndir eftir Gunnlaug, sem tilheyrja myndaröð er nefnist Sjávarútvegur, eru metnar á tólf milljónir króna hvor.

Önnur verk í eigu RÚV eru nokkuð verðminni, samkvæmt mati Hilmars. Verkið Útvarp eftir Kjarval er metið á 1,8 milljónir króna, en verk eftir Þorvald Skúlason og Guðrúnu Kristjánsdóttur, tvö talsins, á rúmlega eina milljón. *magnush@frettabladid.is*



ENDURBÆTUR Á ÞJÓÐLEIKHÚSINU Þessi mikla bygging eftir Guðjón Samúelsson fær nú loks það viðhald sem hefur þurft.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Endurbætur á Þjóðleikhúsinu: Klárast eftir ár ef allt fer vel

LEIKHÚS Endurbætur á húsnæði Þjóðleikhússins standa yfir þessa dagana. „Nú eru í gangi utanhúsviðgerðir sem snúa að þaki og yfirklaðningu,“ segir Tinna Gunnlaugsdóttir leikhússtjóri. „Við vonum að viðgerðum á þakinu ljúki í sumar, en verkpallar munu standa kringum húsið í vetur og næsta sumar verður klárað að gera við kápuna og steina húsið upp á nýtt.“

Viðgerðir hófust í vor, en húsið var farið að láta verulega á sjá. Að sögn Tinnu eru veittar 250 milljónir í verkið í fjárlögum. - *sgj*

Lögreglumennirnir sem skutu Jean Charles de Menezes ekki sóttir til saka:

Breska lögreglan ákærð

BRETLAND Manoel Gomes Perreira, sendiherra Brasilíu í Bretlandi, hefur sagt breskum stjórnvöldum að hann sé undrandi á því að enginn breskur lögreglumaður verði ákærður vegna drápsins á Brasilíumanninum Jean Charles de Menezes, sem lét lífið af völdum byssukúlna frá breskum lögreglumönnum á jarðlestastöðinni Stockwell í London hinn 22. júlí á síðasta ári.

Fréttastofa bresku sjónvarpsstöðvarinnar BBC skýrir einnig frá því að íbúar í Gonzaga, heima- bæ de Menezes í Brasilíu, séu furðu lostnir og reiðir vegna ákvörðunar breska ákæruvaldsins, sem tilkynnt var um á mánudag.

Ákæruvaldið í Bretlandi taldi ekki ástæðu til þess að ákæra lög-
reglumennina tvo, sem skutu á Menezes, þar sem þeir stóðu báðir



INNGANGUR LESTARSTÖÐVARINNAR Við einn inngang jarðlestastöðvarinnar hefur sérstakt svæði verið helgað minningu Brasilíumannsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

í þeirri trú að hann væri sjálfsmorðsárásarmaður með sprengjur innanklæða. Þeir töldu að hann myndi sprengja lestina og valda miklu manntjóni ef þeir kæmu ekki í veg fyrir það með því að skjóta hann.

Ákæruvaldið komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að lögreglan, sem stofnun, yrði ákærð fyrir brot á lögum um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum vegna þess að henni tókst ekki að tryggja heilbrigði, öryggi og velferð de Menezes. - *gb*

Grillkjötið frá Goða er heitast á grillið í sumar!

GOÐI
alltíð goðar



**HJÖRTUN SLÁ HRAÐAR
UM HELGAR!
SMS OG MMS Á 5 KR.**

**SMS & MMS
5 KR***
ALLAR HELGAR Í SUMAR



SONY ERICSSON W810i

35.980 kr.

Æðislegur tónlistarsími með frábærri myndavél fyrir sumarfilinginn.



SONY ERICSSON Z530i

17.980 kr.

Þessi uppfyllir allar þarfar þínar í sumar – með spilara, tölvutengingu og myndavél.



SONY ERICSSON Z300i

10.980 kr.

Litill og krúttlegur skjaldbókusími sem þjónar þér vel á sumarferðalögnum.

Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símanns.

GENGIÐ		GENGI GJALDMIÐLA 18.07.2006	
KAUP SALA			
	Bandaríkjadalur	75,54	75,9
	Sterlingspund	138,26	138,94
	Evra	94,76	95,3
	Dönsk króna	12,702	12,776
	Norsk króna	11,954	12,024
	Sænsk króna	10,245	10,305
	Japanskt jen	0,6462	0,65
SDR		110,93	111,59
Gengivísitala krónunnar 131,5229			
<small>HEIMILD: Seðlabanki Íslands</small>			

Íslensk kona og líbanskur eiginmaður hennar ná ekki sambandi við fjölskylduna:

Vonast eftir friðsemi og ró

LÍBANON Andrea Hólm og maður hennar, Hassan Jami Chahla, hafa ekki enn náð sambandi við nánuustu fjölskyldu hans sem býr í þeim hluta Beirútborgar þar sem árásir Ísraels hafa aukist dag frá degi að undanförmu. Andrea og Hassan Jami eru stódd hér á landi í sumarfríi, en eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hefur þeim ekki tekist að ná sambandi við nána fjölskyldu-meðlimi eiginmanns Andreu. „Við höfum reynt að ná sambandi við fjölskylduna en án árangurs. Það hafa þó einhverjir fengið að leita skjóls í íbúðinni okkar, sem er í hverfi þar sem átök hafa ekki

verið eins mikil og í öðrum hluta borgarinnar. Við vonum það besta en því miður erum við ekki viss um að farsæl lausn náist í þetta skiptið, þar sem ágreiningurinn er svo djúpstæður,“ segir Andrea. Mikil óvild hefur ávallt ríkt á milli Líbana og Ísraelsmanna en Andrea segir óvildina hafa stigmagnast með vaxandi styrk árása Ísraels hers á byggð í Líbanon. „Reiðin hjá íbúum í Líbanon í garð Ísraelsmanna hefur alltaf verið mikil en ég er hrædd um að ástandið núna verði ekki auðleyst. Vonandi grípur alþjóðasamfélagið inn í atburðina. Það er hrikalega erfitt að fylgjast með þessum hörmung-



ANDREA HÓLM ÁSAMT FJÖLSKYLDU Nánasta fjölskylda eiginmanns Andreu býr á áttaksvæðum í Líbanon. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

um,“ segir Andrea en óvíst er hvernær þau hjónin komast til Líbanon ásamt börnum sínum fjórum. - mh

Endurskoðandi KB banka:

Átján ára mál rannsakað

LÖGREGLA Innri endurskoðandi KB banka sætir nú lögreglurannsókn fyrir að hafa notað skjal frá útlánaeftirliti Búnaðarbankans til að gera kröfur við gjaldprot Stokkfiðs. Eigandi fyrirtækisins kærði málið í nóvember í fyrra eftir að Fjármálaeftirlitið hafði komið athugasemdir við efni skjalsins. Í yfirlýsingu frá KB banka segir að málið megi rekja til ársins 1988. Fjármálaeftirlitið telji ekki tilefni til að afhafast í því, kærán sé tilhæfuleg og að eigandi Stokkfiðs hafi oft höfðað slíkt mál gegn bankanum en jafnan fallið frá málsókn að eigin frumkvæði.

- sh

Piltur kærður fyrir nauðgun:

Einn sá yngsti frá upphafi

LÖGREGLA Pilturinn sem kærður hefur verið fyrir að nauðga sextán ára gamalli stúlku á sunnudagskvöldið er einn sá yngsti sem kærður hefur verið fyrir þess háttar brot, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík og Barnaverndarstofu.

Tveir félagar piltins, sem er fimmtán ára gamall og því rétt innan marka þess að teljast sakhafur, voru einnig kærðir til lögreglu fyrir að koma ekki stúlkunni til hjálpar þegar ráðist var á hana í aftursæti bifreiðar sem var í eigu félaga þeirra, sem ekki var í bifreiðinni. Sakhæfisaldur er fimmtán ára.



FLUGVIKARJAR AIR ATLANTICA ICELANDIC Flugvirkjar Markús Sigurjónsson, Guðmundur Karl Guðmundsson og Már Þórarinnsson, við rútuna sem flutti Íslendingana frá Beirút til Damaskus í Sírylandi. Rútan er rækilega merkt finnskum stjórnovöldum, sem stóðu fyrir farþegaflutningunum til Damaskus. MYND/MÁR

Ferðin frá Líbanon gekk vonum frammar

Íslendingarnar sem utanríkisráðuneytið flutti frá áttaksvæðum í Líbanon lentu heilir á höldnu í Kaupmannahöfn í gær. Vel gekk að koma fólki frá Beirút til Damaskus. Stóðu vel að fólksflutningum frá Líbanon, segir Már Þórarinnsson.

LÍBANON Flugvél Air Atlantica Icelandic, sem utanríkisráðuneytið leigði til þess að flytja Íslendinga og fjölda annarra Norðurlandabúa frá Damaskus í Sírylandi til Kaupmannahafnar, lenti í Kaupmannahöfn um hádegisbilið í gær. Samkvæmt upprunalegum áætlunum utanríkisráðuneytisins átti vélin að lenda milli átta og níu. Íslendingarnir dvöldu í sendiráðsbústað finnska sendiherrans í Damaskus í Sírylandi. Már Þórarinnsson, einn Íslendingana sem fóru með rútu á vegum finnskra yfirvalda frá Beirút til Damaskus í fyrradag, segir það mikinn létti að vera kominn frá áttaksvæðum í Mið-Austurlöndum en árásir Ísraels hers á Líbanon hafa harðnæð undanfarna daga. „Við fundum öll fyrir því að spennan væri að

aukast á þessu svæði þar sem við vorum og það var orðið ónotalegt að finna fyrir sprengjuárásunum færast nær manni dag frá degi.“ Rútuferð Íslendinganna frá Beirút til Damaskus gekk vel en hún var skipulögð af finnskum yfirvöldum. Már segir finnska sendiherrann hafa sýnt farþegunum sem komu með rútnum til Damaskus mikla gestrisni. „Það var gott að komast í finnska sendiráðið. Þar var þjónusta finnskra yfirvalda til fyrirmyndar. Við fundum fyrir miklum létti þegar til Damaskus var komið. Það hefði verið afar óþægilegt að dvelja mikið lengur í Líbanon, vegna þess hversu harðar árásirnar voru orðnar.“ Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, segist ánægður með hvernig til hafi tekist með fólksflutningana. „Ég

held það sé ekki hægt að ætlast til að flutningar gangi mikið betur. Nánast hnökralaust gekk að koma fólkinu til Kaupmannahafnar, og síðan áfram til Íslands.“ Íslensk stjórnvöld bera ein kostnaðinn af ferð flugvélarinnar frá London til Damaskus, og þaðan til Kaupmannahafnar, en mikill meirihluti farþega í fluginu kom frá Norðurlöndum. Icelandair bauð íslensku farþegunum sem komu til Kaupmannahafnar að fljúga með kvöldvél félagsins til Íslands í gær. Hluti þeirra páði það en tveir af flugvirkjunum Air Atlantica komu til landsins með flugi seinna um kvöldið. Einn flugvirkjana þriggja býr í Frakklandi og flaug því ekki með félögum sínum til Íslands.

magnush@frettabladid.is



SLÖKKVISTARF Fjölmargir slökkviliðsmenn voru sendir á vettvang í gær.

Eldur í Áburðarverksmiðjunni: Þrír dælubílar sendir í verkið

BRUNI Eldur kviknaði í vöruskemmu við Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi í gærmorgun. Skemman er fyrrum áburðarverksmiðjun og hefur verið í eigu gámafélags og í henni hefur sorp frá iðnfyrirtækjum verið flokkað. Mikinn reykt lagði frá eldinni og sendi Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins þrjá dælubíla á staðinn og tæplega tuttugu slökkviliðsmenn. Greiðlega gekk að slökkva eldinn. Að sögn slökkviliðsins voru engin eitrefni í skemmunni og því aldrei mikil hættu á ferðum. Eldsupptök eru ókunn. - sh

Skipasamgöngur í Eyjum:

Leit hafin að skipi erlendis

SAMGÖNGUR Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur gefið vegamálastjóra heimild til að leita að skipi erlendis sem tekur við af Herjólfu meðan hann er í reglubundnu viðhaldi í Danmörku. Áður hafði verið áætlað að flóaskipið Baldur leysti ferjuna af en Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, sætti sig ekki við það og bað um fund með vegamálastjóra. Niðurstaða hans var sú að leit skyldi hafin að skipi erlendis til þess að sigla í staðinn fyrir Herjólf.

„Við erum ánægð með þessa niðurstöðu, bæði er Baldur of lítill og aðkoman ekki sæmandi fyrir jafn þjónustufrekan markað og í Eyjum,“ segir Elliði.

Lög um fósturstofnfrumur: Bush beitir neitunarvaldi

WASHINGTON, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti hyggst beita neitunarvaldi gegn lögum um fósturstofnfrumur, sem Bandaríkjaþing hefur samþykkt og sent forsetanum til undirritunar.

Samkvæmt lögnum yrði heimilt að rannsaka stofnfrumur, svo fremi sem þær væru fengnar úr fósturvísunum sem verða til við frjósemisaðgerðir og hefði hvort eð er verið hent í ruslið. Bush beitir neitunarvaldi sínu nú í fyrsta sinn, en forverir hans í embætti beittu því sumar hverjir oft og mörgum sinnum. - gb

NOREGUR

Beit eyrað af Pólverji lenti í slæmum málum á bar í Oslo í Noregi á dögunum. Rifildi við Norðmann nokkum á barnum endaði í handalögum og beit Norðmaðurinn eyrað af Pólverjanum í þeim átökum. Mennirnir þekktust lítið, en höfðu eytt kvöldinu í að drekkja fjölmarga bjóra, kemur fram í frétt Aftenposten.

BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY WAGON
Nýskr 11.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 5 þús km. - Allt að 100% lán.

Verð 2.520.000,-

50.000kr. af bensini fylgja öllum notuðum bílum

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

BJARTAR VONIR VAKNA
Þessi fyrirsögn vísar til þekktrar vísu. Þessi texti á ágætlega við nána þegar senn birtir yfir landinu og sólin verður fyrirferðarmeiri. Þó verður að segja að Suðaustur- og Austurland verða að líkindum heldur þungubúin en annars staðar ætti að verða ýmist hálfskýjað eða léttskýjað. Hætt er við hægloga víða um land og þar sem hún gerir sig gildandi verður mun svalara og hún getur dregið ský á himin.

VEDURHORFUR Í BORGinni
Hægviðri. Hálskýjað eða léttskýjað. Hlýtt í veðri.

um hádegi >>

Kaupmannahöfn	25°C léttskýjað	London	33°C léttskýjað
Billund	24°C léttskýjað	Paris	35°C léttskýjað
Oslo	23°C léttskýjað	Frankfurt	34°C léttskýjað
Stokkhólmur	19°C léttskýjað	Friedrichshafen	26°C léttskýjað
Gautaborg	22°C léttskýjað	Berlín	32°C léttskýjað

um hádegi >>

Alicante	31°C léttskýjað
Mallorca	29°C léttskýjað
Algarve	29°C léttskýjað
Krít	28°C léttskýjað
Las Palmas	25°C heiðskirt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

XL-7 DIESEL Á GAMLA GÓÐA VERÐINU: 3.050.000

Aðeins fáeinir bílar í boði

Suzuki XL-7 er einstaklega vel búinn 7 manna jeppi, byggður á grind með háu og lágu drifi, búinn öflugum en sparneytnum bensín eða dieselvélum.

Glæsileg innrétting og staðalbúnaður gera góðan bíl og aksturinn ánægjulegan.



XL-7 Diesel:
Eyðir aðeins 8,0 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri




SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF. SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 51 00.
www.suzukibilar.is



GRAND VITARA XL-7



KJÖRKASSINN

Hefur þú skipt um starf á þessu ári?

Já	72,8%
Nei	27,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Brást ríkisstjórnin rétt við gagnvart Íslendingunum í Beirút?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Konu dæmd ein milljón króna í bætur frá ríkinu vegna mistaka við fæðingu:

Fær ættleiðingu ekki greidda

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt konu eina milljón króna í bætur frá ríkinu vegna læknastaka en vísaði hins vegar frá bótakröfu hennar vegna fyrirhugaðrar ættleiðingar barna frá Kína.

Læknir sagði konunni að rembast um of við fæðingu fyrsta barns síns árið 1999. Fæðingin gekk ekki sem skyldi og þurfti að taka barnið með keisaraskurði tveimur dögum síðar. Í kjölfar keisaraskurðarins komu í ljós áverkar sem urðu til þess að fjarlægja þurfti leg konunnar. Viðurkennt var með dómi að mistök hefðu átt sér stað og var konunni

því dæmd ein milljón króna í bætur.

Konan fór einnig fram á það að fá bætur vegna ættleiðingar tveggja barna frá Kína. Mistökin ollu því að hún gat ekki eignast fleiri börn þótt hún hefði ætlað sér að eignast tvö til viðbótar, og sagðist hún þegar hafa hafið undirbúning að ættleiðingu eins barns.

Héraðsdómur viðurkenndi að undirbúningur að ættleiðingu væri hafinn en hafnaði kröfunni vegna þess að enn væri óvíst að af ættleiðingunni yrði og því væri hugsanlegur kostnaður og tekjutap ókomnum atburðum og ekki hægt að leysa úr málinu að svo komnu. -sh



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Fjarlægja þurfti leg konunnar eftir keisaraskurð sem olli því að hún gat ekki eignast fleiri börn.

Rafmagníð fór á Suðurlandi:

Flutningabíll sleit raflínur

RAFMAGNISLEYSI Rafmagn fór af nokkrum húsum í nágrenni við Selfoss í gærmorgun eftir að flutningabíll sleit raflínu á Suðurlandsvegi. Var bíllinn á leið eftir veginum með pallinn uppi og krækti í raflínuna með þeim afleiðingum að allir þrír vírarnir slitnuðu.

Ráðist var í viðgerð um leið og bilunin kom upp og var rafmagníð komið aftur á um hádegisbil. Samkvæmt upplýsingum frá RARIK á Hvolsvelli gekk viðgerðin vel en mikil umferð var á svæðinu sem tafði lítilega fyrir viðgerðarmönnum. Lögreglan á Selfossi aðstoðaði þó viðgerðarmenn við að halda umferðinni frá staðnum. -at

Kristinn H. Gunnarsson:

Lækkun verðs eykur þenslu

STJÓRNMÁL Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokks, undrast starf ríkisstjórnarinnar sem miðar að því að lækka verð á matvöru. Slíkt gangi gegn aðgerðum til að mæta aukinni þenslu í samfélaginu. Kristinn ritar grein um þessar vangaveltur sínar á vef sínum, kristinn.is.



KRISTINN H. GUNNARSSON

Spurður um þessar bollaleggingar Kristins svaraði Geir H. Haarde forsætisráðherra: „Þetta er athyglisvert sjónarmið.“ -bjps

Samtök ferðapjónustunnar:

Ánægð með nýja skýrslu

MATVÆLAVERÐ Samtök ferðapjónustunnar fagna skýrslu matvæla-verðsnefndar forsætisráðherra. Í fréttatilkyppingu frá samtökunum er þó lýst yfir vonbrigðum með að ekki hafi náðst samstaða í nefndinni.

Einnig kemur fram að nauðsynlegt sé að jafna og einfalda skattkerfið. Skorað er á ríkisstjórnina að koma þessum málum jafnt almennings sem atvinnulífsins í viðunandi horf sem allra fyrst. -sjps

LÖGREGLUFRETTIR

Öryggi barna í fyrirrumi Lögreglan á suðvesturhorni landsins hóf í gær átak til að fylgjast með öryggisbúnaði barna. Verður sérstaklega athugað í reglubundnu eftirliti að öryggi barna sé haft í fyrirrumi, þau séu í bílstólum og með bílbelti.



GEIR H. HAARDE Forsætisráðherra að loknum ríkisstjórnarfundum í gærmorgun. Hann er ekki hrifinn af hugmyndum sem fela í sér lækkun gjalda á sælgæti og gosdrykki. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Óvíst að lægri gjöld skili sér til neytenda

Forsætisráðherra segir ekki víst að þótt skattar á matvöru lækki hafi það áhrif til verðlækkunar. Ígildi skattsins gæti runnið eitthvað annað. Skýrsla matvæla-verðsnefndar forsætisráðherra var rædd á fundi ríkisstjórnarinnar í gær.

MATVÆLAVERÐ Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til einstakra þátta skýrslu formanns matvæla-verðsnefndar en hún var til umræðu á fundi stjórnarinnar í gærmorgun. Þær hugmyndir sem koma fram í skýrslunni - og þá aðgerðir til að lækka matarverð - verða áfram til umfjöllunar stjórnarinnar, undir forystu forsætisráðherra og verðar mögulegar leiðir skoðaðar, meðal annars með hlidsjón af svigrúmi ríkissjóðs.

Geir var fámáll um einstök atriði skýrslunnar en sagði þó að ríkisstjórnin væri ekki hrifin af hugmyndum sem fælu í sér lækkun gjalda á sælgæti og gosdrykki, enda mætti deila um hvort slíkar vörur væru matvæli. Benti hann aukinheldur á að þótt skattar á sælgæti yrðu lækkaðir væri ekki tryggt að útsöluverðið til neytenda lækkaði. „Skattarnir eru ekki endilega úrslitabáttur varðandi verðlagningu. Auðvitað skipta þeir máli en það eru önnur atriði, eins og samkeppnisumhverfi á markaðnum, sem skipta máli.“ Máli sínu til stuðnings sagði Geir markaðsástand ráða miklu um verðlagningu, sælgæti seldist ágætlega í dag á háu verði og ekkert segði að það myndi ekki gera það áfram og ígildi skattsins renna eitthvað annað. Framleiðendur, heildsalar og smásalar gætu sum sé hirt skattalækkunina.

Í skýrslu formanns matvæla-verðsnefndar kemur fram að lækkun verndartolla búvara um helming myndi fylgja fjörutú þúsund króna lækkun matarreik-

ings heimilanna á ári. Afnáam þeirra þýddi svo áttatíu þúsund króna lægri reikning. Geir vill ekkert láta uppi um hvort verndartollarnir verði skoðaðir sérstaklega. Hins vegar sagði hann áreiðanlega margt í landbúnaðarkerfinu sem betur mætti fara. „Ég vil standa vörð um íslenskan landbúnað og það vill minn flokkur gera og hefur alltaf gert. Og stjórnarflokkarnir eru í sjálfu sér ágætlega samstíga um það.“

Bændur eru ekki til viðræðu

um stórstígar breytingar á verndarkerfinu en Alþýðusambandið er mjög áfram um að það verði skorið upp. Geir sagði þessi sjónarmið afar ólík og mikilvægt að finna sáttagrundvöll. „Það þýðir ekki að ætla að vaða yfir tilteknar atvinnugreinar með einhverjum þjónskap.“ Á hinn bóginn benti hann á að unnið væri að breytingum á tollamálum á alheimsvísu sem ná myndu til Íslands.

bjorn@frettabladid.is

Það er fleira dýrt en maturinn

„Það liggur fyrir að á vegum Alþjóðavíðskiptastofnunarinnar er unnið að því að semja um tolla og innlandsstuðning og þar liggur landbúnaðurinn undir,“ sagði Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra eftir fund ríkisstjórnarinnar í gærmorgun þar sem rætt var um skýrslu formanns matvæla-verðsnefndar.

Guðni segir að aðgerðir hér heima verði að taka mið af því sem gerist í alþjóðlegum samningum en farið verði yfir skýrslu formannsins og leiða leitað sem komið geti til góða fyrir íslenska neytendur. Í því sambandi verði horft til matarskattsins, tolla, tollíggilda og vörugjaldanna. Hins vegar býst hann ekki við að skattur á gos, sælgæti og aðra óhollustu verði lækkaður.

En Guðni horfir ekki aðeins til matvörunnar þegar verðlag er annars vegar. „Matarverð er hlutfallslega



GUÐNI ÁGÚSTSSON Landbúnaðarráðherra segir Ísland vera dýrt land og það beri leiða til að lækka verð á mörgum sviðum.

ekkt hærra hér en verð á öðrum vörum sem snúa að hag heimilanna. Við sjáum það á lyfjaverði, fataverði og mörgum nauðsynjum. Ísland er dýrt land og það ber að leita leiða til að ná niðurstöðu um einhverja lækkun á mörgum sviðum.“ -bjps

Eitt með öllu!

Léttbyggt hjólhýsi með fortjaldi á ótrúlegu verði

Verð frá
kr. 1.180.000.-
Frábær greiðslukjör

Helstu mál:
lengd á húsi 305 cm
breidd 195 cm
hæð 181 cm
þyngd 750 kg



Hjólhýsunum fylgja: Fortjald 2 x 3,5 m • 5 kg gaskútur með þrýstjafnara Hjólagrind fyrir tvö hjól • Vardekk • Tröppur • Tengikapall 220 volt

VÉLARÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi

Hjólhýsi tilbúin til afhendingar strax!



Eigum ýmsar gerðir af **TABBERT**
hjólhýsum tilbúin til afhendingar strax.
Komdu og kynntu þér úrvalið!

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200



Tökum upp hanskann fyrir Reykjavík

**- fegrunaráttak
í Breiðholti**

Reykjavík er falleg borg.
En lengi getur gott batnað og þess
vegna hefur borgarstjórnin búið til
áætlun um fegrun Reykjavíkur.
Áætlunin byggist á því að einbeita
sér að einu hverfi borgarinnar í einu
og virkja íbúa til að taka þátt í að
fegra sitt nánasta umhverfi.

Laugardaginn 22. júlí hefst átakið
með fegrun Breiðholts þar sem íbúar
munu ganga til liðs við borgarstarfs-
menn og aðstoða þá við að snyrta
hverfin, tína rusl, hreinsa veggjakrot,
leggja torfur, hnýta net, kantskera,
sópa og bæta girðingar.

Allir, jafnt fyrirtæki, stofnanir sem og
íbúar í Breiðholti, eru hvattir til að
láta ekki sitt eftir liggja. Hrein og
fögur Reykjavík er metnaðarmál allra
borgarbúa og nú er lag að láta
hendur standa fram úr ermum.

**Gerum okkur glaðan dag og
tökum upp hanskann fyrir Reykjavík**

Dagskrá: Fegrun Breiðholts 22. júlí

Kl. 11.00

Átakið hefst á þremur stöðum á sama tíma,
í neðra Breiðholti við Breiðholtsskóla, í
Fella- og Hólahverfi við Breiðholtslaug við
Austurberg og í Seljahverfi við Hólmasel.

Kl. 16.00–17.00

Deginum lýkur svo á sömu stöðum þar
sem fjölskyldur fagna vel heppnuðum
degi. Boðið verður upp á veitingar og
skemmtiatriði.



Reykjavíkurborg



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hve margir bíða eftir meðferð á verkjasviði Reykjalundar?
- 2 Í hvaða landi er Damaskus?
- 3 Við hvaða starfi tekur Ása L. Aradóttir í haust?

SVÖRIN ERU Á Síðu

Ekkert lát á árásum ísraelska hersins á Líbanon:

Búist við langvinnu stríði

JERUSALEM, AP Nú af hverjum tíu Ísraelum telja árásur ísraelska hersins á Líbanon eiga fullan rétt á sér, samkvæmt ísraelskri skoðanakönnun sem birt var í gær. Sextíu prósent aðspurðra Ísraela eru þeirrar skoðunar að herinn eigi að halda árásum áfram þangað til Hizbollah-samtökum í Líbanon hefur verið tortímt.

Ólíklegt þykir að ísraelsk stjórnvöld ætli sér að hætta hernaðaraðgerðunum í bráðina og virðast þau reikna með langvinnu átökum. Í gær tóku þau þó undir tillögur frá Sameinuðu þjóðunum um að fjölgað verði til muna í alþjóðlegum friðargæsluveitum í

suðurhluta Líbanons. Þau virðast einnig hafa fallið frá því skilyrði sínu fyrir friðarsamningum að vopnaðar sveitir Hizbollah-samtökanna verði fyrst lagðar niður.

Í gær fórust ellefu líbanskir hermenn í árásum ísraelska hersins og flugskeyti frá Hizbollah urðu einum ísraelskum manni að bana í ísraelska bænum Nahariya. Alls hafa átökin kostað meira en 230 manns í Líbanon lífið og eru langflestir þeirra óbreyttir borgarar. Flugskeyti sem Hizbollah-samtök hafa skotið yfir til Ísraels hafa orðið þrettán manns að bana, en tólf ísraelskir hermenn hafa einnig fallið í átökunum. -gb



HÆTTA SÉR ÚT ÚR SKÝLI Þessir Ísraelar byrjuðu á að kanna aðstæður í gær þegar þeir hættu sér út úr skýli í bænum Nahariya, skammt frá staðnum þar sem flugskeyti frá liðsmönnum Hizbollah varð manni að bana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Níu ára gamall drengur:
Læsti sjálfan sig í skottinu

LÖGREGLA Níu ára gamall drengur í Vestmannaeyjum kom sér í ógöngur í síðustu viku þegar hann læsti sjálfan sig inni í farangursgeymslu bíls. Ekki vildi betur til en svo að hann var sjálfur með lykllana að bílnum í vasnum og bíllinn var harðlæstur.

Lögreglan í Vestmannaeyjum kom drengnum til hjálpar og tókst liðsmönnum hennar að opna skott bílsins og hleypa pilti úr þrúundinni. Að sögn lögreglu var hann frelsin afar feginn.

Ekki fer neinun sögum af því hvað drengurinn vildi ofan í farangursgeymsluna.

-sh

Chirac um innflytjendamál:

Varar við þróuninni í Afríku

FRAKKLAND Forseti Frakklands, Jacques Chirac, varaði við því í viðtali á föstudag að Afríkubúar myndu flæða yfir jörðina ef ekkert yrði að gert til að þróa efnahag heimsálfunnar. Í sjónvarpsviðtalinu sagði forsetinn að um helmingur allra 950 milljóna Afríkubúa væri undir sautján ára aldri og að árið 2050 yrðu Afríkubúar orðnir tveir milljarðar talsins.

„Ef við stuðlum ekki að þróun Afríku munu Afríkubúar flæða yfir heiminn,“ sagði Chirac. Fyrr í vikunni sagði innanríkisráðherra Frakklands að varlega þyrfti að fara svo landið yrði ekki víggirt, til þess eins að verjast innflytjendum. -sgj

Dómstóll neitar að banna framboð flokks:

Níðingar í framboð

HOLLAND, AP Hollenskur dómstóll neitaði á mánuðag að banna stjórnmálaflokk barnaníðinga, sem berst fyrir því að kynlífsaldur verði lækkaður niður í tólf ár úr sextán árum. Dómarinn sagði það vera rétt kjósenda að dæma um lögmæti stjórnmálaflokka.

Ad van den Berg, 62 ára gjaldkeri flokksins, sagðist ekki hissa á úrskurðinum. „Við erum ekki að gera neitt ólögmætt, svo það er engin ástæða til að stöðva okkur.“

Van den Berg var dæmdur árið 1987 fyrir kynferðisofbeldi gegn ellefu ára dreng, en slapp með sekt og skilorðsbundinn dóm. Hann var hrakinn burt frá hjólhúsgarðinum þar sem hann bjó þegar í ljós kom



MARTHIN UITTENBOGAARD Formaður Flokks bræðralags, frelsis og fjölbreytni.

að hann var í flokknum.

Ritari flokksins, sem er 28 ára, var rekinn úr háskóla, þar sem hann lærði uppeldisfræði, þegar þáttur hans í málinu kom í ljós.

Flokkurinn, sem kallast Flokkur bræðralags, frelsis og fjölbreytni, inniheldur einungis þrjá meðlimi sem vitað er um. Ólíklegt er talið að hann nái þingsæti, en til þess þyrfti hann um 60.000 atkvæði. Skoðanakannarir sýna að hann fengi færri en þúsund.

Lögmaður andstæðinga flokksins segir flokkinn misnota málfrelsið og særa alla þá sem hafi orðið fyrir barðinu á kynferðislegu ofbeldi. -sgj



FRÁ FUNDINUM Bush: „Það sem þeir þurfa að gera er að fá Sýrland til að fá Hizbollah til að hætta þessu kjaftæði og þá er þetta búið.“

NORDICPHOTOS/AFP

Bush og Blair töluðu af sér

Á G8-fundinum náðist á band einkasamtal George W. Bush og Tony Blair um ástandið í Líbanon. Þar kveður við annan hljóð en í opinberum yfirlýsingum þeirra. Hluti samtalsins fer hér á eftir.

Bush: Hvað með Kofi Annan? Ég kann ekki við röð hlutanna. Hans viðhorf er í grunninn bara „vopnahlé“ og að allt annað bjargist [að sjálfu sér].

Blair: Já, nei ég held að [óskýrt] sé afar erfitt. Við getum ekki stoppað þetta nema með samþykki fyrir alþjóðaher þarna.

Bush: Já.

Blair: Ég veit ekki hvað þið hafið talað um en eins og ég segi, þá er ég meira en til í að reyna að sjá hvernig landið liggur, en það þarf að gerast með hraði því annars mun þetta magnast upp.

Bush: Já, hún fer. Ég held að Condi [Condoleezza Rice] ætli að fara bráðum.

Blair: Það skiptir öllu máli. En, það tekur svölittinn tíma að koma [herliðinu] þaðan aftur.

Bush: Já, já.

Blair: En að minnsta kosti gefur það fólk...

Bush: Það er farvegur, ég er sammála. Ég sagði henni frá tilboðinu þínu líka...

Blair: Tja ... það er nú bara ef hún ætlar eða ef hún þarf jarðveginn undirbúinn eða þannig, eða ef hún fer þangað, þá verður hún að skila árangri, þannig séð, aftur á móti get ég farið þangað og bara spjallað.

Bush: Sjáðu til ... það sem er

kaldhæðnislegt er að það sem þeir þurfa að gera er að fá Sýrland til að fá Hizbollah til að hætta þessu kjaftæði og þá er þetta búið.

Blair: [Óskýrt]

Bush: [Óskýrt]

Blair: Sýrland.

Bush: Hvers vegna?

Blair: Vegna þess að ég held þetta sé allt hluti af sama málinu.

Bush: Já.

Blair: Hvað heldur hann? Hann heldur að ef allt verði í lagi í Líbanon, ef við fáum lausn í Ísrael og Palestínu, og Írak þokist í áttina, þá hafi honum tekist þetta.

Bush: Já, hann er sætur.

Blair: Og um það snýst þetta allt saman, það er eins og Íran.

Bush: Mig langar til að segja Kofi að hringja í Assad [forseta Sýrlands] og láta eitthvað gerast.

Blair: Já

Bush: [Óskýrt]

Blair: [Horfir á hljóðnemann.]

Bush: Við erum ekki að kenna Ísrael um þetta og við erum ekkert að kenna líbónsku ríkisstjórninni um ...

Blair: Er þetta ...? [Bankar í hljóðnema og slettur.]

klemens@frettabladid.is

FORESTER

Þrír bílar í einum. 2.590.000 kr.

Júlpakki: 180.000 kr.

Aukahlutapakki fylgir með í júlí á meðan birgdir endast. Upphækkun, heilsársdekk og 16" álfelgur.

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 lítra - 158 hestöfl, fjór hjóladrif, hiti í speglum, hraðastíllir (PLUS), hiti í sætum (PLUS), hiti í framrúðu (PLUS), sjálfvirk loftkæling (PLUS), kastarar í stúðara (PLUS), sóllúga (LUX), aðgerðastýri (LUX) og leðurinnrétting (LUX).

Subaru Forester er mun öflugri en margir stærri jeppar en samt lipur og léttur í akstri líkt og fólksbíll. Forester var valinn dráttarbíll ársins í Hollandi og hentar því vel fyrir fellihýsi og tjaldvagna. Í Rússlandi var hann valinn jepplingur ársins og bíllinn með minnstu bilanatíðnina í Þýskalandi. Á Íslandi er hann ódýrasti sjálfskipti jepplingurinn á markaðnum í dag.

www.subaru.is

Forester 2.590.000,- Forester PLUS 2.790.000,- Forester LUX 3.090.000,-

SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason	Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is	Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00.		
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Njarðvík 421-8908	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reykjavíki 474-1453

SAMSUNG

Dyrnar

að þínum draumum



Skápar til innbyggingar Rústfrítt stál og ál

SAMSUNG



RS21KLSR - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í skápnunum til að afþýða eða hraðkæla.
299.900,-



RS21KLAL - Ál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í skápnunum til að afþýða eða hraðkæla.
329.900,-

RS21KCSM
Lakkað Stál.
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í skápnunum til að afþýða eða hraðkæla.
249.900,-

Stál, kámfríur

SAMSUNG

RS21DASM
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
209.900,-



SAMSUNG
kæli- og frystiskápar

Hvítir kæli- og frystiskápar

SAMSUNG



RS21NASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og LCD stjórnborð.
139.900,-



RS21DASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
179.900,-



RS21FASV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
199.900,-



RS21KCSV Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihölf í skápnunum til að afþýða eða hraðkæla.
229.900,-

Einfaldir kæli- og frystiskápar

SAMSUNG



RL36EBSW Hvítur
182 cm á hæð kælir og frystir
69.990,-



RL39EBSM Stál lakkaður
192 cm á hæð kælir og frystir
89.990,-



RL39WBSW Hvítur
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn
89.990,-



RL39WBMS Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn.
99.990,-

Umboðsmenn:

Suðurland: Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.

Vesturland: Model Akranesi.

Vestfirðir: Pristur Ísafirði.

Norðurland: Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.

Austurland: Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

RÁDIO NAÚST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000



ORMSSON

SMÁRALIND
Sími 530 2800
LÁGMÚLA 8
Sími 530 2800

Sumarið er tíminn...

HAD

HÖFUÐKLÚTAR
kr. 1.295

SÓLGLERAUGU
Verð frá kr. 995

STAFGÖNGUJAKKI
kr. 7.995

MIKIÐ ÚRVAL AF:
- POTTASETTUM
- GASLJÓSUM
- PRÍMUSUM

CAST SUPERLITE
göngustafir.
Þrístækkanlegir með
hertum oddi,
svamphandfangi og
svampföðrum niður á staf
Verð frá kr. 3.995

MIKIÐ ÚRVAL AF DÝNUM OG
ÖÐRUM FYLGILUTUM Í FERÐALAGIÐ

2 og 4 manna tjöld
Verð frá kr. 7.995

Fjölskyldutjöl á
frabæru tilboði
með 4000mm
vatnsheldni.

Hnjúkur
GÖNGUSKÓR
Stærðir 42-48
Kr. 19.995

ICE

GÖNGUBUXUR
Verð frá kr. 7.995

STAFGÖNGUSTAFIR
Tilboðsverð kr. 2.995

BAKPOKAR
Mikið úrval af
bakpokum
frá Karrimor
og Aztec

KARRIMOR

AZTEC

Nýja
SKÁTABUÐIN
- FERÐAVERSLUN -

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727
www.skatabudin.com

Brjóstakrabbamein:

Ungar konur illa upplýstar

BRETLAND Nýlegar rannsóknir sýna að konur virðast illa upplýstar um þá lífnaðarhætti sem geta valdið brjóstakrabbameini, að því er segir á fréttavef BBC.

Yfir 10.000 konur frá 23 löndum tóku þátt í rannsókninni. Um helmingi þátttakenda virtist vera ljóst að erfðir kynnu að hafa áhrif. Mun færri vissu hins vegar að atriði eins og aldur, áfengisneysla og offita eru einnig áhrifaþættir.

Niðurstöður rannsóknarinnar valda vísindamönnum töluverðum áhyggjum, en aðeins háskólanemar voru spurðir. Þeir segja útkomuna sýna að upplýsingar um skaðsemi



PREIFAÐ Á BRJÓSTUM Unga kynslóðin fær litla fræðslu. Tiltekinn lífnaðarháttur hafi ekki komist til skila hjá ungu kynslóðinni með viðunandi hætti. -rve



LISTAHÁSKÓLINN Rektor Listaháskóla Íslands segir erlenda nemendur í sívaxandi mæli standa íslenskum nemum frammar hvað varðar undirbúning fyrir listnámi.

Flöskuháls í skólakerfinu

Rektor Listaháskólans er ánægður með tillögur nefndar menntamálaráðuneytisins um eflingu starfsnáms. Hann segir framhaldsskólastigið flöskuháls í skólakerfinu þegar kemur að listnámi.

MENNTAMÁL Hjálmar H. Ragnarson, rektor Listaháskóla Íslands, er hæstánægður með niðurstöður nefndar um eflingu starfsnáms sem menntamálaráðherra kynnti á dögunum. Hann segir framhaldsskólastigið vera flöskuháls í skólakerfinu þegar kemur að listnámi.

„Við fögnum því hvernig þessi nefnd hefur tekið á málum og er að opna möguleika fyrir fólk, einmitt með listmenntum á bakinu, að eiga auðveldari leið í háskóla,“ segir Hjálmar. „Ég tel að stúdentspróf hafi verið alltof bóknámsmiðað hingað til og fyrst og fremst vonast ég til þess að þetta verði til þess að þáttur listnáms í framhaldsskólunum verði aukinn. Það er afar mikilvægt því að veikasti hlekkur listnáms á landinu er á framhaldsskólastiginu.“

Hjálmar segir mikilvægt að fá betri listnema úr framhaldsskólunum vegna þess að þeir séu í beinni samkeppni við erlenda nema. „Íslenskar umsóknir verða að vera samkeppnishæfar. Það koma mjög góðar umsóknir að utan og það er eitthvað sem við verðum að vera meðvituð um hér. Þegar það er samkeppni um að komast inn í skóla þá velur skólinn auðvitað sterkustu umsækjendurna.“

Hagsmunaráð framhaldsskólanna, sem barist hefur ötullega gegn styttingu náms til stúdents-



HJÁLMAR H. RAGNARSSON Rektor Listaháskóla Íslands segir mikilvægt að fá betri listnema úr framhaldsskólunum.

prófs, fagnar tillögnum. „Hagsmunaráð fagnar því að í tillögnum virðist horfið frá skerðingu náms til stúdentsprófs. Hagsmunaráð styður hugmyndir nefndarinnar um auknið valfrelsi til náms á framhaldsskólastigi.“

Í fréttatilkynningu frá hagsmunaráðinu ítrekar það þó mikilvægi þess að vel verði að málum staðið, tillögurnar verði ræddar frekar og útfærsla framkvæmdarinnar verði betur skilgreind. Jafnframt er þess krafist að nemendur og kennarar verði hafðir með í ráðum og fái að koma að undirbúningi. Þá er skorað á menntamálaráðherra að hverfa frá áformum um styttingu náms til stúdentsprófs og beiti sér frekar fyrir auknu frelsi innan framhaldsskólanna.

stigur@frettabladid.is

Vectra.
1.990.000,-



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



SUMAR
TILBOÐ

VECTRA 5dr 1,8i Beinsk.
2.250.000-
1.990.000

VECTRA 5dr 1,9 CDTi Sjálfsk.
2.990.000-
2.650.000

VECTRA 5dr 2,2i Sjálfsk.
2.730.000-
2.490.000

REKSTRARLEIGA **39.900,-***

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is



Semkvæmt gæðakönnun bílatímaritsins Auto Bild árið 2006 eru þeir með mestu gæðin meðal þýska bíla.

* Rekstrarleiga í 36 mánuði

Við erum Mazda



sóltíloboð

Veldu Mazda á sóltíloboði Brimborgar

2.525 þús.*

Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*
Sóltíloboð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



sóltíloboð



Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*
Sóltíloboð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur*
Sóltíloboð 2.575.000 kr.
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur*
Sóltíloboð 2.625.000 kr.
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltíloboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltíloboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.730.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltíloboði Brimborgar.

Það sem er umfram í Mazda6 Touring:

- 2,0 lítra vél
- 5 þrepa sjálfskipting
- Álfelgur
- Hraðastillir



Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltíloboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltíloboði Brimborgar.

Skoðaðu Mazda3 og Mazda5 á sóltíloboði.



Mazda3 Touring 1,6i
5 dyra, 5 girá*
Sóltíloboð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.897 kr.
Rekstrarleiga 34.700 kr.



Mazda3 Touring 1,6i
4 dyra, 5 girá*
Sóltíloboð 1.920.000 kr.
Bílasamningur 26.307 kr.
Rekstrarleiga 35.200 kr.



Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 girá*
Sóltíloboð 2.390.000 kr.
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.

Við erum Mazda
Komdu núna. Sóltíloboð Brimborgar
gildir meðan birgðir endast.

Sumarið er
í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sólluga. Skv. verðlista Toyota 06/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluábyrgjafar Brimborgar.



HÁHÆLAHLAUP Í MOSKVI Þessir fögru leggir tóku þátt í hundrað metra háhælahlaupinu á Rauða torginu í Moskvu nýverið. Í verðlaun voru 100.000 rúblur, rúmar 270.000 krónur. NORDICPHOTOS/AFP

Félagsmálaráðherra um lækun lánshæfismats Íbúðalánasjóðs:

Ekki víst að sjóðurinn veikist

STJÓRN MÁL Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir ekki sjálfgefið að lækun matsfyrirtækisins Standard & Poor's á lánshæfismati Íbúðalánasjóðs veiki sjóðinn. „Það þarf ekki að vera til lengri tíma,“ sagði Magnús í gær en tók fram að hann ætti eftir að fara yfir málið með sérfræðingum. Hann benti á að breyting á mati S&P hefði sviðið yfir vötnum í nokkurn tíma en Moodys, sem er sambærilegt fyrirtæki, gæfi sjóðnum áfram bestu einkunn.

Magnús segir ómögulegt að segja til um hvort breytt lánshæfismat hafi áhrif á vexti Íbúðalánasjóðs, slíkt ráðist í útboðum.

Starfshópur sem fjallar um breytt hlutverk Íbúðalánasjóðs er að störfum en lítt hefur miðað í vinnu hans síðustu vikur vegna sumarleyfa. Magnús segist reikna með að tillögur starfshópsins um nýtt hlutverk sjóðsins liggi fyrir með haustinu og vill ekkert segja um eigin hugmyndir um framtíð Íbúðalánasjóðs að svo stöddu. „Ég vil fyrst sjá hvaða tillögur hópurinn hefur og mínar hugmyndir koma fram þegar þar að kemur,“ sagði Magnús.

MAGNÚS STEFÁNSSON Félagsmálaráðherra vill ekkert segja um eigin hugmyndir um framtíð Íbúðalánasjóðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÓRÐUR



Magnús Stefánsson:

Ekkert ákveðið um framboð

STJÓRN MÁL Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra gerist fámáll, inntur eftir eigin vangaveltum um framboð til embætta innan Framsóknarflokksins.

„Ég hef ekkert ákveðið en útiloka ekki neitt. Ég hef svo sem ekkert hugleitt þetta sérstaklega. Það eru ýmsir sem vilja fá eitt-hvað að gera þarna og það er bara ágætt,“ sagði Magnús í gær.

Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra sækist enn einn eftir formannsetinu. Ráðherrarnir Jónína Bjartmarz og Guðni Ágústsson keppa um varaformannsembættið. Haukur Logi Karlsson ungliði vill verða ritari flokksins. - bps

1.390.000,- Bílumst!



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



OPEL CORSA 1,2 LIMITED EDITION

EINNIG FÁANLEGUR MEÐ 1,3 LÍTRA DÍSEL VÉL

MÁNAÐARGREIÐSLA 16.999,-* REKSTRARLEIGA 26.900,-**

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Auto Bild Samkvæmt gæðakönnun bilamarkaðsins Auto Bild árið 2006 eru þeir með mestu gæðin meðal þýskra bíla.

* Bilasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

** Rekstrarleiga í 36 mánuði - Aukabúnaður á mynd: álfelgur



LÖGREGLAN Kærum vegna hraðaksturs í umdæmi lögreglunnar á Álftanesi, í Garðabæ og Hafnarfirði hefur fjölgað verulega milli ára 2005 og 2006.

Nýjar afbrotatölur á Álftanesi, í Garðabæ og Kópavogi:

Átta sinnum meira magn fíkniefna

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Álftanesi, í Garðabæ og Hafnarfirði gerði upptækt áttfalt magn fíkniefna á fyrri helmingi þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra. Þetta kemur fram í nýjum afbrotatölum frá lögreglustjóranum í Hafnarfirði. Upptækt magn fíkniefna á fyrstu sex mánuðum þessa árs nam rúmum 6,5 kílóum á móti 850 grömmum á sama tímabili síðasta árs.

Hins vegar hefur brotum eins og innbrotum, þjófnum, eignaspjöllum og líkamsárásam farið fækkandi í umdæminu, þrátt fyrir mikla fjölgun íbúa. Umferðaróhöppum og umferðarslysum hefur heldur fjölgað milli ára

SKRÁÐ FÍKNIEFNABROT - á fyrri árs helmingi



2005 og 2006. Það sem helst vekur þó athygli varðandi umferðarmálin er mikil fjölgun á kærum vegna hraðaksturs á þessu ári.

LYFJA
- Lífið heil



„Ég geri meira fyrir mig og mína á sumrin“



Örugglega brún

Alþjóðasamtök húðlækna mæla með Hawaiian Tropic sólvörninni með stuðli 15 og yfir.



Elisabeth Arden

Ferskur ilmur sem er blanda af sætri blóð appelsínu og mandarínu sem gefur þér orku, Green Tea sem veitir þér vellíðan og Musk fullkomnar ilminn.



BeYu

Sunny Times sólarþúður og sólarperlur gefa fallegan sumargljáa.

www.lyfja.is

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

Umboðsmaður Alþingis:
Veiðimálastjóri setti lögleysu

ÁLIT Ákvarðanir og málsmeðferð veiðimálastjóra við setningu reglna árið 2004 um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð, Faxaflóa, Skjálfaflóa og Þistilfjörð voru að mati Umboðsmanns Alþingis ekki í samræmi við lög.

Umboðsmaður beinir því til stjórnvalda, nú Landbúnaðarstofnunar, að ákvarðanirnar verði teknar til endurskoðunar vegna annmarka sem voru á þeim. Taka verði tillit til breytinganna sem gerðar voru á lögum númer 61/2006, sé það ætlan stjórnvalda að halda friðunaraðgerðum á silungi áfram, því óþarflega hart var farið fram með banninu.

- gag

Leið ehf. kærir ákvörðun Skipulagsstofnunar um vegaf framkvæmdir í Hrutafirði:

Vilja að farið sé norðar yfir fjörðinn

SAMGÖNGUR Leið ehf. hefur kært ákvörðun Skipulagsstofnunar þess efnis að fyrirhugaðar framkvæmdir á þjóðvegi 1 milli Brúar og Staðarskála í Hrutafirði væru ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skyldu framkvæmdirnar því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.




JÓNAS GUÐMUNDSSON

Um er að ræða tillögu Vega-gerðarinnar um endurbætur á 7,6

kílómetra kafla á þjóðvegi 1, sem hefst tæpum kílómetra sunnan við Brú, þverar Hrutafjörðinn á nýjum stað og endar einum kílómetra norðan Staðarskála. Í tengslum við framkvæmdina yrði byggð ný tvíbreið brú yfir Hrutafjarðará auk þess sem einbreið brú yfir Selá á Djúpvegi yrði breikkuð.

Á vefsíðu Leiðar kemur fram að með þessu stýttist leiðin milli Vestfjarða og Norðurlands um sjö kílómetra.

„Við viljum að aðrir möguleikar séu skoðaðir áður en farið er af stað. Með því að þvera fjörðinn til móts við Reyki tel ég að ná



TILLAGA LEIÐAR Gerir ráð fyrir að farið sé yfir Hrutafjörð til móts við Reyki.

meði margþættum ávinningi, um þrjátíu kílómetra,“ segir meðal annar stýttir það leiðina Jónas Guðmundsson, stjórnar- milli Vestfjarða og Norðurlands formaður Leiðar.

- dhó



HJÓLAÐ Á ÞJÓÐVEGINUM Blátt bann liggur við því að hjóla gegnum Hvalfjarðargöngin.

Hvalfjarðargöngin:
Hjólreiðamenn sóttir í göngin

SAMGÖNGUR Nokkuð er um að fólk fari í gegnum Hvalfjarðargöngin án þess að borga veggjaldið. Einnig hefur nokkrum sinnum komið fyrir að hjólreiðamenn reyni að stytta sér leið í gegn þrátt fyrir að stranglega bannað sé að hjóla gegnum göngin.

„Við reynum að láta engan sleppa án þess að borga og náum alltaf myndum af þeim sem ekki borga. Svo sendum við bara rúkkun fyrir því,“ segir Marinó Tryggvason, öryggisfulltrúi Spalar, sem rekur Hvalfjarðargöng. Hann segir að myndavélar í göngunum nái líka myndum af hjólreiðamönnum sem reyni að fara í gegn. „Reyndar er langt síðan það kom fyrir síðast en við sækjum bara niður þá sem reyna að hjóla í gegn.“

- at



UNDIRRITUN SAMNINGS Boyko Borissov, borgarstjóri Sofíu, Jónas Tryggvason, framkvæmdastjóri hjá Actavis, og Dagur B. Eggertsson, formaður stýrihóps verkefnisins.

Forvarnarverkefni Actavis:

Sofía nýr þátttakandi

FORVARNIR Actavis er styrktaraðili forvarnarverkefnisins „Ungmenn í Evrópu - gegn fíkniefnum“, en Sofía, höfuðborg Búlgaríu, hefur nú bæst í þann hóp sem tekur þátt í forvarnarverkefninu. Verkefnið er byggt á íslenskum rannsóknum sem miða að því að greina þætti sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að ungt fólk ánetjist fíkniefnum.

Í dag eru þrettán borgir þátttakendur í verkefninu og er búist við að fleiri bættist í hópinn.

Við undirritun samningsins lýsti borgarstjóri Sofíu yfir þakklæti fyrir stuðning Actavis við ýmis verkefni borgarinnar á öðrum sviðum.

- hs

LÖGREGLUFRETT

Bílfelta á Vatnsnesi Erlent par velti bíl sínum á Vatnsnesi í Vestur-Húnavatnssýslu í gærmorgun. Fólkið meiddist ekki en flytja þurfti bílinn, sem var mikið skemmdur, burt með kranaþrá að sögn lögreglunnar á Blönduósi. Gerir lögregla ráð fyrir að bílnum hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður en slýsið varð á malarvegi.



Dreymir þig um
sælureit í sveitinni?

KB Sumarhúsálán geta fært þig nær draumabústaðnum.
Kynntu þér málið í næsta útibúi, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.



„ORÐRÉTT“

Sitt sýnist hverjum

„Ég myndi setja í forgang að lækka í verði hin góðu matvæli.“

GUÐNI ÁGÚSTSSON
LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA
UM SKÝRSLU NEFNÐAR UM
MATVÆLAVERÐ. MORGUNBLAÐIÐ,
18. JÚLÍ.

Finnar betri frændur

„Finnarnir stóðu vel að öllum sínum aðgerðum og sýndu að mínu mati meiri fagmennsku en Norðmennirnir.“

MÁR ÞÓRARINSSON, EINN
ÍSLENSKU FLUGVIRKJANNA SEM
STADDIR VORU Í LÍBANON Á
DÖGUNUM. FRÉTTABLAÐIÐ, 18.
JÚLÍ.nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

NIÐURSKURÐUR HJÁ STRÆTÓ



ARNMUNDUR ERNST BJÖRNSSON

Tapar nánast á að taka strætó

„Ég hef tekið strætó frá fimm ára aldri,“ segir Arnmundur Ernst Björnsson, nemi og leikari. „Þá man ég bara eftir að maður borgaði 25 krónur í hann. Þetta var ekkert flókið, þetta var bara æðislegt kerfi. Síðan hefur strætó bara farið á verri veg í gegnum árin. Þetta er farið að kosta öffjár nema ef þú kaupir þér einhver sérstök kort og þá ertu orðinn bundinn strætó. Þú ert nánast farinn að tapa á því að taka hann. Síðan eru þeir búnir að loka alveg frábærri leið. Ég tók sjálfur S5 leiðina margoft til að slaka á og fara til vina minna beinustu leið upp í Árbæinn og síðan taka þeir hana og ég veit ekki alveg hvert þetta kerfi er að fara. Þetta er alveg hryllilegt.“ Arnmundur sér fram á að þurfa að breyta venjum sínum. „Mér fannst frábært þetta 10 mínútna kerfi á álagstímum. Þá þurfti maður ekkert að hafa áhyggjur af því hvenær maður lagði af stað í skólann heldur tók bara næsta strætó. Nú á að hætta með það þannig að kannski þarf maður bara að fara að skipuleggja ferðir á bíl með vinum sínum.“

Grundarfjörður með frönsku sniði

Grundarfjarðarbær tók nokkrum stakkaskiptum í síðustu viku þegar franskar skútur fylltu höfnina og 300 franskir sægreifar nutu gestrisni bæjarbúa í þrjá daga. Ástæðan er sú að nú stendur yfir siglingakeppnin in Skippers d'Islande og er Grundarfjörður viðkomustaður keppenda en keppnin hófst í vinbæ þeirra Snæfellinga; Paimpol á Bretaníuskaga.



INGI HANS JÓNSSON

„Það fór afar vel á með Grundfirðingum og frönsku sjómönnum og að sjálfsgöðu var boðið upp á íslenskt lambakjöt og hvalkjöt sem síðan var skolað niður með frönsku rauðvíni,“ segir Ingi Hans Jónsson, sem lengi hefur staðið í undirbúningi að þessari heimsókn. Þetta er í þriðja sinn sem keppnin er haldin en í fyrsta sinn sem komið er við á Grundarfirði. „Þetta byrjaði allt á því,“ rifjar Ingi Hans upp, „að við Björg Ágústsdóttir, sem nú var að láta af störfum sem bæjarstjóri, og Sig-

ríður Finsen, formaður bæjarstjórnar, vorum í heimsókn hjá vinafólki í vinabæ okkar Paimpol. Þá nefndi ég þá hugmynd hvort ekki væri hægt að útvega okkur gamlan keltneskan kross til að setja á Grundarkantinn en þar stóð byggðin þegar frönsku sjómennirnir voru hér sem mest á 19. öld. Þegar mest var voru um 30 til 50 frönsk skip sem nýttu að einhverju leyti þá aðstöðu sem hér var. Í barnskap okkar stungum við upp á því að einhver keppnis-skútan kæmi með krossinn, sem er algjör firra því keppendur taka frekar plasthnífapör frekar en venjuleg því allt er gert til að hafa skútuna sem léttasta, svo ekki fara þeir að burðast með heilan steinkross. En það varð þá úr að krossinn var fluttur hingað með seglskipinu Etoile, sem er ákaflega merkileg skúta, smíðuð árið 1928 og er mjög lík þeim skipum sem Frakkarnir komu á hingað á



LIF OG FJÖR VIÐ HÖFNINA Grundfirðingar fjölmenntu við höfnina þegar franska seglskútan Etiole kom að. Skipverjar nutu svo gestrisni Grundfirðinga í þrjá daga.



SKÚTUR FYLLTU BÁTÁHÖFNINA

19. öld,“ segir Ingi Hans, sem er hinn mesti sagnabrunnur þegar kemur að efnunum sem snúa að sögu heimasveitar hans. Þessi tignarlega skúta setti mikinn svip á höfnina meðan hún lá þar. Áhöfnin fór með krossinn, sem tileinkaður er frönskum sjómönnum sem sóttu sjóinn hér við

strendur á 18. og 19. öld, og setti hann niður á Grundarkantinn. Keppendur lögðu svo af stað suður á bóginn 12. júlí eftir þrjú daga viðdöl og er gert ráð fyrir að þeir komi til hafnar í Paimpol um næstu helgi en þá verða þeir búnir að leggja rúmar 2.500 sjómílar að baki.

Áhöfnin á Etiole er hér með keltneska krossinn sem tileinkaður er frönskum sjómönnum sem sóttu sjóinn hér við strendur á 18. og 19. öld. Um 30 til 50 frönsk skip nýttu aðstöðuna á Grundarfirði þegar mest var.



FRÖNSKU SJÓLIÐARNIR MEÐ KELTNESKA KROSSINN Áhöfnin á Etiole er hér með keltneska krossinn sem tileinkaður er frönskum sjómönnum sem sóttu sjóinn hér við strendur á 18. og 19. öld. Um 30 til 50 frönsk skip nýttu aðstöðuna á Grundarfirði þegar mest var.

OPNA
LANGÁRMÓTIÐ

MÁNUDAGINN 24. JÚLÍ

VEIÐIVERÐLAUN Í KARLA OG KVENNAFLOKKI.

1. VERÐLAUN Í BÁÐUM FLOKKUM

1 STÖNG MEÐ UPPHÁLDI FYRIR 2

15. SEPTEMBER EÐA PLÁSS Í FLUGVEIÐISKÓLA 13-15. JÚNÍ 2007

2. VERÐLAUN Í KARLAFLOKKI

1 STÖNG EH 14. SEPTEMBER MEÐ FÆÐI FYRIR 2.

2. VERÐLAUN Í KVENNAFLOKKI

1 STÖNG FH 16. SEPTEMBER MEÐ FÆÐI FYRIR 2

3. VERÐLAUN Í BÁÐUM FLOKKUM

FLUGUBOX FULL AF LANGÁRFLUGUM.

BLAUT NÁNDARVERÐLAUN Á 1. OG 11. BRAUTUM.

RJÚKANDI LAXASÚPA Á BOÐSTÓLUM ALLANN DAGINN AÐ HAMRI.

RÁSTÍMAR FYRIR OG EFTIR HÁDEGI Á GOLF.IS EÐA SÍMA 437 1663

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐMUNDUR JÓNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI SKÍÐASVÆÐISINS Í HLÍÐARFJALLI

Ég vil að veturinn komi bara strax

„Bara allt gott, þakka þér fyrir. Ég er búinn að vera í fæðingarorlofi í tvo mánuði og hef notið þess að vera með fjölskyldunni,“ segir þrjú ára barna faðirinn Guðmundur Karl Jónsson, framkvæmdastjóri Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands og skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli. „Þó að það sé fullt starf að vera með lítil börn nýtur maður þess út í ystu æsar að vera með fjölskyldunni.“ Guðmundur Karl er eins og áður segir umsjónarmaður skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli og segir hann menn þar í óðaönn um mitt sumar að gera klárt fyrir veturinn. Nú er verið að leggja vatnsleiðslur fyrir snjóframleiðslutækni sem ekki var

hægt að gera í haust þegar græjurnar bárust til landsins. „Við erum að klára að leggja snjóframleiðsluferfið í fjallinu og svo þarf að sinna viðhaldi og lagfæra eitt og annað,“ segir Guðmundur Karl. „Það eru svo margir verkþættir sem ekki er hægt að klára á veturna.“

Skíðaveturinn var mjög góður síðasta vetur að sögn Guðmundar Karls, því alls renndu sér rúmlega þrjátíu þúsund manns um brekkur Hlíðarfjalls. „Við vorum mjög ánægðir með síðasta vetur, þetta var ekki metár en alveg á meðal topp fimm,“ segir Guðmundur Karl.

Aðspurður um hvað sé á döfinni næstu daga

segir Guðmundur Karl það vera ættarmót í Eyjafirði. Guðmundur Karl er ekki ættaður úr Eyjafirðinum heldur á hann ættir að rekja í Garðabæ. Af hverju valdi hann þá að setjast að í höfuðstað Norðurlands, Akureyri? „Því að hér er skíðasvæði og snjórin. Ég lærði skíðasvæðarekstrarfræði, sem er tveggja ára háskólanám, í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum, svo að hingað vildi ég koma til að nýta menntunina mína,“ segir hann.

Guðmundur Karl segir sumarið fyrir norðan hafa valdið vonbrigðum en er bjartsýnn á framhaldið. „Núna segja þeir að það eigi að fara að hlýna og verða bjartara og ég ætla að njóta þess sem eftir lifir sumars með fjölskyldunni. Svo um leið og sumrin lýkur fer maður að hlakka til vetrarins,“ segir Guðmundur Karl. „Í byrjun september vill maður helst að það fari að kyngja niður og veturinn komi bara strax.“



Karamellu, súkkulaði, vanillu og jarðarberja HVERSDAGSÍS

Hálft kíló af NÓA hrís- eða kókosbitum



EINN LÍTRI

99 KR.

10 GOÐA PYLSUR
230 KR.
MERKT VERÐ 460 KR.

50%
afsláttur
við Kassann

NÓA BITAR
399 KR.
HÁLFT KÍLÓ!

KÓKOS
BITAR
1/2 kg



Komdu í Bónus!

2 kælíkubbar

2 KUBBAR

59 KR.

2x 200g

Sjáðu
verðið!

Bónus hamborgarar
80g - 115g og 200g
30% afsláttur við Kassann
FROSNIR OG FINIR
Í FERÐINA!

XL
alvöru
brauð!

10 x 80g
699 KR.
MERKT VERÐ 999 KR.

5 x 200g
909 KR.
MERKT VERÐ 1299 KR.

30%
afsláttur
við Kassann

4 XL brauð

98 KR.

10 x 115g

979 KR.
MERKT VERÐ 1399 KR.

SÆLKERABJÚGU FRÁ KB

SÆLKERABJÚGU
359 KR.

VIÐBIT MED ÓLÍFUOLÍU

GRÆNT, LÉTT OG LAGGOTT
139 KR.
400g

SJÓMANNSHARÐFISKURINN
Beinlaus ýsa

HARÐFISKUR 230g
998 KR.

SOÐIN SVIÐ FRÁ GOÐA

30%
afsláttur
við Kassann

GOÐA SVIÐ

489 KR.
MERKT VERÐ 699 KR.

KF kofareykt sveitabjúgu

KOFAREYKT SVEITABJÚGU

299 KR.

KJARNAFÆÐI

AMERÍSKAR RISAPITSUR

McCain risapítsa
399 KR.
770/820g


risa
pítsa
770-840g

Sjáðu
verðið!

www.bonus.is

Svona erum við

> Fjöldi Íslendinga í trúfélaginu Krossinum



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: FRÍHÖFNIN Í FLUGSTÖÐ LEIFS EIRIKSSONAR

Ýmsar reglur sem gæta verður að

Fríhöfnin er í flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Forsvarsmenn hennar líta svo á að hún sé í samkeppni við aðrar fríhafnir í Evrópu og segja verð allt að 50 prósentum lægra en gengur og gerist í Reykjavík. Ísland er eitt af fáum ríkjum Vestur-Evrópu þar sem hægt er að selja vörur og þjónustu til allra farþega, bæði við komu til landsins og brottför.

Hversu lengi hefur Fríhöfnin verið starfrækt?

Fríhöfn var opnuð í litlu rými á Keflavíkurflugvelli árið 1958 til að afa gjaldeyris-tekna af millilandaferðum. 1970 var svo heimilað að hér yrði opnuð komuverslun. Árið 1987 var Leifstöð tekin í notkun og rými Fríhafnarinnar batnaði. Frá og með 1998 hefur einkarekstur innan Fríhafnar-



innar aukist, en áður voru þar einungis ríkisreknan verslanir. Flugstöðin var svo gerð að hlutafélagi árið 2000 og Fríhöfnin að eignarhlutafélagi árið 2005.

Hvað má fara með gegnum tollinn?

Varning að verðmæti 46 þúsund krónur, keyptan í fríhöfn eða erlendis, má taka með sér gegnum tollinn, en enginn einn hlutur má kosta meira en 23.000 krónur. Um innflutning á áfengi gilda sérstakar reglur sem skoða má í flugstöðinni. Innflutningstakmarkanir eða innflutningsbönn gilda um síma og fjarskiptatæki, veiðibúnað, skotvopn, lifandi dýr, lyf, plöntur, fíkniefni, ósoðnar kjötvörur, ýmsar mjólkurvörur og annað, en nánar má lesa um innflutningsreglurnar á www.dutyfree.is.

SPURT & SVARAÐ

SÚNNI- OG SÍAMÚSLIMAR

Biðjum eins

Hizbollah-samtökin í Líbanon eru um þessar mundir í brennidepli vegna átakanna við Ísrael.

Hizbollah eru yfirlýst samtök sjíamúslima.

Salmann Tamimi er formaður félags múslima á Íslandi.

Hver er munurinn á súnni- og sjíamúslimum?

Okkur súnníum finnst að hæfasti og besta maðurinn

eigi að vera valinn leiðtogi múslima.

Sjár segja að hann eigi að vera valinn úr fjölskyldu Múhammeds. Þessi munur tengist trúnni ekki á neinn hátt því við biðjum nákvæmlega eins og allar athafnir eru eins. Þetta er bara spurning um pólitík.

Hvar eru flestir sjíar? Flestir sjíar eru í Íran þar sem 99 prósent allra eru sjíar. Í Írak er helmingur þjóðarinnar sjíar og svo er dálítið í Líbanon.

Er meðlimir Hizbollah sjíar? Í samtökuunum eru sjíar, súnníar og kristnir menn. Fólk býr í sátt og samlyndi og þessi skipting í sjíja og súnnía er bara til að búa til vesen. Í Írak getur faðirinn til dæmis verið súnní og synir hans sjíar.



SALMANN TAMIMI

Almenningssamgöngur í kreppu

Þrátt fyrir að 360 milljónir króna vanti í rekstur Strætó bs. svo að reksturinn beri sig neita eigendur fyrirtækisins, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, að leggja meira fé í reksturinn. Slæm staða fyrirtækisins er meðal annars vegna fækkunar farþega og ekki síst vegna kjarasamninga Reykjavíkurborgar frá því í vor. Strætó bs. hefur gripið til aðgerða til að stöðva hallarekstur.

Strætó bs. er byggðasamlaug í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborg er þar langstærst, en auk hennar eru eigendur Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarneskaupstaður og Sveitarfélag Álftaness.

Við stofnun byggðasamlaugsins var ákveðið að markmið Strætó ætti að vera að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu með einu heilsteypu leiðakerfi. Við stofnun félagsins var stofnfé ákveðið eitt hundrað milljónir sem sveitarfélögin lögðu til.

Strætó bs. væri rekið með tapi á hverju ári ef ekki kæmu til greiðslur frá sveitarfélögunum. Upphæðin er kostnaður sveitar-



TÓMT STRÆTÓSKÝLI Fækkun farþega og kostnaður vegna nýrra kjarasamninga hafa leikið Strætó bs. grátt. Fyrirtækið hefur gripið til sparnaðaraðgerða til að koma í veg fyrir 360 milljóna króna tap á þessu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

félaganna við að halda uppi almenningssamgöngum.

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2005 var gert ráð fyrir að hlutur sveitarfélaganna yrði tæplega fjórtán hundrað milljónir króna. Minnkandi farþegafjöldi, ófyrirséðar breytingar á nýju leiðakerfi og hækkun launa í kjölfar kjarasamninga Reykjavíkurborgar varð til þess að upp á vanti tæpar tvö hundrað milljónir króna frá sveitarfélögunum til að endar næðu saman.

Ekki fæst meira fé í reksturinn að svo stöddu frá eigendunum og til þess að stöðva hallarekstur, sem talið er að geti numið um 360 milljónum þetta árið, varð Strætó bs. að grípa til sparnaðaraðgerða.

Leið S5 var lögð niður í sumar í fyrstu vegna manneklu, en nú

**FRÉTTASKÝRING**

ÆGIR ÞÓR EYSTEINSSON
aegir@frettabladid.is

FÆKKUN STRÆTÓFARÞEGA 2002-2005

2002	8.644.329
2003	8.446.731
2004	7.897.738
2005	7.451.531

Samkvæmt nýjustu tölum hefur farþegum strætó fækkað um tæp sjöttu þúsund fyrstu sex mánuði 2006.


hefur stjórn Strætó bs. ákveðið að niðurfelling akstursleiðarinnar verði varanleg. Þar að auki hefur fyrirtækið ákveðið að taka tíu mínútna tíðni af stofnleiðum. Þessar aðgerðir tvær eiga að spara samlaginu um 340 milljónir króna.

Reykjavíkurborg fór nýverið fram á að gerð yrði stjórnsýsluleg úttekt á Strætó bs., fyrst og fremst vegna þess að borgin er ósátt við að fá ekki að taka ríkari þátt í ákvarðanaferli fyrirtækisins. Þá hafa einhverjir innan borgarinnar gagnrýnt að þjónusta við farþega sé skert með

þeim hætti sem lýst hefur verið hér að ofan.

Strætó bs. tók í notkun nýtt leiðakerfi fyrir höfuðborgarsvæðið 23. júlí í fyrra, eftir að hafa unnið að kerfinu í nokkurn tíma, meðal annars í hinum ýmsu nefndum og í samvinnu við íbúa borgarinnar. Nánast um leið og nýja kerfið var tekið til notkunar heyrðust háværar óánægjuraddir með leiðakerfið. Kerfið þótti of mikið breytt og ollu breytingarnar sumu fólki miklum erfiðleikum.

Strax þá um haustið var ráðist í endurbætur á nýja leiðakerfinu með hljóðsón af athugasemdu frá farþegum og vagnstjórunum sjálfum. Nýtt endurbætt leiðakerfi var tekið í gagn 5. mars á þessu ári. Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir samdómálit að nokkuð góð sátt sé um nýja leiðakerfið. Ad sögn Ásgeirs hafa færri athugasemdir borist og ekki séu frekari breytingar á leiðakerfinu fyrirhugaðar. aegir@frettabladid.is

REKSTUR STRÆTÓ BS. 2002 TIL 2005

* hugsanlegt 360 milljóna króna tap ef ekki hefði komið til sparnaðaraðgerða Strætó bs.

BÍLAEIGENDUR TAKIÐ EFTIR
Gæðabón og sápugetu Alex
verða með þvott og léttbón fyrir
allar gerðir bíla.

Byrjað verður kl. 17:00 Fimmtudaginn 20. júlí
Tilboð fyrir alla sem koma þann dag
Ath. Engir kústar eru notaðir við þrífir
Upplýsingar í síma: 568-4310

Vorum að taka upp nýjar sumærvörur

DU PAREIL... au même

Sendum einnig í póströflu!!!
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.432 **+0,05%** Fjöldi viðskipta: 152
Velta: 2.298 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ **Mosaic** +1,18%
Landsbankinn +0,47%
Alfesca +0,47%

MESTA LÆKKUN

↓ **Atorka** -1,59%
Avion -0,90%
FL Group -0,60%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Actavis 62,70 +0,00% ... Alfesca 4,28 +0,47% ... Atlantic Petroleum 584,00 +0,00% ... Atorka 6,20 -1,59% ... Avion 33,10 -0,90% ... Bakkavör 48,70 +0,41% ... Dagsbrún 5,60 +0,00% ... FL Group 16,60 -0,60% ... Glitnir 16,70 +0,00% ... KB banki 730,00 +0,00% ... Landsbankinn 21,20 +0,47% ... Marel 73,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,10 +1,18% ... Straumur-Burðarás 16,60 +0,00% ... Össur 113,00 +0,44%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nagnar.is

Japanar fræddust um einkavæðingu

Hópur þingmanna úr allsherjarnefnd fulltrúardeildar japanska þingsins kom hingað til lands í síðustu viku til að kynna sér einkavæðingu á Íslandi. Þingmennirnir óskuðu sérstaklega eftir upplýsingum um sölu á hlut ríkisins í Símanum í fyrra en póst- og fjar-skjptamál í Japan heyrja undir allsherjarnefndina.

Embættismenn frá innanríkis- og fjarskiptaráðuneyti Japans voru með í för auk starfsmanna þingsins. Sendinefndin fundaði í fjármálaráðuneytinu með Baldri Guðlaugssyni ráðuneytisstjóra, sem á sæti í einkavæðingarnefnd, og Stefáni J. Friðrikssyni, sérfræðingi í fjármálaráðuneytinu og starfsmanni einkavæðingarnefndar, samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu.



FRÁ FUNDI ÞINGMANNANNA Þingmenn frá Japan kynntu sér einkavæðingu á Íslandi í síðustu viku en óskuðu sérstaklega eftir verklagi við sölu á hlut ríkisins í Símanum.

**Coca Cola skil-
aði methagnaði**

Hagnaður bandaríska gosrisans Coca Cola nam 1,85 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði tæplega 140 milljarða íslenskra króna, á öðrum ársfjórðungi. Þetta er sjö prósent hækkun á milli ára og umfram væntingar.

Sala á drykkjum og öðrum vörum fyrirtækisins jókst að meðaltali um 4 prósent um allan heim en mest var söluaukningin í Kína, Rússlandi, Tyrklandi og í Argentínu. Til samanburðar jókst salan einungis um 2 prósent í Bandaríkjunum sjálfum en um 7 prósent í Suður-Ameríku.

Hagnaður Coca Cola á fyrstu sex mánuðum ársins nam 2,94 milljörðum dala, jafnvirði rúmra 223 milljarða íslenskra króna, og er það nýtt hagnaðarmet.



MERKI M5 Fjármálavefurinn M5.is er einn stærsti fjármálavefur landsins.

**Nýr fjármála-
vefur opnaður**

Einn stærsti fjármálavefur landsins var opnaður á mánudag í síðustu viku á vefslóðinni M5.is. Vefurinn hefur verið lengi í þróun, að sögn fyrirtækisins Vefmiðlunar ehf. sem á og rekur vefinn.

Á vefnum er að finna ýmiss gögn um hlutafélög, gjaldmiðla ásamt ítarlegum sögulegum gögnum. Þar má meðal annars bera saman verðþróun margra félaga í einu grafi, skoða tölur úr milli- eða aðaluppgjöri, kennitölur og fylgjast með fréttum úr fjármálalífinu. Þá eiga innlendir verðbréfavísitölur sinn stað á vefnum þar sem skoða má þróun þeirra aftur í tímann svo eitthvað sé nefnt.

**Allur kostnaður
skal auglýstur**

Evrópuráðið hefur lagt fram frumvarp að lögum sem skyldar flugfélög til að sýna allan kostnað sem til fellur við kaup á flugmiða með auglýsingum sínum. Þetta kemur fram á vef AP-fréttastofunnar.

Flugfélög hafa haft þann háttinn á að auglýsa ferðir án þess að aukakostnaður, svo sem flugvallarskattar og önnur tilfallandi gjöld, sé innifalinn í verðinu. Lágfargjaldflugfélög hafa þannig til dæmis auglýst fargjöld til sölu á sem nemur aðeins einni evru. Þetta þykir neytendarmi Evrópuráðsins, BEUC, villandi og gera neytendum erfitt fyrir við samanburð á flugfargjöldum. Verði frumvarpið að lögum verða flugfélög skyldug til að birta heildarverð flugmiða á á heimasíðum og í auglýsingum sínum.

Ríkisstjórnir allra tuttugu og fimm aðildarríkjanna verða að samþykkja frumvarpið sem getur í fyrsta lagi orðið að lögum síðla árs 2007.

Chevrolet gæði, frábært verð !



Verð aðeins kr. 18.822 á mánuði *

Lacetti

Sportlegur og kröftugur, þægilegur og fjölhæfur. Öllu þessu er blandað saman í nýjan **Lacetti station**. Hvort sem þú ert á leið í friið, versla eða á ferð með fjölskylduna þá er **Lacetti station** rétti bíllinn - við öll tækifæri.

Lacetti station 1.8 ltr. beinskiptur
Kostar aðeins kr. **1.899.000,-**

*35% útborgun og afgangur á bilasamningi í 84 mánuði



Bilabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 12
Sími 590 2000 - www.benni.is

Bílasalan ÓS, Akureyri - 462 1430
Bílahorni hjá Sissa, Keflavík - 420 3300

Aukahlutir á mynd: Álfelgur



CHEVROLET

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Viðbrögð forsætisráðherra við skýrslu formanns matvælavæðsnefndar eru hvorki fugl né fiskur.

Varðstaða um vont ástand

Viðbrögð Geirs H. Haarde forsætisráðherra við skýrslu formanns matvælavæðsnefndar hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu, enda nefnd sem var skipuð af honum sjálfum. Þeim mun meiri voru vonbrigðin þegar forsætisráðherra birtist að loknum fundi ríkisstjórnar um skýrsluna í gærmorgun og fékkst ekki til að segja annað en að breytingar væru í aðsigt í landbúnaðarmálum og að Sjálfstæðisflokkurinn vildi standa vörð um íslenskan landbúnað.

Nú er rétt að taka fram að allt frá því að Geir H. Haarde tók við sem formaður Sjálfstæðisflokksins hefur það verið sérstakur stíll hjá honum að segja frekar minna en meira. Þetta stíllbragð hefur reynst Geir og flokki hans ágætlega í kjölfar þess að hinn fyrirferðarmikli forveri hans, Davíð Oddsson, hvarf úr sviðsljósinu. Eftir kærkomna hvíld frá Davíð er þó ekki örgrannt um að maður sé farinn að sakna skorinorra svara hans í landsfödurhlutverkinu, sérstaklega þegar Geir býður upp á viðbrögð sem eru hvorki fugl né fiskur, eins og þau hér að ofan.

Spurningin er: um hvað vill Geir H. Haarde standa vörð? Er það um núverandi landbúnaðarkerfi sem er vont fyrir alla sem að því koma: skattgreiðendur, neytendur sem búa við dýrari landbúnaðarvörur en í öllum nágrannalöndum okkar, og ekki síst bændur sjálfa, sem margir hverjir virðast eiga í mesta basli með að sjá fyrir sér og sínum með búskapnum einum saman þrátt fyrir niðurgreiðslu og verndartolla á samkeppnisvörur?

Þrátt fyrir loðmulluleg svör var ekki annað að heyra en að Geir væri nokkuð sáttur við núverandi kerfi. Hann sagði að ekki mætti vaða yfir tilteknar atvinnugreinar með einhverjum þjósnaskap og lýsti auk þess áhyggjum sínum yfir því að ávinningurinn af skattalækkingum á mat gæti lent annars staðar en í vasa almennings, yrði ekki tekið á fákeppni í smásölu.

Þetta þýðir á mannamáli að fara undan í flæmingi fyrir viðfangsefninu, sem er að lækka óþolandi hátt verð á matvörum á Íslandi. Í því samhengi er rétt að ítreka að sjötíu prósent af matarinnkaupum heimilanna í landinu eru íslenskar vörur og þar vega landbúnaðarvörur þyngst.

Í fyrsta lagi er ákveðin uppgjöf fólgin í ótta Geirs við að ávinningurinn af frjálsara og opnara markaðskerfi landbúnaðarins renni ekki til fólksins í landinu. Íslenskir kaupmenn hafa ítrekað lýst því yfir að hér sé hægt að lækka matvöruverð verulega ef verndartollar verði aflagðir. Það er engin ástæða til að ætla þeim fyrir fram að standa ekki við þau orð sín. Auk þess hefur ASÍ, sem tók virkan þátt í starfi matvælavæðsnefndarinnar, bent á að verndartollar og innflutningshöft leiða ekki aðeins til að verð á landbúnaðarvörum er hátt hér á landi heldur getur þessi haftastefna mögulega veitt skjól fyrir háu verðlagi á matvælum almennt.

Í öðru lagi kemur skýrt fram í tillögum skýrslunnar að verði innflutningsvernd búvara lækkuð, og á endanum afnumin, þarf að auka stuðning við landbúnaðinn og byggð í landinu sem svarar til lækkingu tollverndarinnar til þess að tryggja hag bænda og búvöruframleiðslu, þannig að ekki er verið að boða neinn þjósnaskap við bændur.

Auðvitað má reikna með að breytingar yrðu að einhverju leyti sársaukafullar fyrir búskap í landinu. En þegar upp er staðið má líka gera ráð fyrir að þær hefðu í för með sér sterkari og hagkvæmari íslenskan landbúnað.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vegið að kókópuffs-kynslóðinni
Skýrsla um leiðir til lækkunar matavæðs hefur verið mikið í umræðunni síðan nefnd forsætisráðherra skilaði henni af sér í síðustu viku. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra hafa lítið tjáð sig um skýrsluna en það breyttist eftir ríkisstjórnarfundinn í gær. Báðir ráðherrarnir ræddu efni skýrslunnar. Aðeins ein aðgerð hefur þó verið ákveðin enn sem komið er, ef marka má orð þeirra Geirs og Guðna í gær. Skattur á gos og sælgæti verður ekki lækkaður enda varla matvæli eins og Geir komst að orði. Finnst mörgum sem vegið sé að



kókópuffs-kynslóðinni með þessari ákvörðun. Enda ekki óalgengt að sjá tveggja lítra kók í kippum í innkaupakörfum yngri kynslóðarinnar í landinu.

Varstu ánægður með úrslitin?
Fréttamenn spurðu Geir H. Haarde spjörnum úr eftir fundinn í gær. Mest var spurt um afnám tollaverndar á landbúnaðarvörur og annað þess háttar. Þó kom ein óvænt spurning í þann mund sem Geir var að kveðja samkomuna. „Geir, varstu ánægður með úrslitin?“ Eins og fótboltaáhugamenn vita sigrðu Skagamenn lið KR með þremur mörkum gegn tveimur á mánudaginn. Geir er mikill stuðningsmaður KR en ekki eru allir á heimili hans sömu skoðunar. Eiginkona hans Inga Jóna Þórðardóttir er nefnilega ættuð ofan af Skaga og á bróður sem heitir Guðjón Þórðarson.

Ánægður með sigurmarkið
Ekki stóð á svari frá forsætisráðherra. „Það togast á hagsmunir þar eins og í landbúnaðarmálunum,“ sagði Geir um leikinn. „En ég er ánægður með það hver skoraði sigurmarkið.“ Þórður Guðjónsson, bróðursonur Ingu Jónu, skoraði gullfallett mark undir lok leiksins sem tryggði hinum gulklæddu sigur í Vesturbænum. Þó að Geir hafi borið sig vel fyrir framan fréttamanninn má vel hugsa sér að hann þykist slappur og vilji helst halda sig í bænum ef Skagaættin býður í grillveislu um helgina.



trausti@frettabladid.is

Einstakt sögulegt tækifæri

Þorsteinn Pálsson skrifaði leiðara Fréttablaðsins á mánudaginn var og veltir þar fyrir sér „hverju kjósendur eigi að ráða“. Hann bendir þar á að í öðrum löndum sé kosningakerfið þannig upp byggt að kjósendur geti „með beinum hætti kosið einn flokk til valda og annan frá völdum“. Það hljóti að leiða til virkari pólitískrar ábyrgðar, ef kjósendur geti með beinum hætti ráðið því hvaða flokkar sitji í ríkisstjórn. „Kaupskapur þar um eftir kosningar dregur úr áhrifa-valdi kjósenda,“ segir Þorsteinn, og hann bætur við að annars staðar feli yfirlýsingar einstakra flokka fyrir kosningar í sér að kjósendur hafi í reynd val á milli tveggja fylkinga. Allt er þetta gott og blessað og í góðu samræmi við það sem ég hef öðru hvoru verið að skrifa í þessum dálkum, að kosningar þurfi ekki að vera eins og happdrætti, þar sem iðulega kemur eitthvað allt annað upp á teninginn, en kjósendur töldu sig setja í kjörkassann með atkvæðisseðli sínum.

Í DAG
SKREFTIL
LÝÐRÆÐIS



ÓLAFUR HANNIBALSSON

Eftir þessar aðfarir er ekki hægt að líta á íhald og framsókn öðruvísi en sem eina lífveru – með tveimur bököm.

misst verulegt fylgi meðan á R-listasamstarfinu stóð, og misst annan borgarfulltrúa sinn. En það sem tapaðist í kosningunum vannst í hrossakaupunum eftir kosningar og tapararnir náðu sameiginlega völdum út á minnihluta atkvæða. Enn einu sinni kom allt annað upp úr kjörkössunum en kjósendur höfðu sett í þá. R-listaflokkarnir geta þó sjálfum sér um kennt, þar sem þeir höfðu kosið að „ganga óbundnir til kosninga“, jafnvel gefið í skyn að þeir gætu allt eins tekið upp samstarf við Sjálfstæðisflokkinn eins og fyrrum samstarfsflokka, semse neitað kjósendum um þann möguleika að velja milli tveggja fylkinga.

Hins vegar hafa málin skýrst til muna að loknum kosningum. Stundum áður þegar Framsóknarflokkurinn hefur talið sig fara illa út úr samstarfi við íhaldið hefur hann brugðið á það ráð að kúvenda til vinstri. Í þetta sinn kaus hann hins vegar að þjappa sér enn fastar í faðm íhaldsins. Ekki aðeins kaus hann að mynda meirihluta með því í sveitarstjórnunum um allt land, þar sem hann hafði odda-aðstöðu. Hann skilaði Sjálfstæðisflokknum forsætisráðherrastölnum og eftir að forystukreppan kom

upp í flokknum við afsögn Halldórs Ásgrímssonar, lét hann Morgunblaðið um að kynna til skjalanna nýtt foringjaefni flokksins og fjármálaráðherra í væntanlegri ríkisstjórn Geirs Haarde, Finn Ingólfsson, setja Guðna Ágústsson af sem varaformann og tilnefna Siv inn í staðinn. Þegar áform Moggans gengu ekki eftir var nýtt foringja- og formannsefni slitið úr faðmi Davíðs Oddssonar í Seðlabankanum og dembt inn í framsóknarhópinn miðjan. Eftir þessar aðfarir er ekki hægt að líta á íhald og framsókn öðruvísi en sem eina lífveru - með tveimur bököm.

Núverandi stjórnarandstöðuflokkar standa því frammi fyrir einstöku sögulegu tækifæri. Í fyrsta sinn í sögu íslenska lýðveldisins gætu þeir gefið kjósendum færi á því að kjósa sér ríkisstjórn, leggja mat á afrakstur 16 ára stjórnasetu Sjálfstæðisflokksins og 12 ára meðvirkni Framsóknar. Vilja þeir meira af svo góðu, eða telja þeir tíma til kominn að hleypa öðrum flokkum og öðrum mönnum að stjórnvellið? Til þess þurfa þeir að leysa eða leggja til hliðar helstu ágreiningsmál sín og koma sér saman um skýra sameiginlega framtíðarsýn til a.m.k. eins kjörtímabils, og óska umboðs þjóðarinnar til að framkvæma hana. Þeir kjósendur landsins sem ekki vilja að kosningar séu eins og happdrætti á fjögurra ára fresti, sem eingöngu snýst um hver fái fyrir nán að stjórn með Sjálfstæðisflokknum, verða að þrýsta á forystumenn flokka sinna að rísa nú upp og standast það manndómspróf að horfa á stóru línurnar í íslenskri pólitík og gefa okkur kost á skýru vali milli tveggja fylkinga í alþingiskosningum að vori. Með því væri stigið stórt skref í átt til raunverulegs lýðræðis í þessu landi.

Stjórnin heldur uppi matvælavæðri

UMRÆÐAN
MATVÆLAVERÐ



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON
ALPÍNGISMAÐUR

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa aldrei haft áhuga á því að lækka matvælavæð á Íslandi. Samfylkingin hefur ítrekað flutt tillögur á Alþingi sem lækka matarkostnað sem skilar sér beint í vasa almennings svo um munar. Þingmenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins hafa hins vegar alltaf fellt þessar tillögur.

Margar nefndir hafa verið skipaðar og fjölmargar tillögur liggja fyrir. Það vantar ekki tillögurnar en það vantar pólitískan vilja til að

framkvæma þær tillögur. Og núna hefur enn ein nefndin skilað af sér, þar sem Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri sýnir á greinar-góðan hátt hversu kostnaðarsamt þetta kerfi er fyrir fólkið í landinu.

Matvælavæð á Íslandi er um 50 prósentum hærra en hjá ESB-löndunum. Einungis tvö Evrópuríki hafa hærri virðisaukaskatt á matvæli en Ísland og sum þeirra hafa engan virðisaukaskatt á matvælum. Tolla- og vörugjaldakerfi ríkisstjórnarinnar er með því dýrasta í heimi og takmarkanir á innflutningi eru miklar. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa tafið þetta brýna hagsmunamálið í marga áratugi en eins og í öðrum málaflokkum munu þeir spila einhverju út korteri fyrir kosningar til að stinga dúsu upp í kjósendur.

Núverandi ríkisstjórn lætur

íslenskar fjölskyldur greiða eitt hæsta matvælavæð í heimi. Hvenær er fólki nóg boðið? Almennur er ekki að sætta sig við þessa kjaraskerðingu ríkisstjórnarinnar. Af hverju sættir sérhver íslensk fjölskylda sig við það að greiða tugi þúsunda á mánuði meira fyrir matvæli en hún þyrfti? Úrræðin til að lækka matvælavæð hafa lengi verið ljós. Það þarf að fella niður vörugjöld og tolla, lækka matarskattinn, auka samkeppnisefirlit og draga úr innflutningshömlum. Þessar leiðir vill ríkisstjórn ekki fara heldur veltir hún kostnaðinum yfir á almennung í landinu.

Í þessu máli þarf pólitíska forystu og pólitískt hugrekki. Samfylkingin er reiðubúin til að gera það sem þarf til að lækka matavæð og bæta með því kjör landsmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglisingar@frettabladid.is VEFFANG: vísir.is UMBROT: 365 PRENTVINNISLA: Ísafoldprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Hjólhýsi
tilbúin til afhendingar strax!

Eigum ýmsar gerðir af TEC hjólhýsum og húsbílum tilbúin til afhendingar strax.
Komdu og kynntu þér úrvalið!

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200



VEL HEPPNAÐUR REYNSLUAKSTUR

Á fjórða hundrað milljónum var varið í kynningu á nýja Benz-jeppanum hér á landi.

BÍLAR 2



GÓÐIR REIÐVEGIR UM ALLA SVEIT

Eldhestar á Völlum við Hvera-gerði bjóða bæði upp á styttri og lengri útreiðar.

FERÐIR 4

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[FERÐIR BÍLAR]

Húsavíkurhátíð um næstu helgi. Hátíð þessi hefur löngum verið þekkt sem Mærudagar eða þá sænskir dagar. Á hátíðinni verður mikið um skemmtilega viðburði fyrir fólk á öllum aldri. Nánari dagskrá má finna á www.nordurthing.is.

Audi boðar nýjan smábíl, Audi A1, sem verður byggður á gangverki og grunnplötu VW Polo. Bílsins er að vænta á markað árið 2009 en útlit hans verður mun djarflegra en á Audi A2. Mikið er lagt upp úr útliti bílsins þar sem síðasti smábíllinn sem kom frá Audi þótti heldur dauflægur og hlaut ekki góðar viðtökur almennings.



Fjölskylduhátíð fullveldisins í Hrísey verður haldin næstu helgi en eyjarskeggjar hafa þann sið að lýsa yfir sjálfstæði eyjarinnar frá Íslandi eina helgi á ári og gilda þá helgi hríseysk lög. Þetta er í tíunda sinn sem hátíðin er haldin og gert er ráð fyrir að um 4.000 manns muni leggja leið sína til Hríseyjar. Nánari dagskrá má finna á www.akureyri.is/hrisey.

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 19. júlí, 200. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 3.52	13.34	23.13
Akureyri 3.10	13.19	23.24

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Agnar Bragi Bragason stjórnmálafræðingur er nýkominn úr eftirminnilegri ferð til Mexíkó.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dansaði uppi á logandi barborði

Agnar Bragi Bragason, stjórnmálafræðingur og laganemi, brá sér í tveggja vikna útskriftarferð til Mexíkó þar sem hann rataði í ýmis ævintýri.

„Það er ótrúlegt að maður skuli vera í heilu lagi eftir þetta,“ segir Agnar, nýkominn úr ferð til Yukatan í Mexíkó ásamt hátt á hundrad nemendum á framhalds- og háskólastigi.

Agnar segir Mexíkó hafa orðið fyrir valinu vegna góðs orðspors, auk þess sem menn hafi viljað fara á framandi slóðir. „Við gistum á hótelinu Viva Maya, en maður hafði ekki undan við að reyna nýja hluti þarna,“ segir hann. „Ég skoðaði menningarrústir Maya, fór á sæbotu, í svifdrekflug og kafaði, en sjórinn er tær og heitur og sjávarlífið fjölskrúðugt. Svo er hægt að leigja sér hraðbát eða fjórhjól til að fara inn í frumskóginn.“

Að sögn Agnars var ekki dauður punktur

í ferðinni. „Ef menn stunduðu ekki íþróttir eða drukku í sig menninguna var kíkt út á lífið á kvöldin. Skemmtanalífið er ótrúlegt í Mexíkó. Klúbbaferð til Cancun er með því eftirminnilegra úr fríinu en dansstaðirnir eru með eindæmum stórir, flottir og glyskenndir,“ segir hann.

„Á einum staðanna, Coco Bongo Club, gefst gestum færi á að dansa uppi á barborði og ég vipaði mér upp á borðið,“ segir hann léttur í lund. „Minnstu munaði þó að illa færi, því þegar ég sneri mér við blasti eldveggur við mér. Barþjónarnir voru þá búnir að hella sambuca í þar til gerða rauf á borðinu og kveikja í svo það stóð í ljósum logum. Mér varð ekki meint af þessu glæfrabragði.“

Að lokum minnr Agnar menn á að vera vel undirbúna fyrir ferðir til landa eins og Mexíkó, meðal annars með því að láta sprauta sig gegn alls kyns pestum. „Það er óþarfi að láta kæruleysi skemma fyrir sér fríið,“ segir hann.

roald@frettabladid.is

MIJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

MS drykkjarvörur í útileguna

MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stúffullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.

Húsgagnna

Lagersala

Krókhálsi 10
sími: 557-9510
14 - 21 júlí
9-18 virka daga
10-16 laugadag

Komdu og gerðu góð kaup
Allt að 80% afsláttur
af útlitsgölluðum vörum

Rúm — Borð — Sófar — Skápar — Speglar — Púðar — Nuddstólar — og margt fleira...



ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066



Framendinn er sá sami og á S40 en aftur-endinn er nýr af nálinni.

Smábíll frá Volvo

C30 er stefnt á móti markaðs-ráðandi smábílum í Evrópu.

Volvo er að undirbúa markaðs-setningu á C30-bíl sínum, sem ætlað er að keppa við til dæmis VW Golf, Audi A3 og BMW 1-línuna.

Bíllinn er byggður á hugmynda-bíl sem frumsýndur var í Detroit. Í grunnatriðum virðist bíllinn hafa haldið útliti sínu en framendinn á þó greinilega ættir að rekja til S40. Afturhlutinn er hins vegar ólíkur því sem Volvo hefur látið frá sér áður.

C30 er sniðinn utan um fjóra fullorðna, með fjórum stökum sætum. Aftursætin eru eins aftarlega og hægt er, til að vel fari um farþegana. Meðal annarra hluta sem sóttir verða í S40 má nefna miðjustokkinn undir mælaborðinu og grunnbyggingu mælaborðsins. Þær vélar sem verða í boði eru einnig þær sömu.

C30 verður frumsýndur í París í september á þessu ári og reiknað er með að hann fari í sölu snemma næsta árs.



Ekið er um Reykjanes fyrsta daginn en þann næsta liggur leiðin upp Kaldadal, niður Borgarfjörð og þaðan í Hvalfjörð.

Vel heppnaður reynsluakstur

Á fjórða hundrað milljónum var varið í kynningu nýja Benzjeppans hér á landi.

Fyrir nokkrum vikum komu um 350 blaðamenn víðsvegar að úr heiminum hingað til lands. Tilgangurinn var að reynslukeyra nýja Mercedes Benz GL jeppann sem fer á markað bæði í Ameríku og Evrópu á þessu ári. Daimler Chrysler, sem framleiðir Mercedes Benz, stóð fyrir kynningunni í samstarfi við bílaumboðið Öskju og framleiðslufyrirtækið Pegasus.

„Ísland hentaði mjög vel fyrir þessa kynningu, bæði er staðsetning landsins hagstæð og fjölbreyttar leiðir sem henta vel fyrir bíllinn. Auk þess hafði Benz góða reynslu af Íslandi og hérlandum samstarfsaðilum,“ segir Jón Trausti Ólafsson, markaðsstjóri Öskju.

Blaðamennirnir komu hingað til lands í sjö hópum og hver hópur fór í þrjú daga reynsluakstur eftir fyrir fram ákveðnum leiðum og fékk í leiðinni gott tækifæri til að kynna Íslandi og íslensku náttúru.

„Erlendu blaðamönnum gekk yfir höfuð mjög vel að keyra hér. Benz lagði gríðarlega mikið upp úr því að kynna umferðarreglur og hvað bæri að varast. Ökumenn voru því upplýstir frá upphafi um til dæmis hámarkshraða og svo var sýnt myndband þar sem sást hvernig sauðfé fer út á veg. Það

urðu því engin teljandi vandræði, hvorki óhöpp né bilanir,“ segir Jón Trausti.

Kynningar sem þessar eru viðtekin venja þegar nýir bílar eru kynntir fyrir heiminum. GL-kynningin kostaði framleiðandann vel á fjórða hundrað milljónir króna og þóttist takast mjög vel. „Það voru allir mjög ánægðir þegar þeir fóru. Kynningin tókst vel og umfjöllunin sem hefur birst úti í heimi er á þá leið að bæði bíllinn og Ísland fá góða dóma. Það kom Benz-fólkinu á óvart að þriðja daginn, þegar blaðamennirnir gátu valið á milli frís eða meiri aksturs, völdu næstum allir meiri akstur. Það ber bæði bílnum og landinu gott vitni.“

Fyrir kynninguna voru um sjö tíu bílar fluttir sérstaklega til landsins og á vegum Benz komu um eitt hundrað starfsmenn til að vinna við kynninguna. Varahlutir, tæki og tól komu í tutugu 40 feta gámum og hér var sett upp fullkomið verkstæði þar þrjár vikur sem kynningin stóð yfir.

„Það er ekki spurning að við eigum eftir að sjá fleiri svona uppákomur hér á landi. Ekki bara frá Benz heldur öðrum framleiðendum líka,“ segir Jón Trausti. „Ísland er kannski svolítið dýr kostur en ætti að henta mjög vel þegar menn vilja vera með gæðakynningar. Flestir þeirra sem komu í GL-kynninguna voru háttsettir blaðamenn og ritstjórar. Það segir okkur að Ísland hefur mikið aðdráttarafl.“ einareli@frettabladid.is



Í Hvalfirði var búið að setja upp risastórt tjald sem flutt var inn frá Þýskalandi fyrir viðburðinn. Þar var hægt að fylgjast með HM í fótbolta á stóru sjónvarpi á meðan beiði var eftir matnum.



Við komuna í Hvammsvík bauðst blaðamönnum að reyna fyrir sér á sjúkajökum og Mercedes Benz fjallahjólum.

Bíll úr flokki A

Vika í Hollandi

Hagnaður suðurkóreska raf-tækjaframleiðandans Samsung dróst saman um ellefu prósent á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Fyrirtækið hagnaðist um tæpa 120 milljarða á fyrstu þremur mánuðum árs.

Forsvarsmenn Samsung segja að mikil samkeppni á markaði fyrir flatskjársjónvörp auk



minni sölu á farsímum en áður sé um að kenna. Þeir búast þó við betri árangri seinni hluta ársins.

Samsung tilkynnti á sama tíma um nýjan samning við japanska raftækjarisann Sony. Í samningnum felst að Samsung mun framleiða fimmtíu tommu flatskjársjónvörp fyrir Sony.

-jsk

AMERÍSKIR HEILSUDÝNUDAGAR



HEILSU OG HÆGINDADAGAR Í JÚLÍ



King
193x203 cm.
Cal. King
183x213 cm.
Dýna
Botn
Lappir
Hlífðardýna
Lúxuslak
AÐEINS KR
159.900,-


Queen
152x203 cm.
Dýna
Botn
Lappir
Hlífðardýna
Lúxuslak
AÐEINS KR
119.900,-



Val um 100% náttúruleg gæðafeni



Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði



Tvíhert háflróað gormakerfi

Störeyndir um SpringAir

EKKI MISSA AF ÞESSU!!!



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opð virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júní og júlí

Sagan endurtekur sig

Órói í Austurlöndum nær hefur oftast en ekki verið undanfari niðursveiflu á alþjóðamörkuðum. Átök Ísraela og Líbana koma illa niður á hagkerfum landanna en alþjóðlegir markaðir eru betur í stakk búnir en áður til að mæta verðhækkunum á olíu. Sérfræðingar segja þó að stjórnvöld víða um heim verði að feta einstigi; nauðsynlegt sé að hækka stýrivexti til að stemma stigu við verðbólgu. Það megi hins vegar ekki leiða til samdráttar. *Jón Skaftason* kynnti sér málið.

Óhætt er að segja að krísuástand ríki í Austurlöndum nær; Ísraelar halda uppi stöðugum loftárásum á höfuðborg Líbanon, Beirút, og Hizbollah-liðar svara með eldflaugaárásum yfir landamærin. Þegar þetta er ritað liggja tæplega tvö hundruð manns í valnum.

Kveikjan að átökunum var árás Hizbollah-liða yfir ísraelsku landamærin þann tólfta júlí síðastliðinn. Þrír ísraelskir hermenn voru myrtir og tveir til viðbótar teknir í gíslingu. Viðbrögð Ísraela voru snörp og vægðarlaus; loftárásir voru gerðar á alþjóðaflugvöllinn í Beirút, auk helstu samgöngumannvirkja, brúa og hraðbrauta. Þá innsigliðu Ísraelar höfnina í Beirút svo hvorki má koma birgðum til eða frá borginni sjóleiðina.

Stríð og styrjaldir eru ávallt mannlegrir harmleikir. Kostnaðurinn er þó ekki einungis talinn í mannlífum heldur líka í krónum og aukum. Hagfræðingar segja átökin ekki aðeins hafa áhrif á hagkerfi landanna tveggja sem í hlut eiga heldur heiminn allan.

Þeir svartsýnustu óttast að hagkerfi heimsins sigli í strand enda eru sagnfræðingur óþreytandi við að minna á að órói í Austurlöndum nær hafi oft verið undanfari niðursveifla; Olíuverð fimmfaldaðist árið 1973 í kjölfar Yom Kippurstríðsins svokallaða, þegar herir Egypta og Sírlendinga freistuðu þess að vinna aftur landsvæði sem þeir höfðu tapað í Sex daga stríðinu árið 1967. Heimskreppa fylgdi í kjölfarið.

Stríð Íraka og Írana á níunda áratug síðustu aldar var hagkerfum heimsins erfiður biti og sama gilti um fyrra Persaflóastríðið árið 1990. Sagan virðist sífellt endurtaka sig; óróa gættir í Austurlöndum nær, heimsmarkaðsverð á olíu hækkar upp úr öllu valdi og sprungur myndast í burðarsúlum hagkerfa.

PARÍS AUSTURLANDA

Beirút var hér áður fyrr kölluð París Austurlanda. Heimsborg þar sem hægt var að nálgast allt sem hugurinn girnist. Borgarastyrjöldin sem geisadi í landinu milli 1975 og 1990 svipti borgina þeim titli og nánast þurfti að endurbyggja hana frá grunni eftir stríðið. Endurreisn borgarinnar og landsins alls var vel á veg komin áður en síðasti kafli harmsögunnar hófst. „Fyrir viku var Beirút leikvöllur Austurlanda nær. Þangað flyktust hinir ríku og frægu, margir olíufurstar úr Flóanum, og skildu eftir sig haug af peningum. Nú þarf að byrja aftur frá grunni,“



RAFIK HARIRIS MINNST Á TORGI PÍSLARVOTTANNA Í MIDBORG BEIRÚT Hundruð þúsunda söfnuðust saman í miðborg Beirút þegar eitt ár var liðið frá morðinu á Rafik Hariri forsætisráðherra. Byggingakranar og stórframkvæmdir í baksýn bera endurreisn borgarinnar í kjölfar borgarastyrjaldarinnar vitni. Heimamenn segja allt unnið fyrir gíg; fótunum hafi verið kipt undan ferðapjónustu í landinu á fáeinum dögum.

sagði Michael Karam, ritstjóri Executiveviðskiptablaðsins sem gefið er út í Beirút.

Ríkisstjórn Líbanon segir árásir Ísraelsmanna nú þegar hafa kostað hagkerfið um fjórutíu milljarða íslenskra króna. Hlutabréf á markaði í Beirút höfðu fallið um fjórtán prósent áður en markaðnum var lokað tímabundið. Fasteignafyrirtækið Solidere, sem er stærsta skráða félagið á hlutabréfamarkaðnum, varð verst úti. Solidere var stofnað árið 1990, af Rafik Hariri, sem var forsætisráðherra landsins, og átti einna stærstan þátt í enduruppbyggingu Beirút-borgar.

Um fimmtán prósent tekna líbanska hagkerfisins koma úr ferðapjónustu og hafði ferðamönnum fjölgað um fimmtíu prósent það sem af er ári. Spár gerðu ráð fyrir að 1,6 milljón manna heimsæktu landið í ár og að tekjur af ferðamönnum næmu tæpum tvö hundruð milljörðum íslenskra króna. „Erfiðisvinna undanfarinna fimmtán ára var til einskis. Ferðamannaíðnaði í Líbanon hefur verið rústað á örfáum dögum,“ sagði Michael Karam ritstjóri.

Spáð hafði verið fimm prósent hagvexti í Líbanon á þessu ári en nú er jafnvel búist við neikvæðum hagvexti.

Átökin hafa ekki haft áhrif á ísraelska hagkerfið í jafn ríku mæli enda stendur það traustari fótum. Hlutabréf á markaði í Tel Aviv lækkuðu þó um átta prósent fyrstu tvo daga átakanna en gengu þó nokkuð til baka er markaðir opnuðu á mánudag. Neytendur hafa nánast algenglega haldið að sér höndum, þá sérstaklega í norðurhluta landsins sem á landamæri að Líbanon. Þá hafa ferðamenn afbókað hótélherbergi í stórum stíl og uppákomum verið aflýst. Hagfræðingar hafa í skyndi gefið út endurskoðaðar hagvaxtarspár; búast nú við þriggja prósent vexti ísraelska hagkerfisins en áður hafði verið spáð 5,2 prósent hagvexti.

OLÍUFATIÐ Í HUNDRAD DALI?

Leiðtogar G8 ríkjanna svokölluðu, samtaka helstu iðnríkja heims, funda nú í Pétursborg. Aðalumræðuefnið er ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs og þau áhrif sem það kann að hafa á hagkerfi heimsins.

Heimsmarkaðsverð á olíu hefur farið hækkandi undanfarin misseri og stendur fatið í rétt tæpum áttatíu bandaríkjadöllum. Sérfræðingar sjá ekki fyrir endann á hækkunum enda eftirspurnin gríðarleg auk þess sem órói í Austurlöndum nær er til þess fallinn að ýta verðinu upp. Ef Sírlendingar og Íranar hefja afskipti af deilunni, líkt og Íransforseti hefur hótað, þykir líklegt að olíuverð fari yfir hundrad dali á fatið. Það yrðu söguleg tíðindi.

Mikið hefur borið á fréttum þess efnis að olíuverð hafi aldrei verið hærra. Það er ekki rétt. Raunar er það svo að olíuverð fimmfaldaðist í kjölfar Yom Kippur-stríðsins og var talsvert hærra en það er nú sé tekið mið af verðbólgu. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur engu að síður fjórfaldast síðan snemma árs 2002.

Hagfræðingar telja þó ólíklegt að hækkandi olíuverð komi af stað einni allsherjar kreppu líkt og gerðist árið 1973, þrátt fyrir að ýmis teikn séu á lofti; í fyrsta lagi hafi verðbólga verið mun meiri þá en nú. Ódýr framleiðsla í Kína og Indlandi haldi verði niðri enn sem komið er. Auk þess sé alþjóða hagkerfið betur í stakk búið til að takast á við áföll.

Stjórnvöld víðs vegar um heim eru hins vegar vörud við að fljóta sofandi að feigðarósi. Larry Elliott, greinarhöfundur The Guardian, bendir á að það sem menn hafa talið aðalstyrk alþjóðamarkaða geti orðið fjármálakerfum að falli. Alþjóðlegir markaðir séu svo samtvinnuadír að í raun þurfi aðeins eitt tannhjól í vélinni að gefa sig. Verði til að mynda kreppa í Bandaríkjunum, sem drífur áfram eftirspurn í alþjóða hagkerfinu, fylgi framleiðsluríkin, á borð við Kína og Indland, í kjölfarið og úr verði ein allsherjar krísa.

Larry Elliott er hins vegar sannfærður um að stjórnvöld bregðist rétt við í þetta skiptið. Lítil fjármagnskostnaður hafi lagt grunninn að því velmegunarskeiði sem nú virðist senn á enda; stýrivextir í Japan hafi lengi verið í núlli og vextir í Bandaríkjunum og Evrópu verið lágir. Þess vegna sé rétt að hækka stýrivexti hægt og rólega og freista þess að hemja verðbólguna án þess þó að valda samdrætti.

Það hefur heldur ekki skapast neitt ófremdarástand á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum, heldur hafa orðið hóflegar lækkanir. Niðurstaðan er því sú að þótt líklegt sé að skóinn kreppi tímabundið er ekki ástæða til að óttast allsherjar kreppuástand.

THE WILD ICELAND

through the eyes of experts

Leyndardómar Mýrdalsjökuls sem umlykur eldfjallið Kötlu

Persónuleg þjónusta fagfólks með áratuga reynslu

SNJÓSLEÐAFERÐIR OG JEPPAFERÐIR

SÍMI: 487 1500, 893 3445 WWW.SNOW.IS

ARCANUM ADVENTURE TOURS

adventure architects / tour guides extraordinaire



ARCANUM

ADVENTURE TOURS

Hver er draumaliturinn þinn?

„Mig dreymir stöðugt um bústaðinn minn og allt það sem ég get gert til að gera hann enn fallegri... mig dreymir um *blaðgrænan*, *mosagrænan*, *skógarbrúnan*...“

concept

DRAUMALITIR



Slippfélagið
LITALAND
DUGGUVOGI 4 • 104 REYKJAVÍK • Sími 588 8000
www.slippfelagid.is

Við erum sérfræðingar í litasamsetningum og líka í viðarvernd. Við vitum að **Viðar** er það sem þig vantar. Vertu góð við sjálfa þig og viðinn, komdu í **Slippfélagið** og kaupu allt sem þarf.

Viðar er þekjandi viðarmálning sem er létt í vinnslu, flýtur vel og myndar þekjandi filmu án þess að viðarmynstrið tapist. **Viðar** myndar vatnsfráhrindandi og veðurþolna filmu. Í **Viðari** eru efni sem verja viðinn gegn niðurbrotsáhrifum sólarinnar og efni til varnar gegn sveppa- og gróðurmyndun.

BARÁTTA FYRIR BÆTTUM KJÖRUM Frá fundi verkalyðshreyfingarinnar á lækjartorgi 1. maí árið 1980.

Menn hafa ekki séð verðbólgu-tölur sem þessar í áraraðir. Margir muna hins vegar enn eftir verðbólgunni á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Þær minningar eru ekki gleðilegar enda mældist verðbólgan íðulega í tveggja stafa tölu og fór á tímabili yfir 100 prósent.



Þegar verðbólguþraugurinn re...

Verðbólgan hefur aukist jafnt og þétt síðustu misserin. Margir sjá ofsjónum yfir þessari þróun minnugir þess tíma tölu á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Litlar líkur eru þó á því að ástandið verði svipað enda Ísland gjörbmynd af þeim einkennilega tíma í sögu landsins þegar verðbólguþraugurinn reið húsum og fólk fann eignirnar rý

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,46 prósent á milli júní og júlí og mældist verðbólgan á ársgrundvelli 8,4 prósent, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar fyrir hálfum mánuði.

Seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti fjórum sinnum það sem af er árs til að halda verðbólgu niðri og standa vextirnir nú í þrettán prósentum. Þetta var jafnframt fimmtánda vaxtahækkun Seðlabankans á rúmum þremur árum og búast menn við enn frekari

hækkunum á árinu enda spá greiningardeildir viðskiptabankanna allt að níu prósentu verðbólgu í árslok.

Menn hafa ekki séð verðbólgu-tölur sem þessar í áraraðir. Margir muna hins vegar enn eftir verðbólgunni á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Þær minningar eru ekki gleðilegar enda mældist verðbólgan íðulega í tveggja stafa tölu og fór á tímabili yfir 100 prósent. Þessir tæpu þrjú áratugir sem telj-

ast til ógnarverðbólguáranna voru að mörgu leyti sérkennilegir en mynda grunninn að því samfélagi sem við þekkjum hér á landi í dag.

PENSLA Í KJÖLFAR AFLABRESTS

Umhverfið á Íslandi á áttunda og níunda áratug síðustu aldar var að mörgu leyti sem hér hefur verið síðastliðin ár. En margt var ólíkt. Aflabrestur varð í síld undir lok sjöunda áratuga síðustu aldar með þeim afleiðingum að eitt mesta samdráttarskeið hófst í sögu landsins. Atvinnuleysi jókst umtalsvert og fluttu á milli tvö til þrjú þúsund manns, til annarra landa í atvinnuleit, einna helst til hinna Norðurlandanna.

Árið 1971 voru þrengingarnar að baki og sneri mikill hluti fólksins aftur heim. Kjör bötnuðu mikið og einkaneysla jókst með þeim afleiðingum að vöruskiptahalli varð mikill. Hélt hann svo til neikvæður næstu tvo áratugin og lagaðist ekki fyrr en eftir 1991. Vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók því efnilegu búi af Viðreisnarstjórninni, sem fært hafði þjóðina nær nútímanum í þau tólf ár sem hún var við stjórn. Stjórn Ólafs lagði áherslu á að halda verðlagi stöðugu. Stóð fyrir hækkun launa, lengingu orlofs og hækkaði bætur almannatrygginga. Þá var gripið til ýmissa ráða í því markmiði að auka atvinnu landsmanna og var unnið markvisst að uppbyggingu og endurnýjun fiskvinnsluhúsa víða um land.

Atvinnuleysi var lítið, einungis 0,7 prósent

árið 1971 og mældist verðbólgan 6,4 prósent.

VERÐBÓLGAN ÚR BÖNDUNUM

Verðbólgan jókst nokkuð ári síðar en fór úr böndunum árið 1973 þegar hún hækkaði um 11,8 prósentustig og mældist 22,2 prósent. Atvinnuleysi var eftir sem áður lítið eða 0,4-0,7 prósent.

Ísland var talsvert einangrað frá alþjóðlegum fjármálamörkuðum á þessum árum. Ríkið starfrækti stærstu bankana og áttu sparifjáreigendur ekki í önnur hús að venda með laust fé. Sparifjáreigendur urðu illa úti þegar raunvextir urðu neikvæðir vegna hárrar verðölgu á þessum árum og báru almennar sparisjóðsbækur þegar verst lét 14,5 prósentu neikvæða ávöxtun en það merkir að sparifé fólks beinlínis gafaði upp á bankabókum. Viðhorf til banka og sparnaðar var vegna þessa þveröfugt miðað við það sem nú er, því ekki þótti það bera vott um klókindi og skynsemi í fjármálum að geyma fé sitt á bók.


Almenningur brást við með því að taka peningana út úr bankakerfinu og ýmist eyða þeim eða binda fjármagn sitt í steinsteypu, sem þótti öruggasta fjárfestingin. Ástandið var að margra mati skelfilegt en það skekkti verðskyn fólks auk þess sem það hvatti síður en svo til sparnaðar heldur til aukinnar neyslu.

HÆKKUN OLÍUVERÐS

Efnahagslífið tók dýfu árið 1974



ÞJÓÐARSÁTTARSAMNINGAR 1990 í kjarasamningunum var samið um hóllegar launahækkningar og vísitölutrygging launa afnumin. Þá lofaði ríkisstjórnin að halda genginu stöðugu.





ð húsum

þegar verðbólgan fór í þriggja stafa tölur. Hér verður varpað upp svipna í höndum sér.

þegar heimsmarkaðsverð á olíu fjórfaldaðist og raforka hækkaði mikið í verði. Þetta hafði mikil áhrif á útgerð en einnig á inn- og útflutning. Olíuverðshækkunirnar, sem áttu eftir að verða fleiri á næstu árum, fóru beint út í verðlagið. Vörur frá helstu viðskiptalöndum Íslendinga hækkuðu í verði vegna þessa og brugðust löndin við hækkuðum með því að draga úr innflutningi.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar urðu hins vegar til þess að laun hér á landi hækkuðu um 26 til 30 prósent. Við þetta bættist að margir fóru í fínu fötin, settu á sig bindi og burstaða skó og fóru á biðilsbuxum á fund bankastjóra í von um aukin lán, eins og tíðkaðist á þessum tíma. Útlánastarfsemi bankanna jókst um 62 prósent á árinu. Stórfelld gengisfelling lá í loftinu og sá fólk sér ekki annað fært en að binda fjármuni sína með öðrum hætti en á bankabók; það sá sér ekki annað fært en að festa þá í eigulegum hlutum eða lífsgæðum af hvaða tagi sem þau nefndust áður en verðgildi peninganna rýrnaði. Ódagot varð í eyðslunni og oft svo mikið að margar verslanir önnuð vart eftirspurn.

Við þetta varð vöruskiptajöfnuður afar óhagstæður, gjaldeyrisforði bankanna rýrnaði og verðbólgan jókst svo um munaði.

Gengið var svo lækkað með handaflí tvívegis, fyrst um 17 prósent árið 1974 og aftur um 20 prósent árið 1975. Þetta var fjarri einsaga í efnahagsmálum því gengið var að jafnaði lækkað einu sinni til tvisvar ári. Hvati

einstaklinga til að draga úr ofurneyslu og spara var skiljanlega enginn þegar allt kapp virtist vera lagt á að rýra gildi peninga.

VERÐTRYGGINGU KOMIÐ Á

Árið 1979 var svo komið að rúm 40 prósent verðbólga hafði verið viðvarandi árin á undan. Bankar voru ekki betur settir en sparifjäreigendur, sem höfðu tæmt bankabækur sínar, heldur fengu þeir lítið af lánsfjármagni sínu til baka. Lánin voru óverðtryggð og þar sem verðbólgan át þau upp hurfu þau ofan í vasa lántakenda, jafnt einstaklinga sem fyrirtækja, sem greiddu lítið sem ekkert til baka.

Þróunin snerist ekki við fyrr en árið 1979 með svokölluðum Ólafslögum, sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, sem tekið hafði öðru sinni við forsætisráðherraembætti í september árið 1978 og sat til eins árs, samþykkti. Lögin kváðu á um verðtryggingu lánaskuldbindinga en við það hvarf tilfærsla sem verið hafði á fjármagni frá sparifjäreigendum og tryggði vexti þeirra. Þessi breyting varð hins vegar til þess að mörg fyrirtæki sem voru skuldug komust í miklar þrængingar á áttunda áratugnum þegar þau þurftu að greiða raunvirði lána til baka með vöxtum.

MYNTBREYTINGIN TIL BATNAÐAR?

Þrátt fyrir þetta gekk illa að koma böndum á verðbólguna og var ákveðið að taka tvö nüll aftan af krónunni og prenta nýja peninga. Myntbreytingin kom til framkvæmda 1. janúar árið 1981. Ríkisstjórnin taldi þetta kjörið tækifæri til aðgerða í verðlagsmálum en þær báru hins vegar lítinn árangur. Víxlverkun verðbólgu og gengis skrúfaðist upp. Verðbólgan fór alvarlega úr böndunum síðla næsta ár og náðist ekki að halda aftur af henni fyrr en rúmu ári síðar. Í september 1982 hækkaði vísitala framfærslukostnaðar, sem nú heitir vísitala neysluverðs, um 8,4 prósent frá fyrri mánuði og þegar yfir lauk ári síðar hafði verðbólgan hækkað um heil 103 prósent á tólf mánaða tímabili. Það merkir, með öðrum orðum, að allt verðlag, meira að segja verð á mjólkurpotti, hafði tvöfaldast á einu ári. Að sama skapi þýðir það að sá sem átti peningaseðil í ágúst árið 1982 og hugsaði sér gott til glóðarinnar að ári liðnu fékk helmingsi minna fyrir seðilinn í ágúst árið 1983.

Í september sama ár hækkaði vísitalan svo um hálf prósent á milli mánaða og var það í fyrsta sinn í rúm tvö ár sem hækkanin var undir einu prósent. Þrátt fyrir það var langt því frá að böndum hefði verið komið á verðbólguna því á milli febrúar og mars hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 10,3 prósent á milli mánaða og jafngilti það 225 prósent verðbólgu á ársgrundvelli. Frá og með janúar 1983 til janúar 1984 mældist svo 70 prósent verðbólga og lækkaði hún nokkuð jafnt og þétt eftir það.

ÞJÓÐARSÁTTIN

Árið 1989 þótti aðilum vinnumarkaðarins nóg komið og ákváðu að reyna að snúa þróuninni við, lækka verðbólgu og vexti og ná jafnvægi í efnahagsmálum. Samið var um hóflegar launahækkunir en jafnframt var launþegum tryggðar bætur færi verðbólgan fram úr áætlun og vísitölutrygging launa afnumin. Þá lofaði ríkisstjórnin að halda genginu stöðugu. Forsvarsmenn atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og bænda undirrituðu svo kjarasamningin, svokallaða Þjóðarsátt, árið síðar.

Áhrifin létu ekki á sér standa. Vísitala neysluverð hækkaði einungis um 6,8 prósent árið 1991 og hafði verðbólga ekki mælst minni í 20 undangengin ár. Hækkaði hún um 1,7 til 2,3 prósent næstu árin sem er ótrúleg breyting frá fyrri áratug. Þá varð vöruskiptajöfnuður jákvæður en það var í fyrsta sinn á síðari hluta aldarinnar sem slíkt gerðist.

Óðaverðbólgan olli gríðarlegum skaða

„Það versta við verðbólgu-árin var það að menn voru farnir að trúá því að þetta væri óbreytanlegt ástand og að þeir væru tilneyddir til að lifa alltaf við þessa verðbólgu,“ segir Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Einar var framkvæmdastjóri Útgerðarfélag Flatteyrar á áttunda áratug síðustu aldar en formaður Vinnuveitendasambands Íslands árið 1990 þegar skrifað var undir þjóðarsáttina svokölluðu.

Einar Oddur segir fólk hafa verið orðið svo vant hárrí verðbólgu að allt var miðað við hana. „Skaðinn varð gríðarlegur,“ segir hann. „Við afvegaleiddum allar stærðir og öll markmið þannig að það fjárhagslega tjón sem hlaut af þessu

verður aldrei metið til fjár.“

Einar Oddur hefur lengi talað gegn stýrivaxtahækkunum Seðlabankans. Hann telur að Seðlabankinn hafi hækkað stýrivexti of snemma og vitnar til samræmdrar mælingar á vísitölu neysluverðs innan EES-ríkjanna. Mælingarnar hafi bent til þess að hér hafi engin verðbólga verið. Einungis hafi verið um að ræða hækkun á húsnæðisverði. „Stýrivaxtahækkunirnar, sem hófust of snemma, höfðu þau áhrif að vaxtamunurinn á milli Íslands og Evrópu hvatti mjög til gróðavonar og því streymdi hingað til lands óeðlilega mikið af peningum,“ segir hann og varar við víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags.

„Þetta var okkar banabiti



EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON Einar segir Seðlabankann hafa hækkað stýrivexti of fljótt og varar við viðlíka misgengi launa og lána og var árið 1983. FRÉTTAHLAÐIÐ/E.ÓL.

áður fyrr og þess vegna held ég að nýir kjarasamningar verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur séu ákaflega merkilegir,“ segir hann en leggur áherslu á að hún heppnist, svo verðbólgan hjaðni nógu fljótt til að koma í veg fyrir viðlíka misgengi launa og lána sem varð árið 1983. „Það var hræðileg klípa,“ segir hann. - jab

Barðist hatramlega gegn misgengi launa og lána

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, var 35 ára fjölskyldufaðir og fréttamaður á Sjónvarpinu árið 1983. Hann stóð í sömu sporum og margir jafnaldrar hans á þessum árum og blöskraði sú háa verðbólga sem verið hafði. En fleira spilaði inn í.

„Stóra sprengingin varð sumarið 1983 þegar verðbólgan fór upp úr öllu valdi. Þá urðu þau ráð til í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar að skera á vísitölu launa en láta lánskjaravísitöluna ósnerta. Úr varð það sem kallað hefur verið misgengi launa og lána en niðurstaðan varð að menn lentu í algjörum vitahring,“ segir Ögmundur en við þetta stóðu laun í stað en lán sem fólk hafði tekið ruku upp úr öllu valdi. „Menn vissu ekkert hvað í vændum var og því komu rádstafanir ríkisstjórnarinnar eins og þruma úr heidskíru lofti,“ segir hann.

Í ágúst saman ár ákváðu menn að taka höndum saman gegn misgenginu og úr varð Sigtúnshreyfingin svokallaða. „Hún var merkileg fyrir þá sök að í henni sameinuðust nánast allir sem höfðu áhyggjur



SKRIFAÐ UNDIR KJARASAMNINGA ÁRIÐ 1990 Ögmundur var formaður BSRB þegar þjóðarsáttin var gerð árið 1990 en hafði barist fyrir því sjö árum fyrr að ungu fólki yrði gert auðveldara að festa kaup á húsnæði.

af þessu ástandi og vildu aðgerðir til mótvægis án þess að vera niðurnjörvaðir innan pólitískra girðinga.“

Meðlimir Sigtúnshreyfingarinnar voru á bygginga- og íbúðakaupaaldrinum, sem að sögn Ögmundar var á þessum tíma á milli 30 og 40 ára. „Ástæðan fyrir því er sú að mig grunar á að íbúðakaupaaldrinn hafi verið aðeins hærri þá en nú,“ segir hann og bendir á að nokkuð erfiðara hafi verið að kaupa íbúðir fyrir tilkomu íbúðalánasjóds og því geti það verið ástæðan fyrir því að fólk hafi verið eldra þegar það festi kaup á húsnæði.


Framlag hins opinbera

til kaupanna var einungis 20 prósent árið 1983 en nú er það allt að 80 prósent. „Það var eiginlega ekki neitt,“ segir hann og bendir á að meðal annars hafi Sigtúnshreyfingin áorkað því að íbúðalánakerfið styrktist mjög í sessi í kjölfarið og jókst framlag hins opinbera til íbúðakaupa almennings talsvert frá því sem áður var.

Ögmundur segir menn verða að hafa þetta hugfast nú þegar verðbólgan er komin á skrið á sama tíma og laun standa í stað. „Það þarf að berja verðbólguna núna niður og sjá svo til þess að launataxtar þróist með vísitölu,“ segir hann. - jab

LANDI FRÁ ÁRINU 1970

ÍSLAND Í 30 ÁR				
	1976	1986	1996	2006
Mannfjöldi	220.918	224.004	269.727	300.000
Atvinnuleysi	0,5%	0,7%	4,3%	1,3%
Verðbólga	32,2%	21,3%	2,3%	8,4%



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Heil kynslóð hefur vaxið upp án þess að þekkja verðbólgu.

Nauðsynlegur ótti við verðbólgu

Hafliði Helgason

Hættan á því að verðbólga fari úr böndunum hér á landi er raunveruleg. Rangar ákvarðanir í stjórn efnahagsmála geta kostað þjóðina mikið og rúðið hana því trausti sem hún hefur skapað sér á alþjóðavettvangi. Með opnara hagkerfi eru Íslendingar partur af stærra samhengi alþjóðaviðskipta en nokkru sinni fyrr. Ein helsta eign þjóðarinnar er í því samhengi traust og trúverðugleiki. Traustið og trúverðugleikinn hanga svo saman við stöðugt skynsamlegt samfélag þar sem stjórn efnahagslífsins er í sæmilegu lagi. Þetta hefur tekist að varðveita undanfarin ár.

Að undanförunu hafa verið blikur á lofti í efnahagsmálum og ákveðins kæruleysis gætt gagnvart aðstoðjandi vanda. Kannski liggur það kæruleysi í því að upp er vaxin kynslóð sem man ekki verðbólguárin á Íslandi.

Upprifjun á því ástandi er þörf. Heimur hins lokaða, miðstýrða og óstöðuga hagkerfis er ekki langt undan. Á þessum árum var ekki bara ómögulegt að leggja pening til hliðar, það var beinlínis heimskulegt að reyna það. Lán voru takmörkuð gæði og þeir sem gátu beint pólitískum áhrifum til að fá aðgang að lánum í pólitískt stýrðu bankakerfi þurftu ekki að borga nema brot af virði þeirra til baka. Leiðin til eignamyndunar var með því að nýta slík lán til að byggja stór hús. Afleiðingin var arkitektúr sem tók meira mið af fermetrum en nýtingu rýmis og fagurfræði. Þá var gott að vera vel tengdur pólitískt og geta bæði fengið lán og lóð.

Ótengdur almenningur bjó við aðra kosti. Menn kepptust við að eyða launum sínum áður en peningarnir urðu að engu. Þeir litlu sjóðir sem eldra fólk hafði byggt upp til að mæta efri árum brunna á báli verðbólgunnar og urðu að engu. Niðurstaðan var afar óheilbriggt samfélag þar sem almennar dygðir eins og ráðdeild og dugnaður unnu á móti mönnum meðan ódygðir eins og pólitísk spilling og eyðslusemi voru verðlaunuð.

Verðtryggingu var komið á til að verja eignir og hvetja til sparnaðar. Það var nauðsynlegt skref til að snúa af braut verðbólguhugarfarsins. Ungt fólk þarf alla jafna á lánsfé að halda til að koma þaki yfir höfuðið. Ungt fólk þessa tíma var fest í spennitreyju þar sem fór saman verðtrygging og há verðbólga.

Þessi blanda var skelfileg og þrængdi mjög að þeirri kynslóð sem var að stíga út á vinnu- og húsnæðismarkað.

Óðaverðbólga nú myndi hafa svipaðar afleiðingar. Kaupmáttarrýrnun og hækkandi skuldir myndu setja stóran hóp ungs fólks á hausinn. Slíkt rýrir ekki bara jarðföst verðmæti, heldur hefur afleiðingar á andlegt atferli heillar kynslóðar. Fátt brýtur fólk meira niður en stöðugar fjárhagsáhyggjur og atvinnuleysi.

Það er því mikið í húfi og nauðsynlegt að almenningur geri sér grein fyrir því að hagsmunirnir liggja í því að kveða niður verðbólgunu jafnvel þótt spóinn sé tekinn úr askinum um stundarsakir.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfrídur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Í ferðalagið

Mikið úrval af LCD flatskjám og loftnetum tilvalið í ferðalagið.



17" LCD flatskjár með innb. DVD 12V/220V



20" LCD 12V/220)



15" LCD flatskjár með innb. DVD 12V/220V

eico

SKÚTUVOGI 6
SÍMI 570 4700 • www.eico.is

Völd lífeyrissjóða

ORD Í BELG

Pórður Pálsson
forstöðumaður
greiningardeildar KB
banka



öðrum sparnaði.

Þetta veldur því að möguleg völd og ítök lífeyrissjóða eru í raun meiri en stærð þeirra ein og sér segir til um, þar sem stærð þeirra miðað við aðra á markaðinum ýkist við það að sparnaðurinn sem lífeyrissjóðirnir hafa yfir að ráða hefur að einhverju leyti rutt úr vegi öðrum sparnaði.

Í lífeyrissjóði kunna því að safnast töluvert mikil völd sem ósátt getur skapast um ef þeim er ekki beitt gætilega og raunar sömuleiðis ef þeim ekki er beitt nægjanlega.

Eitt af því sem hefur verið mikið til umræðu er hvort réttlætning sé að fjárfesta í fyrirtækjum sem stunda hvers kyns starfsemi sem fólk telur óæskilega. Ég tel óhjákvæmilegt að kröfur um slíkt verði háværari hérlendis. Ef um beina fjárfestingu fólks er að ræða væri þetta ekkert vandamál, þeir sem ekki vilja fjárfesta í einhverju tilteknu fyrirtæki sleppa því einfaldlega. Í tilfelli lífeyrissjóða sem fjárfesta fyrir hönd stórs hóps fólks sem hefur mismunandi gildismat er þetta vandasamara. Það er erfitt ef ekki ómögulegt að koma sér saman um hvaða gildismat á að ráða fjárfestingum sjóðanna. Hætt er við að gildismat þeirra sem verst láta og hæst hafa verði ofan á. Þannig sjáum við til dæmis hvernig það hefur færst í vöxt hjá öfgafullum jaðarhópum að reyna að knýja fram skoðanir sínar með skrúslátum.

Það væri mjög óæskilegt að láta þessa götupólitík hafa áhrif á fjárfestingaákvörðanir lífeyrissjóða. Því hún vinnur gegn hagsmunum alls almennings, venjulegs fólks sem vill að fjármunir þess séu ávaxtaðir í ró og næði og verja tíma sínum með fjölskyldu sinni en ekki á mótmælafundum eða í setuverkföllum.

Annað atriði sem vert er að huga að eru ítök lífeyrissjóða í stjórnun fyrirtækja. Eignir lífeyrissjóða eru nú um 120% af vergri landsframleiðslu. Því er ljóst að möguleg ítök lífeyrissjóða í stjórnun innledda fyrirtækja eru og verða mjög mikil. Eiga lífeyrissjóðir að nota þessi áhrif sín? Eiga þeir yfirhöfuð að hafa þau? Ein hugmynd sem rædd hefur verið er að sjóðsfélagar kjósi beint í

stjórnir sjóðanna, að mínu mati leysir það hins vegar engan veginn vandann sem vald sjóðanna kann að fela í sér.

Hættan er sú að þegar jafnmikið vald safnast á tiltölulega fáar hendur og þegar þeir sem ákvarðanirnar taka gera það í umboði annarra, en eru ekki beinir eigendur, að ákvarðanir verði byggðar á öðrum en arðsemi.

Önnur hættan er hins vegar sú að lífeyrissjóðir séu stórir hluthafar í fyrirtækjum en sinni þeim ekki og veiti stjórnendum fyrirtækjanna ekkert aðhald. Vald lífeyrissjóðanna dettur þá ekki að öllu leyti dautt niður heldur færast til. Annað hvort til annarra stórra hluthafa, sem þá geta haft meiri ítök í stefnu fyrirtækisins en beinn eignarhlutur þeirra segir til um, eða til stjórnenda fyrirtækisins ef aðrir hluthafar fyrirtækisins eru ekki sterkir. Í þessu efni stöndum við frammi fyrir því að lífeyrissjóðirnir þurfa að finna jafnvægi í starfsemi sinni, jafnvægi sem mun valafalítið breytast ört og verða margbreytilegt á næstu árum.

Stjórnunarháttir fyrirtækja hafa verið mikið í umræðunni að undanförunu. Það er ljóst af umræðu undanfarna vikna að margir erlendir aðilar leggja mikið upp úr mati á stjórnunarháttum og þeir hafa áhrif á bæði trúverðugleika einstakra fyrirtækja og markaðarins í heild. Gylfi Magnússon bendir á, í skýrslu sem hann vann fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (http://www.lsr.is/Files/2006_4_6_LSR_skýrsla_lokaútgafa.pdf), hag lífeyrissjóða af göðum stjórnunarháttum og að þeir geta vegna stærðar sinnar bæði veitt almannagæði og jafnframt stuðlað að göðum stjórnunarháttum og haft af því einkaábata sem nemur meiru en kostnaðinum.

Slík áhersla getur hjálpað til við að hemja samþjöppun valds í bæði lífeyrissjóðum og fyrirtækjum. Lausnin hlýtur þó að liggja í því að eigendur fjárisins geti með beinni hætti komið að ráðstöfun þess. Það gæti verið með þeim hætti að sjóðsfélagar lífeyrissjóða gætu greitt atkvæði á hluthafafundum í samræmi við óbeinan eignarhlut sinn í fyrirtækjum og fengið að hafa aukin áhrif á hvernig lífeyri þeirra er ráðstafað með auknu valfrælsi innan sjóðanna. Þannig yrðu lífeyrissjóðirnir þjónustufyrirtæki sem t.a.m. sæju um að fjárfestingastefna hvers og eins væri í samræmi við lög, en ekki valdastofnanir, enda er það ekki markmið laga um lífeyrissjóði.

(Byggt á erindi sem höfundur flutt á morgunverðarfundi LSR 6. apríl)

STARFSMANNAMÁL

Heiðarleikapróf

Nýlega létu yfirvöld í New York gera heiðarleikapróf í Bandaríkjunum. Þá voru notaðir lygamælur og aðferðin fólst meðal annars í því að borin voru saman misjöfn viðbrögð umsækjenda við spurningum eins og: „Hefurðu einhverna tímann stolið frá vinnuveitanda þínum?“ og „færðu þér alltaf egg og beikon í morgunmat?“ Rannsóknir með lygamælum finna, auk annars, breytingar á andardrætti sem stafa af hræðslu eða óróleika. Í dag eru lygamælapróf minna notuð í Bandaríkjunum sökum sterkrar löggjafar og réttarstöðu umsækjenda og eru prófin einskorðuð við störf sem meðal annars snúa að heilbrigðiskerfi og störf fyrir ríkisstjórn. Í staðinn hefur aukist notkun á papp-

til að finna út hvort umsækjendur séu óheilbrigðir. Áður fyrr var notkun á lygamælum algeng við heiðarleikapróf í Bandaríkjunum. Þá voru notaðir lygamælur og aðferðin fólst meðal annars í því að borin voru saman misjöfn viðbrögð umsækjenda við spurningum eins og: „Hefurðu einhverna tímann stolið frá vinnuveitanda þínum?“ og „færðu þér alltaf egg og beikon í morgunmat?“ Rannsóknir með lygamælum finna, auk annars, breytingar á andardrætti sem stafa af hræðslu eða óróleika. Í dag eru lygamælapróf minna notuð í Bandaríkjunum sökum sterkrar löggjafar og réttarstöðu umsækjenda og eru prófin einskorðuð við störf sem meðal annars snúa að heilbrigðiskerfi og störf fyrir ríkisstjórn. Í staðinn hefur aukist notkun á papp-

irs- og pennaprófum um heim allan sem innihalda spurningar sem leita eftir óheilbrigðum eða heiðarlegum viðhorfum umsækjanda. Slíkt próf einblína á fyrri hegðun og viðhorf eins og: „Hefurðu verið kæður fyrir þjófnað?“ og „ætti fyrirtækið að reka þá sem hafa stolið frá því?“ Heiðarleikapróf eru talin gefa ágæta forspá um árangur í starfi. Af ellefu aðferðum sem rannsakadaur voru með forspárgildi um frammistöðu í starfi í huga var heiðarleikapróf í fimmta sæti á eftir stöðluðum viðtölum, greindarprófum, vinnusýnum og starfsþekkingarprófum.

Sif Sigfúsdóttir
M.A. mannauðs-
stjórnun



ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRN: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. ADALSLÍMI: 550 5000 SÍMRFÉ: 550 5006 NETFÖNG: ristjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Ennþá kæti í kortanotkuninni

Greiningardeild Glitnis skoðaði kortanotkun og einkaneyslu landsmanna. „Enn er töluverður vöxtur í einkaneyslu samkvæmt tölum um greiðslukortanotkun landsmanna en Seðlabankinn birti nýlega tölur um notkun greiðslukorta og tákka í júní. Kemur þar fram að kortanotkun jókst frá fyrri mánuði um 4,5% og var aukningin svipuð hvort sem um er að ræða debet- eða kreditkort. Sé miðað við sama mánuð í fyrra er þó þróunin ólík milli þessara greiðslukortategunda. 12 mánaða aukning debetkortanotkunar var þannig 5,5%

ÞJÓÐARSÁLIN

en aukning notkunar kreditkorta á sama tímabili hins vegar 23,5%. Færslur á vegum fyrirtækja gera túlkun talna um debetkortanotkun erfiða, og því gefa tölur um notkun kreditkorta gleggri mynd af þróun einkaneyslu.

Heildarvelta vegna kreditkorta var 22,7 ma.kr. í júní. Af því voru 18,6 ma.kr. vegna notkunar innanlands en 4,1 ma.kr. vegna notkunar erlendis. Á föstu verðlagi nam aukning á innanlandsnotkun 12,5% frá sama mánuði í fyrra. Aukning erlendis

var hins vegar nokkuð minni, sé miðað við fast gengi, eða 10,9% milli ára. Mjög hefur dregið úr raunaukningu kreditkortanotkunar erlendis, en á seinni hluta síðasta árs og fyrstu mánuðum þessa árs var aukning milli ára oftast á bilinu 30-50%. Kann það að vera vísbending um að landsmenn fari sér nú hægar en áður í neyslu í utanlandsferðum sínum.

Sterkt samband er milli raunþróunar kreditkortaveltu og einkaneyslu. Einföld aðhvarfsgreining þar sem stuðst er við ársfjórðungsgögn frá 2002-

2006 gefur þá niðurstöðu að raunbreyting einkaneyslu milli ára samsvari u.þ.b. tveimur þriðju raunbreytingar kreditkortanotkunar á sama tímabili. Skýringarmáttur jöfnunnar er 0,82 og gefur notkun kreditkorta því allgóða vísbendingu um þróun einkaneyslu. Sé stuðst við ofangreinda jöfnu og tölur um kreditkortanotkun í apríl-júní má gera ráð fyrir að raunvöxtur einkaneyslu á öðrum ársfjórðungi hafi verið í námunda við 10% frá fyrra ári. Við gerum svo ráð fyrir að mjög dragi úr aukningu einkaneyslu á seinni hluta ársins, og á næsta ári er líklegt að hún dragist nokkuð saman,“ segir Greining Glitnis.



SPÁKAUPMAÐURINN

Blessað barnalán

Ég hef gengið með smá fjárfestingatækifæri í maganum að undanfögnu. Það krefst reyndar dálítið mikilla fjármuna og ég get engan veginn greint frá því að svo stöddu. Það er fínt að kunna að tala, en það er stundum mikilvægt að þegja. Ég hef tekið eftir því að þeir sem tala af sér eru ekki endilega málgláðasta fólkið, heldur þeir sem panikera og vita ekki hvað þeir eiga að segja.

Jæja, nema hvað að bankarnir eru orðnir svo tregir til að lána þessa dagana og heimta stöðugt meiri veð. Þá gildir einu þótt maður hafi jafn brílljant viðskiptasögu að baki og raunin er. Þessir andskotar eru náttúrlega búnir að græða sig rænulausa á snjöllum mönnum eins og mér. Svo þegar aðeins harðnar á dalnum, þá er eina svarið sem maður fær. „Við þurfum meiri veð.“

Það er náttúrlega búið að „downgreida“ húsið og ekki vilja menn hleypa manni hátt í veði á hlutabréfum. Af því að ég tel mig nú góðan í því sem ég geri og er auk þess ráðsnjall, þá datt mér í hug að höfða aðeins til nútímans í þessu bankaliði. Menn hafa mikið velt sér upp úr mannaúðnum og sífellt er talað um að í æskunni búi kraftur og fjárfesting framtíðarinnar. Mér datt því í hug hvort ekki mætti veðsetja krakkana eða öllu heldur framtíðarvæntingar til þeirra.

Þetta er þekkt með ýmsa hluti að gera afleiðusamninga. Hvers vegna ekki krakkana. Ég náði í einkunnablað stráksins og stelpunnar sem er flott. Mjög flott hjá stelpunni, en strákurinn stendur sig vel í því sem máli skiptir fyrir lífið. Svo fékk ég vottorð frá fótþolþjálfaranum um mikið kapp og þrautseigju.

Ég gerði ráð fyrir að fá meira út á strákinn þar sem aföll eru enn talsverð af konum.

Niðurstaðan af þessu var náttúrlega sú að þetta tal um mannaúð og framtíðin sé í æsku landsins er náttúrlega tómtpíp. Því ef raunveruleg verðmæti lægju í þessu tvennu, þá ætti að vera vandræðalaust að gera afleiðusamninga um slíka hluti. En það er semsagt ekki hægt eins og ég komst að.

Spákaupmaðurinn á horninu

allt
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

visir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Saab 97

Jeppinn frá Saab
Splunkuný klassík!

Hvað gerist þegar klassískur bílaframleiðandi sem rómaður er fyrir framúrskarandi öryggi og hönnun bíla sinna tekur að framleiða jeppa? Svarið er einfalt: Það verður til nýr afburða bíll! Fágun og klassi Saab 9-7X eru greinileg við fyrstu sýn og innra rýmið er einstaklega vel lagað að þörfum öikumansins og dregur dóm af stjórklefum flugvéla. Saab 9-7X er frábærlega fjölhæfur og þægilegur í akstri, ákveðinn en mjúkur, einstaklega kraftmikill og skemmtilega lipur í senn.

Verð 5.790.000 kr.

Klassi, öryggi, stíll!

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Selfossi 482 3100	Njarðvík 421 8808	Akranesi 431 1376	Höfn í Hornafirði 478 1990	Reyðarfirði 474 1453	Akureyri 461 2960
-------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	----------------------------	----------------------	-------------------

Barist gegn veð- málum á netinu

Fulltrúadeild bandaríska þingsins ætlar að skera upp herðir gegn veðmálum á netinu og hyggst setja lög sem koma í veg fyrir að hægt verði að millifæra fjármagn af greiðslukortum og bankabókum á netsíður þar sem hægt er að stunda veðmál.

Að sögn bandarískra þingmanna eru 2.300 vefsíður starfræktar í Bandaríkjunum þar sem netverjum er gert kleift að veðja um allt milli himins og jarðar og er velta þeirra talin nema tólf milljörðum bandaríkjadala, jafnvirði 895 milljarða íslenskra



VEÐJAB Á NETINU Bandaríska þingið stefnir að því að setja lög gegn veðmálum á netinu. FRETTABLAÐIÐ/AFP

króna á ári. Helmingur veltunnar er talinn koma úr vasa bandarískra netverja en afgangurinn frá öðrum löndum. - jab

Er veðurvælið gróðavænlegt?

Það jaðrar við þráhyggju hversu mjög Íslendingar velja sér og öðrum upp úr veðrinu. Þessi umræða fylgir flestum eins og skugginn og margir hafa varla lifað heilan dag án þess að ræða, eða heyra talað um, blessað veðrið. Hver hefur ekki hugsað "ég er kominn með nóg af veðurtali" og misst svo út úr sér við kaffivélina andartaki síðar: "Mikið er veðrið leiðinlegt, ætlar aldrei að hætta að rigna?"

Á vef MP Fjárfestingarbanka er skemmtileg þæling sem gefur þá ljúfu von um að ef til vill fylgi þessu forna böli einhver blessun eftir allt saman. Þar er sagt frá því að bandarískir sérfræðingar hafi komist að þeirri niðurstöðu að veður, og breytingar á veðri, hafa bein áhrif á um þriðjung bandaríska hagkerfisins. Ef við gefum okkur að svipaða sögu sé að segja hér á landi hlýtur þá að vera til mikils að vinna fyrir íslensk fyrirtæki ef þau geta minnkað áhrif



SJALDSJÉÐ SJÓN Í SUMAR Það væri ekki amalett að geta selt rigninguna og rokið. Þá væru Reykvikingar ríkir eftir sumarið.

veðurs á afkomu sína.

Erlendir stjórnendur fyrirtækja eru fyrir löngu búnir að uppgötva að þeir geta takmarkað þessi áhrif með því að eiga viðskipti með svokallaðar veðurafleiður. Afleiður eru, í afar einföldu máli sagt, notaðar til þess að draga úr áhættu í viðskiptum. Veðurafleiður eru samningar sem

greiða eiganda sínum ákveðna upphæð þegar vissum veðurskilyrðum er fullnægt.

Í dag er hægt að eiga viðskipti með skráðar veðurafleiður, til dæmis í kauphöllinni í Chicago. Einn er þó sá hængur á að erfitt er fyrir smærri aðila að taka þátt, þar sem staðlaðir samningar eru stórir. Nú er því bara að bíða þess að einhver opni einstaklingsmarkað með veðurafleiður. Því, eins og MP Fjárfestingarbanki bendir á á vef sínum, hefði það ekki verið amalett fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, sem mest hafa kvartað og kveinað undað veðrinu í sumar, að geta selt alla þá rigningu og allt það rok sem hefur hrjád þá að undanförunu. Þannig hefði hinn almenni rigningapreytti borgari ef til vill getað þyngt sína pyngju með brostnum veðurvönunum - og þá kannski varið sig gegn geðheilsutapi og öðrum tilfallandi kostnaði í leiðinni. - hhs

Markmál

Þýðingar og skjalagerð

Aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003

Jakki
Stærðir 48-64
5.330.-

Vesti
Stærðir M-XXL
4.600.-

Buxur
Stærðir 48-64
Frá 4.160.-

Góður vinnufélagi

ARCTIC WEAR
Vinnuföt - Hlíðarföt Vesturvör 7 • 200 Kópavogi • Sími: 534-2900 • Fax: 534-2901

Skrifstofuhúsgögn



Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

Windows Vista enn á áætlun

Forsvarsmenn bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft segja að gríðarháar sektir, sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur skikkað fyrirtækið til að greiða vegna brota á samkeppnislögum og fyrir að gangast ekki við ákvæðum sambandsins, muni ekki hafa áhrif á útgáfu nýs stýrikerfis. Stefnt er að því að fyrirtækjaútgáfa nýja stýrikerfisins, Windows Vista, komi út í nóvember en útgáfan fyrir heimilistölvur í janúar á næsta ári.

Framkvæmdastjórnin telur að Microsoft hafi ekki orðið við tilskipun ESB frá 2004 um að fyrirtækinu bæri að gefa samkeppnisaðilum upplýs-

ingar um kóða og innviði stýrikerfis Microsoft svo fyrirtæki gætu búið til betri hugbúnað sem styðji við kerfið og ákvað að sekta fyrirtækið í síðustu viku um 280,5 milljónir evra, jafnvirði 26,9 milljarða íslenskra króna.

Sektin bætist við eldri sekt upp á tæplega hálfa milljón evru, sem ESB dæmdi Microsoft til að greiða fyrir tveimur árum fyrir að skilja ekki myndspilarann Windows Media Player frá stýrikerfi sínu.

Fastlega er búist við að nýja stýrikerfið geti haft áhrif á sölu einkatölva og íhluta og geti tafir því haft neikvæð áhrif á sölu tölvubúnaðar. - jab

Við viljum að þú nair árangri

Hinnik Pétursson | www.mmedia.is/hip

“Við vitum að með réttum tækjum og tólum eiga viðskiptavinir okkar meiri möguleika að ná árangri í sinni starfsemi. Okkar markmið er að aðstoða þá til góðra verka enda vitum við að velgengni okkar byggist á velgengni viðskiptavinnanna.“

Guðríður Ólafsdóttir
Yfirmaður fyrirtækjasviðs

Suðurlandsbraut 22,
108 Reykjavík
Sími 540 1500
www.lysing.is

LÝSING

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is





1928

VERSLUN • VÖRUHÚS



www.1928.is

Kynningarverð fyrir heimilið og sveitasetrið

LÁGT VERÐ



Vínrekki 65x35x85
Verð áður 17.800
Verð nú 14.200



Bekkur 116x46x80
Verð áður 29.800
Verð nú 23.800



Consola 120x40x80
Verð áður 28.000
Verð nú 23.000




Borð 135x90x80
Verð áður 36.000
Verð nú 28.800



Veggskápur 50x21x69
Verð áður 13.900
Verð nú 11.000



Diskarekki 62x24x76
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900



Hilluhengi 70x20x40
Verð áður 5.800
Verð nú 4.600



Kommóða 85x40x96
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000



Kertastjakar frá 1000.- kr



Náttskápur 46x36x71
Verð áður 15.800
Verð nú 12.650



Kommóða 85x40x96
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000



Speglar
3 stærðir
verð frá 2.960.- kr



Tvöfaldur glerskápur
107x40x184
Verð áður 68.000
Verð nú 54.500



Glerskápur 49x39x180
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000



Náttborð 41x33x64
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900



Skápur á borð eða vegg
71x22x52
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900



Bókahillur tvær stærðir
64x33x181 og
90x38x185
Verð frá 28.000



CD standur 26x20x107
Verð áður 13.000
Verð nú 10.400



Glerskápur 60x36x182
Verð áður 44.000
Verð nú 35.000



Skatthol 80x48x102
Verð áður 23.000
Verð nú 18.400



Hár skenkur 86x40x190
Verð áður 68.000
Verð nú 54.400

Hornskápur 67x40x180
Verð áður 33.800
Verð nú 27.000



Skenkur 130x43x87
Verð áður 49.900
Verð nú 39.900

Söluaðilar: Versluninni Þórðarhöfða Sauðárkrók, Draumland Keflavík, Blómaborg Hveragerði og Hólmar húsgagnaverslun á Reyðarfirði

Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480

Opnunartími: mán - föst 10-18 og lau 11-16

Nýtt kortatímabil



Mynd eftir Þorstein Helgason

Íslensk list er góð gjöf

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18,

Opið á Rauðarárstíg laugardaga kl. 11-16,

LISTMUNASALA
fold

Sjáumst í Galleríi Fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FÓLK Á FERLI



HAFÞÓR HAFSTEINSSON hefur tekið við stjórnarformennsku Air Atlanta Icelandic og Avion Aircraft Trading og látið af stöðu forstjóra Air Atlanta Icelandic. Hann leiðir áfram flugþjónustusvið Avion Group sem forstjóri þess afkomusviðs. Hann kemur til með að leggja aukna áherslu á framtíðarsýn, þróun viðskiptatækifæra og samhæfingu félaga. Hann mun einnig koma að daglegum rekstri Avion Aircraft Trading sem er ný afkomueining innan flugþjónustusviðsins. Hafþór, sem er 40 ára, hefur starfað við flugrekstur í tæp tuttugu ár þar af fimmtán ár hjá Air Atlanta Icelandic og Avion Group.



HANNES HILMARSSON tekur við stöðu forstjóra Air Atlanta Icelandic af Hafþóri Hafsteinssyni sem verður stjórnarformaður félagsins. Hannes, sem er 41 árs, hefur verið framkvæmdastjóri fjármálasviðs og aðstoðarforstjóri Air Atlanta Icelandic frá því um síðustu áramót. Hann hefur starfað við flugrekstur undanfarin 16 ár, þar af fjórtán ár í stjórnendastöðum hjá Icelandair bæði hérlendis og erlendis og síðastliðin tvö ár hjá Avion Group og Air Atlanta Icelandic. Hann er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.



KÁT VIÐ VERÐLAUNAAFHENDINGU Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið TM Software Maritech hlaut verðlaun sem samstarfsaðili ársins í hugbúnaðarlausnum hjá Microsoft Business Solutions.

Microsoft verðlaunar TM

Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið TM Software Maritech hlaut í síðustu viku verðlaun sem samstarfsaðili ársins í hugbúnaðarlausnum hjá Microsoft Business Solutions. Verðlaunin, sem veitt voru á árlegri heimsráðstefnu Microsoft í Boston, voru veitt fyrir þróun og markaðssetningu á WiseFish-hugbúnaðarlausnum sem þróaðar eru fyrir Dynamics NAV og notaðar í sjávarútvegi um allan heim.

Í fréttatilkygningu frá TM Software Maritech segir að fyrirtækið hafi verið valið úr hópi þúsunda fyrirtækja sem veita þjónustu tengda Microsoft Business Solutions. Við val á

fyrirtæki ársins hafi verið litið til lykilkáttanna eins og árangurs í sölu, sérfræðispekkingar á vöru og þjónustu Microsoft, ánægju viðskiptavina og álitssamstarfsaðila.

TM Software Maritech hefur unnið að þróun WiseFish-upplýsingakerfisins í fimmtán ár og innleitt það hjá ríflega átta hundruð viðskiptavinum í tólf löndum. WiseFish er hannað með þarfir sjávarútvegs og fiskeldis í huga og nær til allrar virðiskeðju sjávarútvegs og fiskeldis. WiseFish gerir rekjanleika vöru einnig mögulegan en þá er ferill vöru frá veiðum rakinn alla leið til neytandans.

- hhs

Slátturvélamarkaðurinn

Ný verslun á Vagnhöfða 8

(sama gata og Bílabúð Benna)

S: 517 2010

www.slattuvel.is

Flymo
Electrolux

Electrolux

Sumartilboð

Flymo
loftpúðavélarnar
komnar

Verð frá 19.900.-

PARTNER Rafmagns vélsög

með búkka

Verð kr. 9.900.-

PARTNER Bensín vélsög

Verð kr. 14.900.-

Bestu verðin í bænum

Ótrúlegt verð

Nýtt

Briggs & Stratton orf
Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Örstutt er í alla þjónustu eins og skóla, leikskóla, stórmarkað og heilsugæslu.

Allar nánari upplýsingar veitir Marel Baldvinsson s: 846-8409 eða starfsfólk Húseignar í síma 585-0100



Kársnesbraut - 200 Kóp.

Stærð í fermetrum: 114
 Fjöldi herbergja: 3
 Tegund eignar: Fjölbýli

Verð: 22,500,000,-

SNYRTILEG 87,2 FM ÁSAMT 27,7 FM BÍLSKÚR. Snýrtilegt eldhús, rúmgóð stofa og borðstofa. Tvö svefnherbergi og góður bílskúr. Suðursvalir. GLÆSILEGT ÚTSÝNI - GÓÐ ÍBÚÐ Í GRÓNU HVERFI

Allar upplýsingar veitir Gyða Gerðarsdóttir sölumaður í síma 695-1095 eða 585-0100



Sumarhúsalöð Stakkholti.

Húseign hefur fengið í einkasölu 6.600 fm eignalöð við Stakkholt í Bláskógabyggð, búið er að jarðvegsskipta í púða undir sökkul og fylgja samþykktar teikningar fyrir 70,3 fermetra sumarbústað með, hitaveita og kalt vatn verður einnig skilað að lóðamörkum og er það inn í verði lóðarinnar.

Allar upplýsingar veitir Skúli Þór Sveinsson gsm 848 0275 skuli@huseign.is



Sumarhús - Brekkuskógur

Stærð í fermetrum: 92 fm
 Fjöldi herbergja: 3ja herbergja
 Tegund eignar: Sumarhús

Verð: 14,500,000,-

Lýsing eignar: Stór og glæsileg 92,33 fm sumarhús á leigulöð á góðum stað í Brekkuskógi, Biskupstungunum. Mjög góð staðsetning á milli Laugavatns og Geysis. Skilalýsing : Húsin skilast full frágengið að utan, en einangruð og innþétt að innan með 35 fm verönd. Heitt og kalt vatn og rafmagn verður í bústaðnum en heimæðargjöld ógreidd. Tengdur heitur pottur fylgir hverju húsi. Viðhaldsfríir gluggar. Stölluð álklaðning á þaki, val á milli svartrar/rauðar. Kúft vatnsklæðning að utan. Húsið stendur á steypum sökklum, hitalögn í gólfi. Arkitekt Kristinn Ragnarsson. Hvar er Brekkuskógur? 17 km austan Laugarvatns er ekið að afleggjara til vinstri merktur Brekka/orlofshús. Glæsileg eign.

Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100





HÖFÐABAKKI

fasteignasala

Porbjörn Pálsson löggiltur fasteignasali



Svanberg



Porbjörn



G. Andri



Helga



Tryggvi



Ragnar



Júlíus

Höfðabakki - 110 Reykjavík • Sími: 414 4600 - Fax: 414 4601 • Netfang: hofdabakki9@hofdabakki9.is • Vefsíða: www.hofdabakki9.is

Fossvegur, 800 Selfoss



Nú er tækifærið. Frábær kjör. AÐEINS 750.000,- kr. ÚT OG EIGNIN ER ÞÍN

Höfum fengið til sölu nýjar 2ja, 3ja. og 4ra herb. glæsilegar og bjartar íbúðir í fallegu umhverfi. Skilalýsing á skrifstofu. **Verð 15,7 - 25 millj.**

Sölufulltrúar Höfðabakka.

Þórðarsveigur



Góð 4ra herbergja á 2. hæð í Grafarholtinu. Björt og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð með sérinngangi í fallegu lyftuhúsi, byggðu af ÍAV árið 2003. **Verð 24,9 millj.**

Bleikargróf, 108 Reykjavík



5 herbergja, 283 fm einbýlishús á tveimur hæðum þar af er 73 fm bílskúr. Eignin er á rólegum og góðum stað í Fossvoginum og stutt er í gönguleiðir um Elliðarárdal og Fossvogsdal.

Helga sölufulltrúi Höfðabakka s. 692 1452.

Hólmaflöt, 300 Akranes



Mjög fallegt einbýlishús í byggingu. Húsið er 164 fm. ásamt innbyggðum 35 fm. bílskúr eða samtals 199 fm. Húsið er byggt úr forsteyptum einingum frá Loftorku með dökkri hvarssalla áferð, Húsið afhendist fullbúið að utan með álklæddum timburgluggum í ljósum litum, veggur við anddyri er klæddur lárétrri grárrí bárujárnsklæðningu. **Verð 36 millj.**

Súluhólar, 111 Reykjavík



LAUS LAUS með bílskúr. Vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á annarri hæð ásamt bílskúr undir húsi, staðsett á mjög rólegum barnvænum stað með náttúruperlu Elliðaárdalsins við bæjardyrnar. **Verð 18.8 millj.**

Helga sölufulltrúi Höfðabakka.

Porlaksgeisli, 113 Reykjavík



Vandaðar 4ra herbergja íbúðir í nýbyggingu á frábærum stað í Grafarholtinu. Íbúðunum fylgir staði í bílskýli undir húsinu. Stutt í skóla, leikskóla og flesta þjónustu.

Helga sölufulltrúi Höfðabakka s. 692 1452.

Áshamar, Vestmannaeyjar



Mjög falleg og endurnýjuð 3ja herbergja 79.5 fm. íbúð að Áshamri 67 á 3. hæð. Stofa með flísam og útgengt á góðar svalir. Eignin er laus í ágúst. Sér geymsla, þvottahús og hjólageymsla í sameign. Öll húsgögn geta fylgt með ef vill.

Porbjörn hjá Höfðabakka. Óskað er eftir tilboði í eignina.

Porlaksgeisli, 113 Reykjavík



Sérhönnuð með aðgengi fatlaðra í huga og sér inngangi.

Góð 3ja. herbergja á jarðhæð. Björt og vel skipulögð 3ja. herbergja íbúð í fallegu lyftuhúsi, byggðu af JB árið 2006.

Sölufulltrúar Höfðabakka.

Hofsvallagata - Grill - Atvinnutækifæri



Til sölu er rekstur og húsnæði sölskálans Glóð-inn við Sundlaug vesturbæjar. Þetta er 18 fm vel byggður og nýuppgerður skáli með góða vinnuaðstöðu og stækkunarleyfi í 27 fm frá Reykjavíkurborg. Skiptimöguleikar.

Tryggvi sölufulltrúi Höfðabakka.

Bláskógabyggð á bökkum Brúarár



Í byggingu vandaður nýr íslenskur 150 fm sumarhúsi með góðu risi, nýttist sem setustofa / svefnloft ásamt svölum. Mjög stór verönd. 7800 fm eignarlandi í landi Leynis, Köldukinn Bláskógarbyggð, en landið nær niður að bökkum Brúarár og út í á.

Helga sölufulltrúi Höfðabakka.

Land í Kjós



Til sölu um 8 hektara svæði úr landi Morastaða í Kjóshreppi. Landið liggur meðfram veginum inn í Miðdal og niður að Miðdalsá.

Óskað er eftir tilboði í eignina.

Heildsala - Heildsala

Heildsala með innflutning og dreifingu á matvöru (þurrkölluð og frystivöru) fyrir veitingastaði staðsett í leiguhúsnæði í Hafnarfirði. Um er að ræða lager sem er um 18 millj. að innkaupsverði, viðskiptasambönd við birgja í Tælandi og Belgíu, viðskiptasambönd við ca 100 fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu, tveir frystigámar, bókhaldskerfi fyrir heildsölu ásamt tveimur bifreiðum, VW Golf árg. 1999 solumannsbíll og Reno Traffic árg. 2003 sendibíll til útkeyrslu. Yfirtakanleg lán ca 8,3 mill. **Verð 29.5 millj.**

Upplýsingar hjá Sígurði í síma 699-1552

Erum með allar stærðir og gerðir eigna á skrá • Verðmetum samdægurs • Hafðu samband við okkur ef þú vilt selja og sölumenn okkar taka vel á móti þér • Vegna mikillar sölu vantar allar stærðir og gerðir af húsnæði á skrá • Alltaf heitt á könnunni



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Rebekka Sigríður Þóroddsdóttir

Skarðshlíð 29b, Akureyri,

lést á Fjórdungssjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 15. júlí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 20. júlí kl. 13.00.

Gunnþór Kristjánsson
Jakobína Þórey Gunnþórsdóttir
Kristján Gunnþórsson Jónína Helgadóttir
Þóroddur Gunnþórsson Lilja Marinósdóttir
Sveinmar Gunnþórsson Kristín Pálsdóttir
Eyþór Gunnþórsson Soffía Valdimarsdóttir
Jóhanna Gunnþórsdóttir Brynjólfur Lárentínusson
Ragnar Gunnþórsson Sigrún Geirsdóttir
Haraldur Gunnþórsson Hallfríður Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Guðmundur S. Ármannsson

byggingameistari, Seljugerði 4, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 20. júlí kl. 15.00.

Viktória Ólafsdóttir
Anna María Guðmundsdóttir Sigurður Sigurðsson
Ármann Ólafur Guðmundsson Lilja Pálsdóttir
Gunnar Örn Guðmundsson
og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bergsteinn Jónsson

prófessor, Snorrabraut 56, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni, föstudaginn 21. júlí kl. 13.00.

Guðrún Þórey Jónsdóttir
Auður Bergsteinsdóttir Ólafur Árni Traustason
Jón Bergsteinsson
Anna Bergsteinsdóttir Ólafur Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir færur við þeim sem sýndu okkur samúð og blýju við andlát og útför

Björns Jóhannessonar

(Bjössu-Ólinu) frá Sauðárkróki.

Helgi Sævar Björnsson Helen Sandra Róbertsdóttir
Þorsteinn Úlfar Björnsson Arndís Valgarðsdóttir
og barnabörn.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og blýbug og veittu aðstoð við andlát og útför elskulegrar konu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Hallgerðar Sjafnar Helgadóttur

Dynskógum 1, Egilsstöðum.

Sérstakar þakkir sendum við læknum og hjúkrunarfólki á 12B, Landspítalanum Hringbraut.

Kristinn Árnason
Árni Kristinnson
Helgi Kristinnson Svava Þórey Einarsdóttir
Aðalheiður Sjöfn og Kristinn Viktor.

MARGARET FULLER (1810-1850)
LÉST PENNAN DAG.

„Aðeins draumóramaður mun skilja raunveruleikann, draumar hans verða þó að vera í samræmi við vökustundir hans.“

Margaret Fuller var blaðamaður og baráttukona fyrir auknum réttindum kvenna. Hún var meðal annars fyrsta konan til þess að verða blaðamaður á alvöru dagblaði.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

GUÐJÓN ÁRMANN EYJÓLFSSON: NÝ BÓK UM SIGLINGAREGLUR

Byrjaður á næstu bók

Guðjón Ármann Eyjólfsson, fyrrum skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík, gaf á dögunum út bók um alþjóðlegar siglingareglur og ber hún heitið Stjörn og sigling skipa. Bókin er fagurlega myndskreytt af Jóhanni Jónssyni en Guðjón hefur áður gefið út bækur um siglingareglur og kom sú síðasta út árið 1989.

„Við áttum ekki neina bók um siglingareglur þegar ég skrifaði þetta á sínum tíma,“ segir Guðjón en bækurnar eru bæði notaðar við kennslu í Sjómannaskólanum og í skipum. Guðjón fékk styrk til verkefnisins frá Verkefnis-

stjórna áætlunar um öryggi sjófarenda, sem ýmsar stofnanir og samtök tengdar sjávarútvegi og siglingum standa á bak við. Siglingastofnun gefur bókina út og segir Guðjón að það hafi gert útslagið að stofnunin hafi samþykkt að fleiri myndir yrðu teiknaðar sem sýna skip nútímans.

Bókin sýnir meðal annars ljós og dagmerki skipa, slysavarnir og öryggismál, alþjóðlegt sjómerkjakerfi og viðvaranir ásamt alþjóðlegum siglingareglum á íslensku og ensku. „Það var einhver sem lét orð um það falla að það væri nú óþarfi að hafa reglurnar á ensku líka en ég gerði það með tilliti til þess að menn geta þá flett þessu upp, hugmyndin að því er að maður getur alltaf borið saman því það getur orðið mjög erfitt að ná nákvæmlega þeim skilningi sem á að vera,“ segir Guðjón. Siglingareglurnar voru gerðar á bæði ensku og frönsku. Báðir textarnir eru jafngildir og segir Guðjón að ef einhver ágreiningur verði um þýðingar séu það þeir textar sem gildi. Þetta sé einnig gert til þess að auka notagildi bókarinnar vegna siglinga Íslendinga erlendis.

„Þetta eru alþjóðareglur

sem eru samþykktar af ef ég man rétt 149 þjóðlöndum sem eru í Alþjóðasiglingamálastofnuninni og ef þeim er breytt eða settar nýjar reglur verða þjóðir sem eiga yfir níutíu prósent af skipaflota heimsins að samþykkja þær,“ segir Guðjón og bætir við að fyrstu alþjóðlegu siglingareglurnar hafi orðið til árið 1776. Fyrstu íslensku siglingareglurnar komu hins vegar nokkuð seinna eða þegar og Stýrimannaskólinn í Reykjavík var stofnaður árið 1891.

Guðjón hætti sem skólameistari Stýrimannaskólans árið 2003 þegar rekstrarformi hans var breytt og hann settur undir sama hatt og Vélaskóli Íslands og er nú hluti af Fjöltæknskóla Íslands.

Það tók Guðjón hálf tólf ár að skrifa bókina en hann er þegar byrjaður að undirbúa sig við að skrifa annað bindi hennar sem hann vonar að komi út í lok ársins. Þar ætla Guðjón meðal annars að fjalla um aðskildar og aðgreindar siglingaleiðir sem hann segir mjög mikilvægar við það að fækka árekstrum skipa á höfum úti. Bókin fæst ekki í bókabúðum en hægt er að kaupa hana hjá Siglingastofnun í Kópavogi.

gudrun@frettabladid.is



STJÖRN OG SIGLING SKIPA Bókin er tileinkuð íslenskum sjómönnum.



þá og er nú svo komið að um helmingur þyrlupallsins er bruninn og þar er ekki lengur hægt að lenda.

Kolbeinsey hefur lengi verið þekkt og er getið í bæði Landnámu og Svarf-dæla sögu en þá var hún mun stærri en á okkar tímum.



GUÐJÓN ÁRMANN EYJÓLFSSON Hefur gefið hann hefur bæði stundað sjósókn og ritstö



70 ára afmæli

Í tilefni af 70 ára afmæli sínu ætla

Kolbeinn Gissurarson,

Selkoti,

að bjóða til veislu í Golfskalanum

á Selfossi þann 22. júlí milli kl.

19 og 23. Vonandi að sem flestir

sjái sér fært að gleðjast með honum.



80 ára afmæli

Átræð er í dag

Haldóra

Sigurjónsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Skjóli,

áður til heimilis Skipholti 40.

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhraun 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta. Ljósir, blómavasar, englar, stýttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

MERKISATBURÐIR

- 1627** Tyrkjaráninu, sem staðið hafði í mánuð lýkur. Ræningjarnir sem komið höfðu frá Algeirsborg höfðu á brott með sér allt að fjögur hundruð manns ásamt því að myrða fjörutíu manns.
- 1886** Ungverska tónskáldið Franz Liszt spilaði á píanó í síðasta sinn á tónleikum í Lúxemborg.
- 1974** Varðskipið Þór eltir breska togarann C.S. Forester um 120 mílur á haf út og skýtur átta skotum að honum eftir að hafa staðið togarann að ólöglegum veiðum.
- 2001** Árni Johnsen tilkynnir að hann ætli að segja af sér þingmennsku í kjölfar fjölmiðla-umfjöllunar um bygginganefnd Þjóðleikhússins.

PETTA GERÐIST 19. JÚLÍ 1870

Fransk-þýska stríðið hefst

Franski keisarinn Napóleon III lýsti yfir stríði við Prússland og hóf þar með fransk-þýska stríðið sem stóð í um hálf tveimur árum. Hernaðarráðgjafar keisarans voru vissir um að endurskipulagning hersins nokkrum árum áður hefði tekist svo vel að hann væri orðinn betri en sá þýski. Þeir höfðu líka tröllatrú á tveimur tækninýjungum; afturhlöðnu byssunni og vélbyssunni.

Með sigri Prússa á Austurríkismönnum í sjö vikna stríðinu árið 1866 náðu Prússar að sýna vald sitt yfir þýsku ríkjum og þannig ógna stöðu Frakka sem ríkjandi veldis í Evrópu. Það var þó ekki sigur Prússa sem kom stríðinu af stað heldur varð kveikjan að því þegar prinsinn Leopold, sem var tengdur prússnesku konungsfjölskyldunni, bauð

sig fram til spænsku krúnunnar. Frökkum leist ekki á blikuna þar sem þeir óttuðust frekari samvinnu Prússa og Spánverja og báðu Leopold um að draga framboð sitt til baka, sem og hann gerði. Wilhelm Prússakonungi þótti Frakkar ganga of langt í kröfum sínum þegar þeir fóru fram á það að Leopold myndi aldrei aftur sækjast eftir krúnunni. Bismarck kanslari Prússa reitti Frakkana frekar til reiði, sem varð til þess að þeir lýstu yfir stríði á hendur Prússum.

Í september sátu Prússar um París og í janúar árið eftir gáfust Frakkar upp og friðarsamningar voru undirritaðir 10. maí árið 1871. Prússar fengu hluta af Frakklandi ásamt fimm milljörðum franka í skaðabætur. Eftir stríðið varð þýska ríkið til og þriðja lýðveldi Frakklands.



Vatnsleikur á dagheimili í Shepherdstown í Bandaríkjunum en þar er hitabylgja ríkjandi.



Þetta er nýja bók um siglingareglur hjá Siglingastofnun en hún var skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík í yfir tuttugu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

AFMÆLI

- Erró** (Guðmundur Guðmundsson) er 74 ára.
- Birgir Ísleifur Gunnarsson**, fyrrverandi seðlabankastjóri, er sjötugur.
- Mjöll Hólm** söngkona er 62 ára.
- Guðmundur Týr Þórarinnsson** er 48 ára.

ÚTFARIR

- 13.00 Brynjólfur Eyjólfsson**, fyrrverandi vélamiðlari hjá Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar, Grundargerði 6, Reykjavík, verður jarðsungi frá Bústaðakirkju.
- 13.30 Zophonías Jóseppsson**, Ægisgötu 25, Akureyri, verður jarðsungi frá Akureyrarkirkju.
- 15.00 Gyða Ingólfssdóttir**, Bergstaðastræti 68, verður jarðsungi frá Fossvogskirkju.
- 15.00 Valgerður Magnúsdóttir**, Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði, verður jarðsungi frá Frikirkjunni í Hafnarfirði.



NÝJUNGAR FRÁ PHILIPS

PHILIPS BIKINI PERFECT TRIMMER

Philips HP6362 SNYRTIR FYRIR BIKINI LÍNUNA
Hárnákvæmur SNYRTIR fyrir bikini línuna. Með 4 stillingum: 2 – 9,5mm og hleðslu sem endist í 30 mínútur.



PHILIPS BODY GROOM TRIMMER

Philips TT2021 SNYRTIR FYRIR ÖLL LÍKAMSHÁR
Tæki sem hentar vel til að snyrta hár undir höndum, á maga, baki og fleira. Hægt að nota í sturtu. 8 tíma hleðsla gefur 50 mínútna notkun. 3 stillingar (3 til 10mm).

HÆGT AÐ NOTA Í STURTU



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



RAFDRIFINN KÚSTUR

Philips FC6125 RAFDRIFINN KÚSTUR
Léttur og þægilegur RAFDRIFINN KÚSTUR til notkunar á öll gólf. Þráðlaus með hleðslu sem endist 55 mínútur. Með stillanlegu skafti og auðveldur að hreinsa. Aðeins 1,8kg.



SÆTUNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBODSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

UMBODSMENN UM LAND ALLT: HLJÓMSÝN Akranesi - SKAGAVER Akranesi - SAMKAUP ÚRVAL Borgarnesi - BLÓMSTURVELLIR Hellissandi - VERSLUNIN HAMRAR Grundarfirði - SKIPAVÍK Stykkishólmi - KAUPFÉLAG KRÓKSFIJARÐAR Króksfjarðar - PRISTUR Ísafirði - KRÁKUR Blönduósi - KAUPFÉLAG V-HÚNVETNINGA Hvammstanga - KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA Sauðárkróki - EYRARBÚÐIN Siglufirði - LJÓSGJAFINN Akureyri - ÖRYGGI Húsvík - SPARKAUP Fáskrúðsfirði - VERSLUNIN VÍK Neskaupsstað - SAMKAUP STRAX Seyðisfirði - FLÁBRÚN Vopnafirði - HS-RAF Eskifirði - VERSLUNIN VÍK Reyðarfirði - SINDRI KHB Egilsstöðum - VERSL. VÍK Egilsstöðum - MARTÓLVAN Höfn - MOSFELL Hellu - FOSSRAF Selfossi - GEISLI Vestmannaeyjum - VERSLUNIN RÁS Þorlákshöfn - NETTÓ Grindavík - TÖLVUSPÍTALINN Grindavík - RAFEINDATÆKNI Reykjanesbæ - SAMKAUP Reykjanesbæ - RAFMÆTTI Hafnarfirði.

RISA

LAGER ÚTSALA

Fatnaður á alla fjölskylduna í tugþúsundatali fyrir spott-prís


ALLT Á ÚTOPNU!

Jakkaföt - Stakir jakkar - Frakkar - Buxur
Skyrtur - Bindi
Bolir Peysur - Kápur - Blússur - Pils
Kjólur - Toppar - Sokkar
Hanskar - Treflar - Vettlingar - Húfur
Nærfatnaður á alla fjölskylduna - Sængurföt - Lök og handklæði

Fyllið fataskápinn fyrir smápening!

Næg bílastæði

Opið: Virka daga 11 - 19 Laugardaga og sunnudaga 12 - 18



FATAMARKAÐUR
HÖFÐABAKKI 9

STUÐ MILLI STRÍÐA Óbætanlegt tjón

KRISTJÁN HJÁLMARSSON VILL AÐ STRÆTÓ BS. GERI BETUR



Vinkona mín býr í Vesturbænum. Hún er fín frú og mikill menningarviti. Sumir myndu segja hana snobbaða en sjálf segist hún vera gáfumenni og prima-donna, sem er alveg rétt. Hún hefur gaman af góðum bókum og leikritum og rauðvín er í eftirlæti hjá henni. Hún þykir góð í sínu starfi og er mikill áhrifa-valdur í sinni stétt. Það sem meira er þá þykir stéttin sem hún vinnur í ein sú mikilvægasta í lýðræðis-legum þjóðfélögum.

Vinkona mín hefur unnið á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu síðustu ár og hefur því þurft að ferðast talsvert á milli

staða. Þrátt fyrir öll fínlegheitin finnst henni fínt að taka strætó. Henni finnst það í raun svo fínt að hún lítur á strætó sem vin sinn. Strætó hefur líka sjaldan brugðist henni.

Nú vinnur vinkona mín úti í sveit. Til að komast í vinnuna þarf hún að taka tvo strætóa. Einn frá Vesturbænum niður á Hlemm og annan frá Hlemmi og út í sveit. Fyrri vagninn er tíu mínútur á áfangastað. Þá þarf vinkona mín að bíða í tæpar fimm mínútur eftir seinni vagninum en hann er fjörutíu mínútur á leiðarenda. Þá er ótalin sú langa og hæðotta leið sem liggur frá stoppistöðinni og í vinnuna. Það tekur um tíu mínútur að labba hana.

Gróflega reiknað má segja að vinkona mín eyði um tveimur tímum á dag til að komast til og frá vinnu. Hingað til hefur hún ekki talið það eftir sér enda kjarnakona.

Nú liggur fyrir að stofnleið SS verði lögð niður. Það er strætóleið vinkonu minnar og eina hraðleiðin í sveitina hennar. Vinkona mín veit ekki hvort hún geti tekist á við þessar breytingar.

Svo getur jafnvel farið að hún hrekist úr starfi vegna þessa. Ef svo fer þá hefur Strætó bs. unnið mikið skemmdarverk.

Í raun myndi Strætó bs. vinna stétt hennar óbætanlegt tjón og slíkt má ekki gerast.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Ótrúlegt verð



BBQ MASTER 2301

VAXTALAUST
TILBOÐ

4.999^{kr}

vaxtalaust í 10 mánuði*

Fullt verð 49.990.-

*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið



Brennari: 4 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver.
Heildargeta: 15kwh/52.000BTU (3,5kwh/12.000BTU hliðarhella).
Eldtemjari úr ryðfríu stáli.
Hliðarbrennari út steypu brassi.
Grindur: Eldunargrindur úr massifu pottjárni.
Grillflötur: 68 x 42 cm, hitaplata 30 x 42 cm.
Efri grind: 68 x 14 cm.
Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir.
Riotisserie grillteinn. Elektrónísk kveikja
Útdraganlegt hliðarborð.
Skápur með hurðum.
Breidd: 152 cm. Dýpt: 60 cm
Læsanleg hjól. Yfirbreiðsla fylgir.



BBQ MASTER 2300

VAXTALAUST
TILBOÐ

3.999^{kr}

vaxtalaust í 10 mánuði*

Fullt verð 39.990.-

*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið



Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver.
Heildargeta: 9kwh/30.000BTU.
Eldtemjari úr ryðfríu stáli.
Grindur: Eldunargrindur úr massifu pottjárni.
Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm.
Efri grind: 55 x 13 cm.
Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir.
Riotisserie grillteinn.
Elektrónísk kveikja.
Útdraganleg hliðarborð.
Breidd: 149 cm.
Dýpt: 60 cm.
Læsanleg hjól.
Yfirbreiðsla fylgir.

Pú færð grillið samsett og heimsent þér að kostnaðarlausu*

*Gildir fyrir stórhöfuðborgarsvæðið og Akureyri, heimsendingar eiga ekki við um Grillino Champ.

grandhall
living style

TILBOÐ
93.600^{kr}
Verð áður 144.000,-



35%
afsláttur

Grandhall Professional

Grillgrindur úr massifu ryðfríu stáli, hitamælir, áhaldakrókar, eldtemjari úr ryðfríu stáli (hindrar að fita og olíur komist að brennurum).

Brennarar: 5 brennarar úr ryðfríu stáli + hliðar-brennari.
Heildargeta: 22kWh/75.000btu (4,5kWh/15.000btu hliðarhella).
Grillflötur: 80 x 48 cm, hitaplata úr pottjárni 80 x 32 cm.
Elektrónísk kveikja.
Yfirbreiðsla fylgir.

grandhall
living style

TILBOÐ
48.000^{kr}
Verð áður 96.000,-



50%
afsláttur

Grandhall Premium

Postulínhúðaðar grillgrindur, hitamælir, áhaldakrókar, eldtemjari úr ryðfríu stáli (hindrar að fita og olíur komist að brennurum).

Brennarar: 4 brennarar úr ryðfríu stáli + hliðarbrennari.
Heildargeta: 18,5kWh/60.000BTU (4,5kWh/15.000btu hliðarhella).
Grillflötur: 64 x 48 cm, hitaplata úr pottjárni 64 x 9 cm
Elektrónísk kveikja.

TILBOÐ
4.999^{kr}
Verð áður 19.999,-



75%
afsláttur

Grillino Champ

Grillflötur: 48 x 30 cm.
Grind: Krómuð.

Kveikja: Neistakveikja.

Brennari: Breiður I-brennari.

Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifingu í grillinu.

Hliðarborð úr viði.

Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

ÞRÝSTIJAFNARI FYLGIR EKKI MED GRILLINU.

Gildir til 24. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Kl. 13.00**

myndlistarsýningar Bjarkar Guðnadóttur, Daniels Magnússonar og Hildar Bjarnadóttur standa yfir í Nýlistasafninu við Laugaveg.

menning

menning@frettabladid.is

Innilegt samband við stein

Nýjasta smásagnasafn japanska rithöfundarins Haruki Murakami hefur fengið ágætar viðtökur gagnrýnenda en bókinn Blind Willow, Sleeping Woman geymir 26 sögur Murakamis sem skrifaðar eru á undanföllum 30 árum.

Gagnrýnandi Sunday Times verður tíðrætt um annarleikann í sögum Murakamis en það höfundareinkenni hans mótaðist snemma á ritferli hans. Margar af sögunum hverfast um minningar og óstöðugar sjálfsmyndir en annarleikinn birtist á ótal vegu, eiginkona teknara deyr og skilur hann eftir með minningar sem eru aðeins „skuggar af skuggum“ og fólk sem á innilegra samband við steina, drauma og vindinn heldur en aðrar manneskjur. Gagnrýnandi Sunday Times segir að myndlíkingur Murakamis sé heillandi en bendir á að margar ljóðrænar myndir haldi ekki nógu vel

og að „skrifin séu of upptekin af sjálfum sér.“

Í dómi um bókina er vitnað til orða höfundarins sem líkir smásagnagerð sinni við garðrækt en



SMÁSAGNASAFN FÆR ÁGÆTAR VIÐTÖKUR
Rithöfundurinn Haruki Murakami.

skáldsagnagerðinni við skógrækt en gagnrýnandinn klykkir út með því að litlar exótískar plöntur lífi ekki alltaf af flutninga. Í skrifum sínum um bókina áréttar gagnrýnandi The Guardian að sögur Murakamis séu töfrandi en sýrrealismi höfundarins geti orðið þreytandi til lengdar. Smásögur hans séu jafn snilldarlegar og skáldsögurnar en í smásögnum sé meira jafnvægi. Allar sögurnar í safninu beri vott um annarleikann sem höfundurinn er þekktur fyrir en í smásögnum sé tilfinning fyrir byggingu skýrari. Þær kalli fram það besta hjá höfundinum og því sé hann ekki aðeins költ-figúra heldur fyrsta flokks smásagnahöfundur.

> Ekki missa af...

húllumhæi í **Hríssey** um helgina. Fjölskylduskemmtun í fögru og fríðsælu umhverfi.

gjörningum **Steinunnar Knútsdóttur** sem eru liður í sýningunni „**Out of Office**“ sem hún vinnur í samvinnu við **Ilmi Stefánsdóttur** myndlistarkonu. Övæntar **uppákomur** í Norræna húsinu allar helgar í sumar.

tónleikum **Seths Sharp** og **Védísar Hervarar** á veitingastaðnum **Silver** annað kvöld. Íslensk og bandarísk tónlist í bland.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

16 17 18 19 20 21 22

Miðvikudagur

LEIKLIST

10.00 **Brúðubíllinn** sýnir Týnda eggjð við **Ingunnarskóla** í **Grafarholti** kl. 10.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

21. júlí – fös kl. 20 – Uppsekt
27. júlí – fim kl. 20 – laus sæti
28. júlí – fös kl. 20 – laus sæti
17. ágúst – fim kl. 20 – laus sæti
18. ágúst – fös kl. 20 – laus sæti

Méðasalan er í síma 568 8000
www.borgarléikhus.is
www.milunusitikus.is/footloose

Á Seyðisfirði
17. – 23. júlí 2006

Laugardaginn 22. júlí frá kl. 13:00
Uppskeruhátíð, Hljómsveitir:
Fræ, Sometime, Ampop, Biggi Orchestra, Jeff Who?, Ghostigítal, Miri, The Foreign Monkeys, Tony The Pony, Benny Cresbo's Gang, og ball með Todmobile. Sjá www.lunga.is

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

Föstudag 21. júlí kl. 20 uppselt
Laugardag 22. júlí kl. 20 uppselt
Sunnudag 23. júlí kl. 15 aukasýning
Sunnudag 23. júlí kl. 20 uppselt
Föstudag 28. júlí kl. 20 órfá sæti laus
Laugardag 29. júlí kl. 20 órfá sæti laus
Sunnudag 30. júlí kl. 15 aukasýning
Sunnudag 30. júlí kl. 20 nokkur sæti laus
Föstudagur 4. ágúst kl. 20
Laugardagur 5. ágúst kl. 20
Sunnudagur 6. ágúst kl. 15
Sunnudagur 6. ágúst kl. 20
Laugardagur 19. ágúst kl. 20

LEIKHÚSTILBOÐ
Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði kr. 4300 - 4800.-


MÍÐAPANTANIR Í SÍMA 437 1600

Akureyri undirlögð af django

Djasstónlist kennd við belgíska gítarsnillinginn Django Reinhardt verður sífellt vinsælli um allan heim. Á morgun hefst hátíð norðan heiða þar sem arfleifð þessa einstaka manns er haldið á lofti.

Ólafur Haukur Árnason er einn af skipuleggjendum hátíðarinnar sem nú er haldin í fimmta sinn en hann er jafnframt félagi í hljómsveitinni Hrafnasparki sem sérhæfir sig í djangodjasstónlist. „Meginuppistaðan á þessari hátíð er sígaunadjass sem er kenndur við Django Reinhardt en hann var uppi á fyrri hluta síðustu aldar,“ útskýrir Ólafur Haukur. Á stríðsárunum varð ameríski djassinn sífellt vinsælli í Evrópu og þá fóru sígaunar að spila hann í eigin útsetningum og með órafmögnum hljóðfærum, einkum á gítar og fiölu. Django Reinhardt var frumkvöðull í þessari músík en hans sérstaki hljómur var þó ekki kominn til af góðu því á unga aldri lenti hann í eldsvoða sem skaðaði vinstri hendi hans verulega. „Hann fór að spila aftur á gítar sem nokkurs konar endurhæfingu en hann gat aðeins notað tvo eða þrjú fingur á vinstri hendinni og þess vegna breyttust gripin. Þá varð til þessi sérstaki blær yfir hljómunum og lagalínum sem sígaunarnir hafa haldið áfram að nota en stíllinn mótaðist að vissu leyti út frá fötlun Djangos,“ segir Ólafur Haukur.

Á hátíðinni verður margt góðra gesta hvaðanæva að úr heiminum. Nágrannar okkar í Skandinavíu hafa einnig fagnað djangomúsíkinni og frá Noregi ferðast ungstirnir Óle Kvernberg sem að sögn Ólafs Hauks er ekta djangofíðluleikari. „Hann hefur verið að slá í gegn í Evrópu, einkum meðal unnaenda djangotónlistar,“ útskýrir hann. Frá Svíþjóð kemur gítarsnillingurinn Andreas Öberg sem einnig heimsótti hátíðina í fyrra og ferðaðist meðal annars um landið ásamt



ANDREAS ÖBERG GÍTARLEIKARI Skrautfjóður í djasshatt Akureyringa á Djangodjasshátíð-

tríóinu Hrafnasparki og var vel tekið af íslenskum áheyrendum. Öberg leikur aftur með tríóinu og fleiri gestum, svo sem Birni Thoroddsen og þýsk-íslenska bandinu Blue Brazil sem leikur suður-ameríska tónlist en forspraki þess er

harmónikuleikarinn og Bolvíkingurinn Hrólfur Vagnsson.

Ólafur Haukur segir að vegur þessarar tónlistar fari æ vaxandi, einkum í Bandaríkjunum og margir gestir komi langt að til þess að hlýða á snillingana. „Það kemur

DAGSKRÁ DJANGO DJASSHÁTÍÐAR

Miðvikudagurinn 19. júlí kl. 21.30, **Ketilhúsinu**.

Gítarsnillingurinn Greg Lowe ásamt bandaríska djassfíðluleikaranum Aaron Weinstein ásamt Kevin Nolan og Simon Planting úr Robin Nolan tríóinu.

Fimmtudagurinn 20. júlí kl. 21.30, **Ketilhúsinu**.

Úrvals gítarleikarar þriggja þjóða leika saman: Andreas Öberg (Svíþjóð), Björn Thoroddsen (Ísland) og Greg Lowe (Kanada).

Föstudagurinn 21. júlí kl. 12.15, **Ketilhúsinu**.

Hádegistónleikar með Andreas Öberg og tríóinu Hrafnasparki.

Föstudagurinn 21. júlí kl. 21.30, **Ketilhúsinu**.

Norski djassfíðlusnillingurinn Ola Kvernberg leikur með þýsku hljómsveitinni Blue Brazil með Iris Kramer trompetleikara og Hrólf Vagnsson harmónikuleikara í broddi fylkingar.

Laugardagurinn 22. júlí kl. 21.00-24.00 **Grand finale í Sjallanum**.

Fram koma: Tríóíð Mimosa frá Reykjavík - Tríóíð Hrafnaspark frá Akureyri ásamt Grími Helgasyni klarinettuleikara - Blue Brazil frá Þýskalandi - Gítarleikararnir Andreas Öberg, Björn Thoroddsen, Greg Lowe og Kevin Nolan - Fíðluleikararnir Ola Kvernberg og Aaron Weinstein - Kontrabassaleikarinn Simon Planting.

líka talsvert af tónlistarmönnum til að njóta hátíðarinnar enda er hún skemmtilegur pakki fyrir þá. Þeir geta tekið þátt í þriggja daga námskeiði og hlýtt á tónleika á hverju kvöldi. Svo erum menn að hittast og spila saman. Það er stemning alla helgina á Kaffi Karólínu í Listagilinu sem verður eins konar bækestöð á meðan á hátíðinni stendur. Þangað koma menn og taka „djammssessjónir“ á daginn og kvöldin og allir eru velkomnir að spila með.“

Að sögn Ólafs Hauks hefur djangodjassmúsík ekki verið gefin út á Íslandi til þessa en tríóíð Hrafnaspark stefnir á að gefa út plötu með „hreindrætaðri“ djangomúsík fyrir næstu júl. Því geta þeir sem missa af djangolestinni um helgina hugsað sér gott til glóðarinnar. kristrun@frettabladid.is

Fabúla á Rósenberg

Söngkonan og lagasmiðurinn Fabúla heldur tónleika á Rósenberg í kvöld ásamt Birki Rafni Gíslasyni, Jökli Jörgenssen og Einari Scheving. Þar munu þau leika lög af væntanlegri plötu, en von er á þriðju plötu Fabúlu í næsta mánuði. Fimm ár eru síðan síðasta plata Fabúlu, Kossafar á ilinni, kom út.

Platan hefur ekki enn fengið nafn en nú stendur yfir hljóðblöndun á henni en um hana sér Axel Árnason. Að sögn Fabúlu hefur það ferli verið bæði skemmtilegt og skapandi. „Við eigum erfitt með að hætta og höfum potað í eitt og annað svona á lokasprettinum. Axel hefur meira að segja bæði ljáð okkur rödd sína og húð.“

Að loknum tónleikum mun hljómsveitin taka sér nokkurra daga frí, á meðan platan er í fram-



TÓNLISTARMADURINN FABÚLA Leikur ásamt hljómsveit á Rósenberg í kvöld.

leiðslu, en hún er gefin út hjá Dennis Records. Lagið Pink Say er þegar farið að heyrast á öldum ljósvakans en heyr má fleiri lög á www.myspace.com/fabulaband.

Tónleikarnir hefjast kl. 22.

- khh

Bókmenntir á ensku

Ensk þýðing á skáldsögu Guðbergs Bergssonar, Svanurinn, er nú fáanleg á ný. Bernard Scudder þýddi bókina, sem kom upphaflega út í Bretlandi fyrir allmörgum árum og er löngu uppseld, en nú gefur JPV forlagið hana út að nýju.

Svanurinn hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 1991 og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið eftir. Hún hefur komið út í fjölmörgum löndum og hvarvetna hlotið mikið lof gagnrýnenda jafnt sem lesenda.

Forlagið JPV hefur einnig sent frá sér smásagnasafnið The Lod-

ger and Other Stories eftir Svövu Jakobsdóttur. Í bókinni er að finna

enskar þýðingar á skáldsögunni Leigjandannum, auk úrvals af smásögum Svövu. Julian Meldon D'Arcy þýddi Leigjandann og allar sögurnar nema tvær sem Alanoucher og Dennis Auburn Hill þýddu. Inngang að bókinni ritar Ástráður Eysteinnsson.

Svava Jakobsdóttir var einn fremsti rithöfundur Íslendinga. Hún var ötul baráttukona fyrir jafnrétti og hafði mikil áhrif á samtíma sinn með verkum sínum, skáldsögum, leikritum og fræðiskrifum.



Electrolux

- ✓ Extra há uppþvottavél, hentar undir 88-94 cm borðhæð
- ✓ Ótrúlega hljóðlát, aðeins 45 dB(A)
- ✓ 5 þvottakerfi, þ.á.m. hraðkerfi og sjálfvirk kerfi, glasakerfi og erfðiskerfi
- ✓ Tímaskjár
- ✓ Val um 70°/65°/50°/45°C
- ✓ Sveigjanleg innrétting
- ✓ Innbyggð lýsing
- ✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði & þurrkun
- ✓ HxBxD: 87-93x60x61 cm
- ✓ Verð áður kr. 79.900



45
DESIBIL

Verð nú **59.900**
AFSLÁTTUR 25%

AAA
ORKA ÞVOTTUR ÞURRKUN

NÝTT! XXL Stærri að innan meira rými!

ZANUSSI

- ✓ Stílhreinn hvítur blástursofn
- ✓ Heitur blástur
- ✓ Undir- og yfirhiti
- ✓ Stórt grill
- ✓ Klukka
- ✓ Fjöldi fylgihluta
- ✓ Verð áður kr. 44.900



Verð nú **24.900**
AFSLÁTTUR 45%

Verð nú **34.900**
AFSLÁTTUR 30%



- ✓ Keramik helluborð með snertitökkum á öllum hellum
- ✓ High Light hraðhellur
- ✓ Verð áður kr. 49.900

25 gerðir af viftum og háfum með allt að **70% afsl.**



201
cm

Electrolux

- ✓ Rúmmál kælis 291 lítrar og 109 lítra frýstir
- ✓ Orkunýtni A+
- ✓ MAXI frýstiskúffur með betri nýtingu og nægu rými
- ✓ Stjórnborð með aðskildri stýringu fyrir kæli og frýsti ásamt skjá
- ✓ Flöskurekki
- ✓ Stór grænmetisskúffa á brautum með deilisþjaldi
- ✓ Glerhillur með kanti
- ✓ Tvær Electrolux kælivélar
- ✓ Sjálfvirk afþiðing í kæli
- ✓ Hljóðlátur 38 dB(A)
- ✓ HxBxD: 200x59,5x62 cm
- ✓ Verð áður kr. 109.900

ÞÚ SPARAR **30.000**

Verð nú **79.900**

MED RAKASKYNJARA!

Verð nú **37.900**
AFSLÁTTUR 25%

ZANUSSI

- ✓ Þurrkari með sjálfvirkum rakaskynjara
- ✓ Hljóðmerki í lokin
- ✓ Krumpuvörn
- ✓ Kerfi fyrir viðkvæman og venjulegan þvott
- ✓ Verð áður kr. 49.900

1600 SNÚNINGAR HRADPVOTTAVÉL



AAA
ORKA ÞVOTTUR ÞURRKUN

ZANUSSI

- ✓ Afburða góð þvottavél hlaðin tækninýjungum og þægindum. Snertival og upplýsingaskjár tryggir þér fullkomna yfirsýn. Fuzzy Logic háþrúð þvottatækni samræmir vatnsmagn, hitastig og vinduhrða m.v. hleðslumagn.
- ✓ Hraðval á flestum kerfum
- ✓ Handþvottakerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ Lætur vita þegar kerfi lýkur
- ✓ Upplýsingaskjár með rauntíma kerfis
- ✓ Överjulega stór lúga 30 cm
- ✓ Verð áður kr 79.900

ÞÚ SPARAR **15.000**

Verð nú **64.900**

ÚTSALA!

ÓMÓTSTÆÐILEG
HEFST Í DAG! OPIÐ UM HELGINA!



Sparaðu allt að **70%**

Eldhúsvog digital með skál
Áður kr. 2.990

Verð nú **999**
AFSLÁTTUR 67%

Nákvæm baðvog með gleri
Áður kr. 4.990

Verð nú **1.999**
AFSLÁTTUR 60%

Brauðrist burstað stál
Verð áður kr. 2.990

Verð nú **1.999**
AFSLÁTTUR 33%

Vöflujárn stál
Verð áður kr. 3.990

Verð nú **2.499**
AFSLÁTTUR 38%

Blandari m/glerkórnu stál
Verð áður kr. 5.990

Verð nú **3.999**
AFSLÁTTUR 33%

Verð nú **16.900**
AFSLÁTTUR 45%

Verð nú **74.900**
STÁL
ÞÚ SPARAR **15.000**

Electrolux

- ✓ Við kynnum hljóðlátustu ryksugu Evrópu! Allt að helmingi hljóðlátari en venjulegar ryksugur.
- ✓ Öviðjafnanlegur sogkraftur
- ✓ S-Bag örtrefjapokar
- ✓ Eltísnúra - þarf ekki að draga alla snúrana út
- ✓ Vandaðir fylgihlutir
- ✓ Stíllanlegt skaft og sogkraftur
- ✓ Létt og meðfærileg
- ✓ Verð áður kr. 22.900

Verð nú **17.900**
AFSLÁTTUR 22%



ufesa
Létt og meðfærileg ryksuga með 1600W sogkrafti, stíllanlegu stál-skafti og Power Plus ryksuguhaus.
Verð áður kr. 7.990

6 FRÍTT ryksugu-pokar fylgja

Verð nú **4.990**
AFSLÁTTUR 38%

Electrolux

- ✓ Stílhrein eldhúsvífta með góðum sogkrafti og vinnuljósi
- ✓ Þrískiptur hraðastíllir
- ✓ Þvoanleg fitusía úr áli
- ✓ HxBxD: 13x59,8x48 cm
- ✓ Verð áður kr. 9.990

Verð nú **5.990**
AFSLÁTTUR 40%



Rafha

Virka daga 9-18
laugard. 22. júlí 10-18
sunnud. 23. júlí 13-17
Lokað aðrar helgar í júlí og ágúst

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Stjörnur sumarsins á rauða dreglinum

Það er alltaf ákveðin staðfestingu á komu sumars þegar stórmyndirnar fara að rata inn í bíóhús borgarinnar. Fréttablaðið tók saman nokkrar skemmtilegar myndir frá frumsýningu Pirates of the Caribbean; Dead Man's Chest, Superman Returns og grínmyndarinnar You, Me and Dupree sem verður frumsýnd hér á landi síðar í þessum mánuði.



SÚPERMANN SNÝR AFTUR Hin ungu Kate Bosworth og Brandon Routh leika aðalhlutverkin í nýjstu Súpermannmyndinni. Hér stílla þau sér upp fyrir ljósmyndara í London. Kate var í svakalega flottum stuttum kjól og pinnahælum.



GLENS OG GRÍN Kate Hudson, Owen Wilson og Matt Dillon leika aðalhlutverkin í grínmyndinni You, Me and Dupree. Í myndinni eru Hudson og Dillon nýgift hjón og Wilson leikur vin hans sem er með eindæmum óábyrgur og neyðist til að flytja inn til þeirra.



DANSARAR Í HEIMSKLASSA Mariinsky- og Bolshoi-ballettfélögin eru með þeim fremstu í heiminum.

Ballettveisla í London

Ballettdansararnir Ekatarina Kondaurova frá Mariinsky-ballettnum (sem áður hét Kirov-ballettinn) og Nikolai Tsiskaridze frá Bolshoi-ballettnum brugðu á leik fyrir utan Tower Bridge í London á dögnum í tilefni af því að þessi tvö stærstu ballettfélög heims sýna í sömu borg í fyrsta skipti í sögunni. Þau munu bæði sýna í Bretlandi í sumar og eflaust gleðja marga ballettáhugamenn.



NAVARRO OG ELECTRA Navarro og Electra mættu saman á frumsýningu í apríl.

Navarro skilinn

Dave Navarro, rokkarinn og kynirinn í Rock Star: Supernova er að skilja við eiginkonu sína Carmen Electra. Fyrirsætan og leikkonan gerði garðinn frægan í Baywatch og í sjónvarpsþættinum Til Death Do Us Part á MTV þar sem hún og Navarro gáfu áhorfendum innsýn í hjónaband sitt. Þarið gifti sig árið 2003 og var athöfnin sýnd í þættinum. Í yfirlýsingu frá hjónunum sagði að þau myndu „skilja í vinsemd“. Í apríl sagði Electra í samtali við People-tímaritið að hjónabandið stæði vel. „Ég er ekki að segja að þetta sé fullkomið hjónaband eða að við séum fullkomið par, en við höfum það fjárgott.“ Hún bætti því við að ef þau ættu í vandræðum myndi hún ekki ganga með hringinn á sér. „Ég myndi ekki ganga um og þykjast.“ Carmen Electra var áður gift körfuboltastjórnnunni Dennis Rodman en Dave Navarro hefur spilað á gítar með Red Hot Chili Peppers og fleiri hljómsveitum.



KÆRUSTUPAR Það er mikið að gera hjá kærustuparinu Kate Bosworth og Orlando Bloom þessa dagana en þau leika í tveimur af stórmyndum sumarsins. Samt sem áður sáu þau sér fært að mæta saman á frumsýningu Superman Returns í Bandaríkjunum.



FLOTTUR KJÓLL Keira Knightley hefur vakið mikla athygli fyrir þennan flotta Versace-kjól sem hún klæddist á frumsýningu Pirates of the Caribbean í Lundúnum. Mikið hefur verið fjallað um holdafar hennar í kjölfarið en segist hún aldrei hafa borðað jafn mikið og núna. Dæmi hver fyrir sig.

Ástin lifir ekki að eilífu hjá Paris Hilton

Partíljónið og hótelerfinginn Paris Hilton hefur komið víða við og það virðist varla vera veisla í Hollywood án þess að hún sé viðstödd. Paris hefur verið með mörgum mönnum þrátt fyrir ungan aldur enda gaf hún nýlega út yfirlýsingu þess efnis að hún væri komin í pásu frá karlmönnum í bili.

Fyrirverandi kærastar Parisar eru forvitnilegir drengir en meðal þeirra eru tveir grískir erfingjar að auðæfum, þrjár útbrenndar unglíngastjörnur og svo hinn frægi Rick Salomon en hann varð frægur fyrir að vera meðleikari Parisar í kynlífsmyndbandi. Fréttablaðið ákvað að taka saman yfirlit yfir þessa drengi sem hafa gerst svo frægir að vera kærastar Paris Hilton.



HEILLANDI GYÐJA Paris hefur dáleitt ófáa stráka gegnum tíðina.

SÆTI STRÁKURINN Jared Leto skaust upp á stjörnuhimininn þegar þáttaröðin „My So Called Life“ hóf göngu sína. Síðan þá hefur hann horfið nema þegar hann var með Paris Hilton, þá rataði hann aftur inn á síður blaðanna.

TERMINATOR-DRENGURINN Edward Furlong var í tygjum við Paris árið 2000 og þau voru hættuleg saman á næturlífi New York-borgar.



NAFNAR Hinn gríski Paris Latsis gekk svo langt að trúlofast stúlkunni en þegar undirbúningur brúðkaupsins var hálfnaður fékk Paris bakpanka og hætti við allt saman.



GRÍSKUR GUÐ Skipaerfinginn Stavros Niarchos hætti með tvíburanum Mary Kate Olsen fyrir Paris Hilton en samband þeirra entist aðeins í nokkra mánuði.



SÖNGVASTRÁKUR Nick Carter úr hljómsveitinni sálugu Backstreet Boys var kærasti Paris í nokkurn tíma og þóttu þau passa vel saman.



MEDLEIKARINN Rick Salomon var kærasti Parisar í fjögur ár og varð frægur fyrir að taka upp kynlífsmyndband með þeim tveim í aðalhlutverki. Nú er hann giftur Beverly Hills-stjórnnunni Shannen Doherty.



ÁNÆGDUR MED STRÁKANNA Júlíus Kemp getur brosað út í annað þessa dagana því kvikmyndin Strákarnir okkar er á leið í ferðalag um Evrópu.

Strákarnir okkar til Bandaríkjanna

Kvikmyndin Strákarnir okkar verður frumsýnd í Frakklandi í dag en hún er nú að hefja ferðalag um Evrópu þar sem áætlaðar eru sýningar í Belgíu, Hollandi, Spáni, Noregi og Þýskalandi. „Myndin verður sýnd í fimmtán kvikmyndahúsum í Frakklandi og sex borgum í Þýskalandi,“ segir Júlíus Kemp, aðalframleiðandi myndarinnar hjá Kvikmyndafélagi Íslands. Stærsti sigur myndarinnar er hins vegar dreifing í Bandaríkjunum á næsta ári en ekki er ljóst í hversu mörgum kvikmyndahúsum hún verður sýnd þar.



TÖKUR GANGA VEL
Tökur á kvikmyndinni Astrópía eru í fullum gangi en áætlað er að þeim ljúki í byrjun ágúst.

hygðust endurgera myndina á ensku en Júlíus hafði ekkert heyrt neitt meira af því. „Það þarf ekkert að vera að það sé dottið upp fyrir enda geta slík verkefni tekið allt að fimm árum,“ útskýrir hann.

Kvikmyndafélag Íslands framleiðir kvikmyndina Astrópíu en tökur standa yfir í Hafnarfirði um þessar mundir. Þar fer fegurðardrottningin Ragnhildur Steinunn með hlutverk stúlku sem neyðist til að vinna fyrir sér eftir að kærastanum hennar er hent í steininn. Gunnar Björn Guðmundsson er leikstjóri myndarinnar en með önnur hlutverk fara þeir Ómar Örn Hauksson og Snorri Engilbertsson. „Tökurnar ganga mjög vel en við erum um það bil hálfnaðir,“ segir Júlíus, sem reiknar með að þeim verði lokið í byrjun ágúst.

- fgg

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



**1. VERÐLAUN
í Þýskalandi
W2241WPS**

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

**ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR**

Miele þvottavélar eru með nýrri tromlu með vaxkókumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

Miele þvottavélar eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Miele þvottavélar endast lengur en aðrar þvottavélar.

Íslenskt stjórnborð

MIELE ÞVOTTAVÉL - fjárfesting sem borgar sig		
Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg.	kr. 160.000	kr. 114.800
Purrkari T223 útblastur/5 kg.	kr. 112.200	kr. 78.540
Purrkari T233C rakabéttir/5 kg.	kr. 131.000	kr. 91.700

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

Riho baðkör á sérstöku kynningarverði



Columbia



Neo

Austin



Lima



Lusso



Nora



Seth



Taurus



Langar þig í bað?

**Egill
Arnason hf**
Ármúli 8 - 108 Reykjavík

Nýtt í

MILLA JOVOVICH ULTRAVIOLET
Blóðstríðið er hæfið!
Milla Jovovich í mögnuðum Sci-Fi spennuþrilli!

FRÁ FÖNDI BRING IT ON

OVER THE HEDGE
Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

STICK IT
Jeff Bridges
ÓVÆNTASTA, KYNPOKKAFYLLSTA OG SKEMMTILEGASTA GRÍNMYND ÁRSINS

CLICK

BENCHWARMERS

RAUÐHETTA

DA VINCI CODE
BYGGD Á VINSÆLUSTU BÓK Í HEIMI!

50.000 MANN

LANDSBANKINN

THE FAST & THE FURIOUS TOKYO DRIFT

BANDIDAS

SMÁRA BIÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

Borgarbió Sími 462 3500

ULTRAVIOLET	kl. 4.50, 8 og 10.10 B.L. 12 ÁRA
OVER THE HEDGE ISL. TAL	kl. 3, 5 og 7
OVER THE HEDGE ENSKT TAL	kl. 3, 5, 7, 9 og 11
SYND Í LÚXUS ENSKT TAL	kl. 3, 5, 7, 9 og 11
STICK IT	kl. 3, 5.30, 8 og 10.20
CLICK	kl. 9 og 11.20 B.L. 10 ÁRA
RAUÐHETTA ISL. TAL	kl. 3
ULTRAVIOLET	kl. 5.50, 8 og 10.10 B.L. 12 ÁRA
THE BENCHWARMERS	kl. 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
STICK IT	kl. 8 og 10
BANDIDAS	kl. 6 B.L. 10 ÁRA
THE BENCHWARMERS	kl. 8 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 10 B.L. 10 ÁRA
THE FAST & THE FURIOUS	kl. 6 B.L. 12 ÁRA

400 kr. í bió!
Eldir á allar sýningar í Regnboginum með rauðu

Dolby SDDS Digital Surround EX BÍÓ.IS – allt á einum stað

LAUGARAS BIÓ - bara lúxus

Sími 553 2075

OVER THE HEDGE
Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

Sýnd kl. 4, 6 og 8 ISL. TAL Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 ENSKT. TAL

SEE NO EVIL
ATTI FÓRNARLÖMB
EINN GEDSJÚKUR
FJÓLDAMORNINGI
HVER MUN LIFA
NÓTTINA AF

FURIOUS TOKYO DRIFT

CLICK

Sýnd kl. 8 og 10 B.L. 16 Sýnd kl. 10 B.L. 12 Sýnd kl. 6

www.laugarasbio.is

Sheen og Langella saman

Stórleikararnir Frank Langella og Martin Sheen leika í nýjasta verki breska leikskáldsins og fréttamannsins Peters Morgan, sem fjallar um eitt þekktasta viðtal fjölmiðlasögunnar sem breski sjónvarpsmaðurinn David Frost tók við Richard Nixon í kjölfar Watergate-hneykslisins.

Martin Sheen leikur Frost en Frank Langella bætir enn einum skúrknunum á ferilskrána sína og túlkar Nixon.

Höfundurinn Peter Morgan starfar sem fréttamaður fyrir fréttastöð ITN í Bretlandi en hefur skrifað nokkur leikrit, þar á meðal útvarpsleikrit sem fjallar um réttarhöld vegna stríðsglæpa í fyrrum ríkjum Júgóslavíu og byggir að hluta til á játningum Slobodans Milosevic, fyrrverandi forseta Júgóslavíu.

Leikritið verður frumsýnt 10. ágúst og fara sýningar fram í Donmar-leikhúsinu í London; leikstjóri er Michael Grandage.



LEIKARINN FRANK LANGELLA Leikur Nixon á leiksviðinu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Rokkið færir á Amsterdam

Talsverðar sviptingar hafa orðið í tónleikaheiminum í Reykjavík að undanförunu.

Síðustu misserin hafa þrjár staðir verið helsti vettvangur tónleika á virkum dögum; Grand rokk, Gaukur á Stöng og Nasa. Nú ber svo við að efri hæðinni á Grand rokk hefur verið lokað og óvíst hvort þar verði áfram tónleikar. Gaukurinn hefur verið lokaður undanfarið og ekki er vitað hvenær hann verður opnaður aftur. Nasa er það stór staður að ómögulegt er fyrir flestar hljómsveitir að fylla staðinn. Af þessum sökum hefur nýr staður sprottit upp sem aðaltónleikastaðurinn í bænum. Þetta er Café Amsterdam, sem hingað til hefur helst verið þekktur sem harður djammstaður um helgar.

„Húsið hefur staðið ónotað fimm daga í viku svo við fögnum því að reykvískir rokkarar vilji



CAFÉ AMSTERDAM Nýtt heimili reykvískra rokkara.

spila hjá okkur,” segir Ari Schröder, veitingamaður á Café Amsterdam. Tónleikaröð Smekkleysu og Reykjavík Grapevine hefur verið á fimmtudagskvöldum á Amsterdam frá því í byrjun júní og verður út sumarið. Síðasta föstudagskvöld voru sömuleiðis haldnir rokktonleikar á Amsterdam svo þróunin virðist vera í þá átt að tónleikum muni fjölga þar á næstunni. „Þessir rokkarar hafa alltaf verið að spila á sömu stöðum og vildu skipta um umhverfi. Við höfum hingað til ekki lagt okkur fram um að vera með rokkið, en eins og ég hef alltaf sagt er öllum vel-

GAUKURINN Sigurður Hólm og félagar eru hættir að reka Gauk á Stöng.

komið að koma til okkar,” segir Ari. Hann fagnar sérstaklega tónleikahaldi á virkum kvöldum en segir einnig lítið mál að hljómsveitir spili þar fyrir hluta kvölds um helgar. Ástæða þess sé sú að mesta traffikin af fastagestum Amsterdam komi seinni part nætur um helgar.

Porsteinn Þórsteinsson, veitingamaður á Grand rokk, segir að verið sé að vinna að endurbótum á efri hæð staðarins. Framkvæmdum lýkur 12. ágúst en ekki hefur verið ákveðið hvort haldið verði áfram með rokktonleika á staðnum. Þorsteinn segir að Airwaves-hátiðin fái vissulega sinn sess þar í október en ekki liggja fyrir hvað verði eftir það. Gaukurinn hefur verið lokaður síðustu vikuna og samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er staðurinn til sölu. Það er því ljóst að gat hefur myndast á markaðnum, enda hefur það verið algengt að tvennir eða þrennir tónleikar hafi verið haldnir í viku hið minnsta. - hdm



ROKKARAR FÆRA SIG Jón Atli Helgason í Hairdoctor er einn þeirra tónlistarmanna sem leikið hafa á Amsterdam í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

OVER THE HEDGE

Sláðu myndina, spilaðu leikinn!

9. HVER VINNUR!

Sendu SMS skytið JA VOF á númerið 1900 og þú gætir unnið miða fyrir tvo.

Aðavinningur er:
PlayStation 2 tölvu, tveir bíomiðar og Over the Hedge leikurinn!

Aukavinningar eru: Bíomiðar fyrir tvo Over the Hedge tölvuleikur DVD myndir · Tölvuleikir · Varnings tengdur myndinni og margt fleira!

Vinnningar verða afhendir hjá BT Síma og myndir af þessum vinnningum því að taka þátt eru kominn SMS klúbb 99 kr/skeytið.

Premium

– bruggaður úr íslensku byggi

léttbjör

SAMBÍÓIN

FRAMLEIÐENDUM SHREK & MADAGASCAR
 Þau ætla að ná aftur hverfinu...
 ...einn bita í einu!

OVER THE HEDGE
 SÁMBÍÓIN KRINGLUNNI ER EINN STAFLÆNA / DIGÍTÁL BÍÓIÐ Á ÍSLANDI

FAST AND FURIOUS TOKYO DRIFT

the break-up

SUPERMAN RETURNS
 Mesta ofurmenni heims hefur snúið aftur.
 ★★★★★
 KL. 6:10
 EINN ALDR BESTA MYND: ÁRSTING, BEYKIN, SUNDRER KOMINN Í HÓP HEIÐRA FROBLETU 5.5.5. 30R
 ★★★★★
 M.M.I. KVAMPROD.COM

THE LAKE HOUSE
 Rannu Óskars Sandra Bullock

ALFABAKKA

OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i>	KL. 12-4-6
OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i>	KL. 4-6-8-10-10
SUPERMAN RETURNS	KL. 12:30-3:50-4:50-7-8-10-10-11-10 B.I. 10
SUPERMAN RETURNS <i>VIP</i>	KL. 3:20-8-11:10
THE BREAK UP	KL. 8-8:15-10:20
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 10:30 B.I. 12
BÍLAR <i>isl. tal</i>	KL. 3-5-30

KRINGLUNNI

*OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i>	KL. 1-3-5-7
*OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i>	KL. 1-3-5-7-9-11
*SUPERMAN RETURNS	KL. 2:40-5:50-9-11:15 B.I. 10
THE BREAK UP	KL. 9

KEFLAVÍK

OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i>	KL. 6-8
THE LAKE HOUSE	KL. 10
SUPERMAN RETURNS	KL. 6-9 B.I. 10

AKUREYRI

OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i>	KL. 6-8
THE BREAK UP	KL. 10:10
SUPERMAN RETURNS	KL. 6-9 B.I. 10

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

SAMBÍÓIN SIMI: 575-8900
 www.sambioin.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Brad Pitt segir að föðurhlutverkið sé það besta sem hafi komið fyrir hann. „Að eiga börn er virkilega það besta sem ég hef gert,“ sagði hann í bandaríska sjónvarpsþættinum Today á dögunum. „Ef ég get fengið svo lítið sem eitt rop út úr þessu barni finnst mér það vera afrek.“ Pitt sagði einnig að barneignir hefðu breytt viðhorfi hans til lífsins. „Þetta tekur fókussinn af manni sjálfum, sem ég er mjög þakklátur fyrir.“




Owen Wilson, sem lék meðal annars í Starsky and Hutch, virðist vera æstur í að stofna fjölskyldu með kærustu sinni Francescu Versace, sem er frænka tískuhönnuðarins Donatellu Versace. „Ég sé mig stofna fjölskyldu á næstu árum. Ég er þrjátíu og sjö ára. Þegar pabbi minn var þrítugur átti hann þrjú börn, svo ég er augljóslega langt á eftir. En það er mjög mikið að gera hjá Francescu,“ sagði leikarinn við Daily Star. Wilson hefur áður verið með Sheryl Crow og Demi Moore, en Francesca er 24 ára nemi í tískufræðum.



Paris Hilton og **Lindsay Lohan** eru enn óvinkonur og í partíi skartgripasalans Lia Sophia í Malibu á dögunum voru þær báðar mættar, hvæsandi. Þegar Lindsay mætti á staðinn með nýja kærastanum, Harry Morton, byrjaði Paris að gera andstyggilegt grín að henni. Paris var í partíinu ásamt systur sinni Nicky og Brandon Davis. „Paris gerði í því að hvísla og hlæja mjög hátt allan tímann og starði á Lindsay,“ sagði einn partigesta við bandarískt tímarit. Lindsay komst í uppnám við lætin í Paris og stormaði út með kærastann í eftirdragi.



Tori Spelling hefur nú bæst í hóp frægra tónlistarmanna og leikara til að koma fram í söngleiknum Chicago á Broadway í New York. Usher, Brooke Shields og Melanie Griffith munu einnig leika í söngleiknum. Tori mun sennilega leika Roxie Hart í Chicago og það verður fróðlegt að sjá hvernig leikkonunni tekst upp með sönghlutverkið.



The Contender – Alvöru boxarar



The Contender eru þættir sem hafa slegið algjörlega í gegn um víða veröld, fengið frábæra dóma og metáhorf. Sextán hnefaleikakappar berjast um hver sé sá efnilegasti. Sá sem stendur uppi í lokin fer heim með milljón dali. Raunveruleikapáttur og íþróttaviðburður í einum pakka.

The Contender hefst á SkjáEinum **24. júlí kl. 21:30**. Fylgstu með!



ÍSLENSKA U-21 KVENNALANDSLIÐIÐ: GERÐI JAFNTEFLI VIÐ BANDARÍKIN

Frábær úrslit á Norðurlandamóttinu



„Það er ekki oft sem maður svekkir sig á því að gera „aðeins“ jafntefli við Bandaríkin,“ sagði Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari landsliðs kvenna skipuðu leikmönnum 21 árs og yngri en liðið tekur nú þátt á

Norðurlandamóttinu í knattspyrnu í Noregi. Eins og svo oft áður eru lið Englands og Bandaríkins gestir á móttinu en í fyrstu umferðinni vann Íslenska liðið gestgjafana, Noreg, 3-2. Í gær gerði það svo 1-1 jafntefli við Bandaríkin eftir að Margrét Lára Viðarsdóttir hafði komið Íslenska liðinu yfir á 35. mínútu. Í fyrri léku þessar tvær þjóðir, Noregur og Bandaríkin, til úrslita á sama móti og er árangur íslenska liðsins því hreint frábær.

„Fyrir fram hefði maður verið ánægður með að gera jafntefli en ég er mjög svekkð þar sem markið þeirra kom úr ansi vafasamri vítaspyrnu. Við áttum frábæran leik og þær bandarísku áttu annars varla almennilegt færi í leiknum.

Þær stjórnðu leiknum eins og við bjuggumst við en við sóttum mikið og sköpuðum okkur nokkur hálfæri eins og þær.“

Bandaríkin og Ísland eru efst í A-riðli með fjögur stig en sigurvegari riðilsins mætir efsta liði B-riðils í úrslitaleik. Ísland leikur gegn Danmörku í lokaumferð riðilsins en Danir eru fyrirfram taldir vera með veikasta lið riðilsins.

„Við erum búnar að koma mikið á óvart hér í Noregi og getum ekki verið annað en ánægðar. En við þurfum að standa af okkur þennan síðasta leik til að eiga möguleika á að komast í úrslitaleikinn. Ef okkur tekst það hygg ég að við verðum búnar að slá öll met í sögu íslenskra kvennalandsliða.“

> **Loks kom íslenskur sigur**

Íslenska U20 ára landsliðið í körfubolta vann sinn fyrsta leik á Evrópumóttinu í Portugal í gær þegar liðið sigraði Slóvaka. Afmælisbarnið Jóhann Árni Ólafsson var stigahæstur í íslenska liðinu með 29 stig en það var sterk liðs- heild sem bjappaði strákunum til sigurs. Þrátt fyrir mikla pressu innbyrti sigur milliðli mótsins eftir að liðið lenti í síðasta sæti í sínum riðli í fyrstu umferð. Ísland á eftir að mæta Írum og heima- mönnum í Portugal í riðlinum.



FH mætir Tallin í kvöld

Íslandsmeistarar FH taka á móti eistneska liðinu TVMK Tallin í fyrstu umferð Meistaradeildar Evrópu í kvöld. FH er í góðri stöðu eftir 3-2 sigur í fyrri leiknum en leikur hefjast klukkan 19:15 í kvöld á Klaplakrikavelli.



Grindavík 1-1 Fylkir

Grindavíkurv, áhorf.: 805 Jóhannes (6), Magnús (8)

0-1 Páll Einarsson (17.)
1-1 Ray Anthony Jónsson (45.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11-13 (5-4)
Varin skot	Colin 2 - Fjalar 2
Horn	4-4
Aukaspjurnur fengnar	13-14
Rangstöður	1-3

GRIND. 4-4-2	FYLKIR 4-3-3
Colin Stewart 6	Fjalar Þorgeirsson 7
Kristján Vald 5	Arnar Þór 6
Kofi Dakinah 7	Ragnar Sigurðsson 7
Óðinn Árnason 6	Guðni Rúnar 5
Michael Jónsson 7	Þórir Hannesson 6
Ray Anthony 7	Eyjólfur Héðinsson 7
David Hannah 5	*Ólafur Stígsson 8
Eysteinn Húni 6	Páll Einarsson 6
Óskar Örn 6	Sævar Þór 5
Andri Steinn 5	(Zl. Albert Brynjar -)
Jóhann Þórhalls. 6	Christian Christ. 6
	Peter Gravesen 6

*Maður leiksins

STAÐAN Í LANDBANKAÐEILDINI:

1. FH	11	8	2	1	20-7	26
2. FYLKIR	11	5	2	4	14-13	17
3. VALUR	11	4	4	3	15-13	16
4. KEFLAVÍK	11	4	3	4	20-12	15
5. VÍKINGUR	11	4	3	4	14-10	15
6. GRINDAVÍK	11	3	3	4	16-13	14
7. BREIÐABLIK	11	4	2	5	18-23	13
8. KR	11	4	1	6	10-22	13
9. ÍA	11	4	0	7	15-20	12
10. ÍBV	11	3	2	6	11-20	11

Jafnt í spennuþrungnum leik í Grindavík

Nóg var um að vera í leik Grindavíkur og Fylkis í gær. Báðum liðum var mikið í mun að hirða öll stigin sem í boði voru en urðu að lokum að sættast á skiptan hlut. Meiðsli dómars settu svip sinn á leikinn.

FÓTBOLTI Leikur Grindavíkur og Fylkis var athyglisverður fyrir margra hluta sakir en á endanum urðu liðin að sættast á jafntefli. Leikurinn var skemmtilegur og opin en taugaspennan mikil hjá leikmönnum og áhorfendum. Þá höfðu meiðsli Jóhannesar Valgeirssonar dómara sín áhrif en honum var „skipt“ út af hálfleik eftir að hafa dæmt leikinn draghaltur í 20 mínútur.



BARÁTTA UM BOLTANN Jóhann Þórhallsson sækir hér fast að Fylkismanninum Arnari Þór Úlfarssyni í leiknum í Grindavík í gær.

Jóhann Þórhallsson fékk fyrsta færi leiksins á 6. mínútu en hann komst einn inn fyrir vörn Fylkis en skot hans fór yfir. Skömmu síðar komst Eyjólfur Héðinsson í keimlíkt færi hinum megin á velli- num en þar kom Michael Jónsson bakvörður Colin Stewart mark- verði til bjargar sem hafði farið í hættulega skógarferð.

Stewart kom þó engum vörnum við þegar Páll Einarsson átti skot að marki á 17. mínútu eftir glæsilegan undirbúning Eyjólfss sem fór illa með Michael áður en hann renndi knettinum fyrir fætur Páls.

Forystan var sanngjörn og Fylkismönnum óx ásmegin. Það kom reyndar babb í báttin hjá dómara leiksins, Jóhannesi Valgeirssyni, er hann tognaði aftan í læri um miðjan hálfleikinn. Tafir urðu miklar og fór svo að Jóhann- es kláraði hálfleikinn draghaltur en enginn fjórði dómari var á

leiknum. Magnús Þórisson Kefl- víkingur og A-dómari var kallaður til og hófst síðari hálfleikur vel á eftir áætlun undir hans stjórn.

Leikurinn breyttist vegna þessa- ara tafa og gerðu þær í raun Grindvíkingum kleift að vinna sig aftur í leikinn en þeir skoruðu jöfnunarmarkið með síðustu

spyrnu hálfleiksins. Andri Steinn Birgisson tók aukaspjurnu rétt utan teigs sem lak í gegnum varn- arvegginn og fyrir fætur Ray Jónssonar, sem átti ekki í vand- ræðum með að skora af stuttu færi.

Fylkismenn voru betri í fyrri hálfleik en Grindvíkingar voru þó

mun öflugri í þeim síðari en þeir voru fyrir hliðið. En það voru Fylk- ismenn sem áttu hættulegustu færin. Christian Christianssen átti skalla rétt yfir markið, Ólafur Stígsson aukaspjurnu sem Stewart varði naumlega í horn og varamað- urinn Albert Ingason fór illa að ráði sínu er hann stóð einn gegn Stewart í markinu eftir sendingu Eyjólfss en skot hans fór framhjá.

Grindvíkingar voru hins vegar alltaf líklegir og áttu nokkur þrýðisgóð skot, meðal annars frá Eysteini Haukssyni og Ray Jóns- syni sem Fjalar varði mjög vel. Greinilegt var að bæði lið ætluðu sér stigin þrjú því þau sóttu mjög stíft lokamínútur leiksins.

„Þetta var athyglisverður leik- ur og nokkuð skemmtilegur en ég verð að segja að við vorum þó aðeins betri en þeir,“ sagði Páll Einarsson markaskorari Fylkis í leiklok. „Við þyrjuðum gríðar- lega vel og fyrri hálfleikur var finn. Í þeim síðari fannst mér við alltaf vera líklegri þó að meira jafnræði hafi verið með liðunum. En það var ekki nóg.“

Miklar tafir urðu á leiknum vegna meiðsla dómarsins. Páli fannst þó það ekki bitna á leikn- um. „Í sjálfu sér ekki. Þetta bitn- aði jafnt á báðum liðum þó að það hafi aðeins hægt á leiknum.“

eir@frettabladid.is



N. Írland v Ísland

1. - 3. september 2006



Ferð á leik N.Írlands og Íslands í undankeppni EM
Við bjóðum upp á 2 náttu ferð í beinu leiguflogi til Belfast

Verð 58.900 kr

á mann í tvíbýli, aukagjald fyrir einbýli 9.000 kr.

Innifalið: Flug, flugvallaskattar, gisting í 2 nætur með mor- gunverði, rútur til og frá flugvelli, miði á leikinn og íslensk fararstjórn.

Gisting:

Hastings Europa Hotel.

Gott 4 stjörnu hótél á frábærum stað í miðborg Belfast (frábær staðsetning).

Holiday Inn Belfast

Gott 4 stjörnu hótél, mjög vel staðsett í miðborg Belfast.

Nánari upplýsingar og bókanir hjá Íþróttadeild Úrvals Útsýnar í síma 585-4000 eða á tölvupósti ludvik@uu.is.



Landsbankadeild karla í knattspyrnu í gærkvöldi:

Mikilvæg stig sem Blikar sóttu til Eyja

FÓTBOLTI Breiðablik sigraði ÍBV í sannkölluðum botnslag á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum í gær. Það var Marel Baldvinsson sem skoraði sigurmarkið strax á fjórðu mínútu leiksins en þá þrugaði hann knettinum efst í þaknetið eftir fína sendingu frá Olgeir Sigurgeirssyni.

Eyjamaðurinn, sem hafa undan- farið verið sterkir heim að sækja, áttu vægast sagt slakan dag og gekk illa að byggja upp sóknir og hvað þá að skapa sér marktæk- i færi. Aðeins eitt skot liðsins rat- aði á markið en reyndar skoraði Bo Henriksen, framherji ÍBV, mark á 60. mínútu leiksins sem Einar Örn Daníelsson, dómari leiksins, dæmdi af.

Tvö bestu færi leiksins komu svo á lokamínútum en fyrst var það Marel Baldvinsson sem komst einn í gegnum vörn ÍBV en skaut framhjá markinu og mínútu síðar fékk Bo Henriksen sendingu inn á vítateig hinum megin á velli en hitti boltann illa og skaut yfir úr ákjósanlegu færi.

Marel var ánægður með stig- inn þrjú þegar Fréttablaðið ræddi við hann eftir leikinn. „Þetta var alveg nauðsynlegt fyrir okkur. Mér fannst við vera að spila ágætlega og náðum að láta boltann ganga aðeins á milli

okkar. Við breyttum um leikkerfi og vorum komnir með tvo sókn- armenn og fjóra inn á miðjuna, við það virtist koma meira spil í liðið. Það vita allir að það er erfitt að koma hingað til Eyja að spila svo við erum þarna mjög sáttrir við þennan baráttusigur,“ sagði Marel, sem skoraði glæsilegt mark á upphafsmínútu leiksins. „Já, þetta var gott mark en ég hefði nú átt að bæta einu við á lokamínútum en bensín- tankurinn var tómur á miðri leið,“ sagði Marel.

„Við gerðum okkur dæmið mjög erfitt með því að fá á okkur þetta mark í upphafi leiks. Eftir það var ljóst að þeir ætluðu að halda þessu marki, hanga á því. Við gerðum hins vegar ekki nógu vel til þess að breyta því,“ sagði Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, sem var ósáttur við hversu mikið Blikar komust upp með að tefja leikinn.

„Þetta var bara algjört grín að menn skyldu komast upp með að tefja svona. Dómari er að aðvara markvörðinn tvisvar eða þrisvar sinnum bara í fyrri hálf- leik en gerir ekkert í málinu. Það komst aldrei neitt flot á leikinn og það var virkilega svekkjandi að dómari skuli ekki hafa tekið á því,“ sagði Guðlaugur.

Víkingur og Keflavík gerðu 1-1 jafntefli í Landsbankadeild karla í gær:

Jafntefli í víkingaslagnum

FÓTBOLTI Víkingur og Keflavík halda áfram að fylgja hvort öðru á stigatöflu Landsbankadeildarinnar eftir að liðin gerðu jafntefli 1-1 á Víkingsvellinum í gær. Gestirnir voru betri aðilinn í fyrri hálfleik en leikurinn jafnaðist út í þeim síðari og skiptu liðin stigunum á milli sín.

Það var gott veður í Víkinni í gær og eftir fimmátán mínútna leik kom fyrsta alvöru færi leiksins þegar Ómar Jóhannsson varði skalla Daníels Hjaltasonar. Strax á eftir varði Ingvar Kale vel frá Guðmundi Steinarssyni sem kominn var í ágætis færi. Keflvíkingar voru óheppnir að ná ekki forystunni eftir um hálf tíma leik en

þá átti Guðmundur Mete langa sendingu á Baldur Sigurðsson, boltinn barst á Hólmar Örn Rúnarsson sem var ekkert að tvínóna við hlutina og átti hörkuskot af löngu færi sem hafnaði í stönginni.

Keflvíkingar voru óhræddir við að skjóta en skotin sem höfnuðu á rammanum voru hins vegar öllu færri. Guðmundur Steinarsson var nokkuð líflægur og rétt fyrir leikhlé kom hann gestunum yfir með laglegu skoti í fjærhornið. Víkingar voru langt frá sínu besta, Keflvíkingar höfðu yfirhöndina á miðsvæðinu og fóru inn í hálfleikinn með eins marks forystu. Seinni hálfleikurinn byrjaði

rólega þangað til Víkingur fékk aukaspjrnuna þegar átta mínútur voru liðnar.

Víktor Bjarki Arnarsson tók aukaspjrnuna og náði fínu skoti í bláhornið og jafnaði fyrir heimamenn. Við þetta mark hressust Víkingar nokkuð og komust meira inn í leikinn. Þórarinn Brynjar Kristjánsson komst næst því að ná að skora sigurmarkið í leiknum þegar hann skallaði naumlega framhjá marki heimamanna en Þórarinn kom inn sem varamaður í leiknum. Síðasta stundarfjórðunginn skiptust liðin á að sækja án þess að ná að skapa sér nein dauðafæri og niðurstaðan jafntefli.

- egm



BARÁTTA Í VÍKINN! Milos Glogovac, varnarmaður Víkinga, reynir hér að stöðva bakvörðinn Guðjón Árna Antoníusson.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Víkingur 1-1 Keflavík
 Víkingsvöllur, áhorf.: 902 Egill M. Markússon (7)

0-1 Guðmundur Steinarsson (42.)
 1-1 Víktor Bjarki Arnarson (53.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	7-20 (3-6)
Varin skot	Ingvar 4 – Ómar 2
Horn	5-2
Aukaspjrnur fengnar	16-12
Rangstöður	7-0

VÍKING. 4-4-2	KEF 4-3-3
Ingvar Kale 6	Ómar Jóhannsson 6
Hörður Bjarnason 6	Hallgrímur Jónass. 5
Milos Glogovac 7	Kenneth 6
(76. Rodney Perry -)	Guðmundur Mete 7
Grétar Sigfinnur 6	Guðjón Árni 6
Höskuldur Eiríks. 7	Hólmar Örn 7
Stefán Kári 4	Jónas Guðni 7
(51. Valur Adolf 7)	Baldur Sigurðsson 6
Jökull I. 6	(90. Magnús Sverrir -)
Jón Guðbrandsson 4	Simun Samuelsen 6
(67. Davíð Þór 6)	*Guðmundur Stein. 7
Arnar Jón 6	Stefán Örn 5
Víktor Bjarki 7	(58. Þórarinn 6)
Daníel Hjaltason 5	<i>*Maður leiksins</i>

ÍBV 0-1 Breiðablik
 Hásteinsvöllur, áhorf.: 450 Einar Danielsson (6)

0-1 Marel Baldvinsson (4.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-9 (1-2)
Varin skot	Hrafn 1 – Hjörvar Ó
Horn	6-3
Aukaspjrnur fengnar	16-15
Rangstöður	6-2

ÍBV 4-4-2	BREIÐAB. 4-4-2
Hrafn Davíðsson 5	Hjörvar Hafliðason 6
Andy Mwesigwa 5	Árni Kristinn 5
Matt Garner 4	Srjadan Gasic 6
Thomas Lundbye 4	Kári Ársællsson 6
(54. Bjarni Rúnar 6)	Stig Kron Haaland 5
Bjarni Hólm 4	Olgeir Sigurgeirs. 5
Andri Ólafsson 5	Nenad Zivanovic 4
Atli Jóhannsson 6	(83. Magnús Páll -)
Bjarni Geir 5	Petr Podzemsky 5
(80. Anton Bjarna -)	Arnar Grétarsson 6
Mark Schulte 5	(71. Kristján Óli -)
Ulrik Dröst 3	Víktor Unnar 5
(86. Sævar Eyjólf. -)	(54. Ragnar Heimir 5)
Bo Henriksen 6	*Marel Baldvins. 7
	<i>*Maður leiksins</i>

Grindavík: Semja við Kofi Dakinah

FÓTBOLTI Grindvíkingar hafa samið við danska varnarmanninn Kofi Dakinah og fékk hann leikheimild með sínu nýju félagi í gær. Hann er 191 cm á hæð og hefur áður meðal annars spilað með FC Kaupmannahöfn og Herfølge og samdi hann við Grindavík út tímabilið.

Grindvíkingar sömdu aftur á móti ekki við Morten Overgaard sem var til reynslu hjá liðinu í síðustu viku en Sigurður Jónsson, þjálfari liðsins, ákvað að styrkja vörnina vegna meiðsla sem hrjáð hafa liðið.

- hph

Í BÍÓ
 Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

Þau ætla að ná aftur hverfinu...
 ...einn bita í einu!

Bruce Willis Garry Shandling Avril Lavigne Steve Carell
 William Shatner Wanda Sykes Nick Nolte

OVER THE HEDGE

Sýnd með íslensku og ensku tali
 KOMIN Í BÍÓ

SMARRA BÍÓ
 REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI • SELFOSS

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„Real loss is only possible when you love something more than you love yourself.“

Svar: Sean úr kvikmyndinni Good Will Hunting árið 1997.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: FREY GÍGJU GUNNARSSON LANGAÐI AÐ VERÐA ROKKARI

Viðrini eða snillingar?

Alla drengi hefur einhverntímann dreynt um að standa öskrandi á stóru sviði fyrir framan smástelpur á rokktonleikum í leðurbuxum, kúrekastígúelum og hlýraból. Eða með gítar um öxlina, reiðubúinir að taka villt sóló sem endar með því að hljóðfærinu er þrusað í gegnum magnara eða endar líf sitt í eldsvoða. Hvern hefur ekki langað til að fara upp á hótélherbergi og rústa því í kjölfarið við hlástraköll grúppa? Henda sjónvarpinu út um gluggann eða keyra glæsibifreiðina út í sundlaug. Fæstum tekst að lífa svona lífi. Við lifum ögn jarðbundnara lífi þar sem sjónvarpið er keypt á raðgreiðslum og glæsibifreiðin birtist aðeins í draumi. Þeir sem reyna að láta rokkstjörnuþrauminn rætast þurfa að bæta við sig vinnu, syngja kassagítarslagara á litlum búllum um helgar eða afgreiða fót í tiskuvöruslun.

Rock Star-þátturinn er kannski hvað augljósasta

dæmið um hversu skammt er milli frægðar og (ó)frægðar. Þar eru samankomnir nokkrir „rokkarar“ sem hafa reynt allt hvað þeir gátu upp á eigin spýtur en einhver veginn aldrei náð að meika það. Ætla að nýta tækifærið í útbreiddasta miðli heims og láta ljós sitt skína frammi fyrir heimsbyggðinni.




SUPERNOVA-BRÆÐUR Þeir Gilby Clarke, Tommy Lee og Jason Newsted eru rokkarar af lífi og sál þrátt fyrir að vera komnir á aldur.

Þrátt fyrir að hafa einu sinni alið með mér draum um glæstan rokkframa er ég ánægður að líkjast hvorki Dave Navarro eða Gilby Clarke, sem lítur út eins og miðaldra klámstjarna með lítað skegg og háir. Ekki er Tommy Lee hótinu skárri enda málaður fauti sem lamdi konuna sína og getur varla komið frá sér heilli setningu án þess að stama. Í fljótu bragði virðist Jason Newsted vera sá eini sem gengur heill til skógar hjá þeim Supernova-bræðrum þótt orðafordinn sé varla fjölbreyttari en „dude“ og „peace“ með tilheyrandi merkjasendingum.




GRÆNA ÁLMAN

▶ 20.55
Gaman



MEDIUM

▶ 21.55
Drama



GHOST WHISPERER

▶ 21.30
Drama



BEAUTIFUL PEOPLE

▶ 19.45
Drama



HRAFNAPIING

▶ 22.30
Fréttir

SJÓNVARPIÐ

6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah Winfrey 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Strong Medicine

SIRKUS TV

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Völvi Snær (e)

NFS

7.00 Ísland í bítið 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

16.45 Fótiboltakvöld 17.05 Leiðarljós 17.50 Tákn málsfréttir 18.00 Disneystundin 18.01 Stjáni (58:58) 18.25 Sigildar teiknimyndir (21:29)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Whose Line Is it Anyway? 13.55 Medium 14.40 Las Vegas 15.35 Blue Collar TV 16.00 Sabrína – Unglingsnomin 16.25 BeyBlade 16.50 Könnuð-urinn Dóra 17.15 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Pípóla (1:8) (e) 20.00 Seinfeld (1:22) (The Mango) 20.30 Sirkus RVK 21.00 Stacked (6:13) (Good Wizzle Hunting) 21.30 Ghost Whisperer (1:22) Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Það er engin önnur en Jennifer Love Hewitt sem fer með hlutverk Melindu.

15.50 Kelsey Grammer Sketch Show (e) 16.15 Brúðkaupsþátturinn Já (e) 17.15 Dr. Phil 18.00 6 til sjö (e)

12.00 Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegisd – fréttaviðtal 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin 17.00 5fréttir 18.00 Íþróttir og veður

18.32 Lífó og Stitch (41:49) 18.54 Víkingalottó 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.05 Tískuprautir (9:11) (Project Runway II) Ný þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti. ▶ 21.05 Græna álman (6:9) (Green Wing) Bresk gamanþáttaröð um starfsfólk á sjúkrahúsi þar sem allt getur gerst. Meðal leikenda eru Sarah Alexander, Sally Bretton, Oliver Chris, Olivia Colman, Michelle Gomez og Tamsin Greig. 22.00 Tíufréttir 22.20 Íþróttakvöld 22.35 Mótorsport Þáttur um íslenskar akstursíþróttir.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.40 Svínasúpan (3:8) (e) 20.05 What Not To Wear (5:5) (Drukslur dressaðar upp) Að þessu sinni herja tiskudrósir á systur. Önnur telur sig vera með rétta tiskusmekkinn í blóðinu en fær samt systur sína til að hjálpa sér að velja fót. 21.10 Oprah (78:145) ▶ 21.55 Medium (17:22) (Miðillinn) Alison Dubois býr yfir harla óvenjulegum yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og hafa samskipti við hina framliðnu. Bönnuð börnum. 22.40 Strong Medicine (17:22) (Samkvæmt læknisráði)

22.20 9 1/2 Weeks Tvær bláókunnugar manneskjur hittast í verslun á Manhattan, horfast í augu eitt augnablik og hverfa síðan á braut. Str. b. börnum.

19.00 Beverly Hills 90210 ▶ 19.45 Beautiful People Daniel ákveður að berjast fyrir því að fá forræði yfir Sophie. 20.30 America's Next Top Model V Leitin að næstu ofurfyrirsætu Bandaríkjanna hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli á Íslandi, og eru meðal vinsælustu raunveruleikapátta í heiminum. 21.30 Rock Star: Supernova Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsevitina Supernova. Hver verður söngvari með þungarokkurinum; Tommy Lee úr Motley Crüe, Jason Newsted úr Metallica og Gilby Clarke? 23.00 The L Word 0.00 Rock Star: Supernova (bein

18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ísland í dag 19.40 Hrafnaping Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpingugulausan hátt. 20.20 Brot úr fréttavakt 21.00 Fréttir 22.00 Fréttir Fréttir og veður ▶ 22.30 Hrafnaping

23.00 Vesturálman (12:22) 23.45 Kóngur um stund (6:12) 0.15 Kastljós 0.45 Dagskrárlök

23.25 Footballers' Wives 0.10 Grey's Anatomy 0.55 Cold Case (B. börnum) 1.40 The Four Feathers (Str. b. börnum) 3.45 Medium (B. börnum) 4.25 Footballers' Wives (2:8) 5.10 Fréttir og Ísland í dag 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

0.15 My Name is Earl (e) 0.40 Rescue Me (7:13) (e) 1.25 Weeds (7:10) (e) 1.55 Seinfeld (1:22)

útsending) 1.00 Love Monkey (e) 1.45 Beverly Hills 90210 (e) 2.30 Óstöðvandi tónlist

23.00 Kvöldfréttir 0.00 Fréttavaktin 3.00 Fréttavaktin 6.00 Hrafnaping

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Cleopatra 10.00 Rugrats Go Wild! 12.00 Duplex 14.00 Cleopatra (e) 18.00 Rugrats Go Wild! 20.00 Duplex (Grannaslagur) Frábær gamamynd. Nancy og Alex eru í skýjunum enda hafa þau fundið draumahúsnæðið í Brooklyn. Þau flytja inn full tilhlökkunar og setja það ekki fyrir sig að háöldruð kona býr á efri hæðinni. Sú gamla reynist ekki alveg komin á grafarbakann og fer fljótlega að gera þeim lífið óbærilegt. 22.00 Wakin' Up in Reno (Helgarferð til Reno) Vínahjónin Roy og

Candy og Lonnie Earl og Darlene ætla að gera sér dagamun. Aðalhlutverk: Billy Bob Thornton, Charlize Theron, Patrick Swayze, Natasha Richardson. 2002. Bönnuð börnum. 0.00 30, Still Single: Contemplating Suicide (Bönnuð börnum) 2.00 Boat Trip (Bönnuð börnum) 4.00 Wakin' Up in Reno (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

11.30 Rise of the Geeks 12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 THS Tara Reid 14.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 15.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 16.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 17.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 THS Lionel & Nicole Richie 20.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Dr. 90210 23.00 Sexiest Red Carpet Divas 0.00 THS Lionel & Nicole Richie 1.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns

AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



ÍVAR GUÐMUNDSSON

9-12 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS? Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjstu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN
20 ÁRA
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Ghost Whisperer

Sirkus kl. 21.30

Sjáandi sálhjálpari

Þessir nýju þættir fjalla um Melindu Gordon, sem er nýgift og rekur antikbúð í litlum bæ. Frá því Melinda var lítil stelpa hefur hún getað séð og talað við hina látnu. Sálirnar sem Melinda nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á aðstoð að halda við að ljúka ófrágengnum málum. Melinda kemur þannig upplýsingum að handan til þeirra sem þær eru ætlaðar. Melinda er þó ekki alltaf sátt við gáfur sínar, sér í lagi nú þar sem hún er að hefja nýtt líf með eiginmanni sínum og vill einbeita sér að því. Það er engin önnur en Jennifer Love Hewitt sem fer með aðalhlutverkið í þáttunum en með henni eru þau David Conrad og Aisha Tyler.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

8	1	5	2	3	4	9	7	6
2	3	9	1	7	6	8	5	4
7	6	4	5	9	8	1	3	2
5	9	2	8	6	3	7	4	1
4	7	1	9	5	2	3	6	8
3	8	6	7	4	1	2	9	5
1	4	7	6	2	9	5	8	3
9	2	3	4	8	5	6	1	7
6	5	8	3	1	7	4	2	9

2		5				6		3
			2	1				
		4				2		
1			5	7				4
3	8						9	2
4			9	2				1
		3				4		
			8	5				
8		2				1		5

18.12
Íþróttir
SPORTIÐ



18.00 Íþróttasjallið
18.12 Sportið

- 18.30 Landsbankamörkin 2006** Öll mörkin, tilþrífir, umdeildu atvikin og allt það markverðasta úr leikjum umferðarinnar í Landsbankadeildinni.
- 21.10 HM myndasafnið (1994 USA)** Árið 1994 héldu Bandaríkjamenn loka-keppni Heimsmeistaravæðisins í knattspyrnu og var umgjörðin öll hin glæsilegasta. Í fyrsta skipti í sögu HM þurfti vítaspymukeppni til þess að knýja fram úrslit í sjálfum úrslitaleiknum. Svíþjóð og Búlgaría voru spútnik-lið keppinnar og komust í undanúrslit. Helstu stjórnur keppinnar voru Gheorghe Hagi, Hristo Stoichkov, Romario og Roberto Baggio.

23.00 Hápunktur í PGA mótaróðinni **1.35** 4 4 2

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Övissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmýnd **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaheiti: Tími normarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpsagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Bókmenntir og landfræði **16.13** Hlaupánótan **17.03** Viðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Á ferðaslóðum: Vestfirðir **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.15** Kvöldsagan **23.00** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar **2 9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki geymt **22.10** Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bitid **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegis **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitid í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-íð / Enginn viðbjóður



Fremstur



KIA Rio varð nýlega hlutskarpastur í flokki stærri smábíla í samanburðarrannsókn **J.D. Power** fyrir árið 2006. Athugunin er afar umfangsmikil og tekur til 217 atriða á borð við aksturseiginleika, vélarafli og gæði girbúnaðar.

Þessi niðurstaða staðfestir yfirburði KIA Rio í sínum stærðarflokki. Verðið tekur síðan af öll tvímæli: Þú gerir ekki betri kaup en í KIA Rio. Komdu í reynsluakstur og staðfestu niðurstöðu J.D. Power.

Kia Rio er fánlegur bæði með bensín- og dísilvélum. Tíu loftþúðar tryggja ökumanni og farþegum hámarksöryggi.

Verð 1.648.000 kr.

KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.



KIA MOTORS



HRÓSIÐ

...fær Jóna Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur fyrir að bjóðast til að passa ketti sem eru einir heima.

Keypti sér Barbie-dúkkuna á eBay

Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson keypti Barbie-dúkkuna í peysufötunum sem Fréttablaðið sagði frá fyrir skemmstu. Dúkkun var til sölu á uppboðsvefnum eBay og er úr dúkkusafni Mattel-safnsins. Dúkkun er í upprunalegum umbúðum sem aldrei höfðu verið opnaðar en henni fylgdi meðal annars vegabréf, peningar og kort af Íslandi. Kaupverðið fékkst ekki uppgefið en Sigurjón sagði þetta vera mikinn merkisgrip. „Það eru örugglega ekki til margar í heiminum,“ segir hann léttur og vill augljóslega ekki gera mikið úr þessum kaupum sínum. „Ég hef ekki enn fundið henni



stað en hann verður örugglega mjög áberandi,“ bætir hann við og hlær. Sigurjón er staddur hér á landi eins og flest öll sumur en hann hefur verið á fullu við að kynna kvikmyndina Zidane: Andlit 21. aldarinnar sem listamennirnir Douglas Gordon og Philippe Parreno

leikstýrðu. Þeir eru tilnefndir til nýrra verðlauna, The Gucci Group Prize, sem efnt hefur verið til samhliða kvikmyndahátíðinni í Feneyjum en þau eru veitt listamönnum sem eru að reyna fyrir sér í kvikmyndagerð. „Feneyjahátíðin er önnur mikilvægasta hátíðin í Evrópu og þetta er því ágætt,“ segir Sigurjón en ekki er ljóst hverjir mótherjar þeirra Gordon og Parreno verða. Kvikmyndin fer síðan á ferðalag á næstunni og verður meðal annars í Colorado í Bandaríkjunum og á Edinborgar-hátíðinni í ágúst.

- fgg

KEYPTI DÚKKUNA Sigurjón Sighvatsson keypti Barbie-dúkkuna sem var til sölu á uppboðsvefnum eBay.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 örugglega 6 kusk 8 forsögn 9 fæða 11 tímabil 12 ýfun 14 steinn 16 skóli 17 sjónvarpsstöð 18 flýtir 20 í röð 21 prik.

LÖÐRÉTT

1 kaupbætur 3 klaki 4 splunkunýr 5 lítil sopi 7 vera með fyrirgang 10 örn 13 þang-að til 15 svara 16 blaður 19 tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 vís, 6 íd, 8 spá, 9 ala, 11 ár, 12 gárun, 14 tína, 16 ma, 17 sýn, 18 así, 20 fsi, 21 síg.
LÖÐRÉTT: 1 álag, 3 ís, 4 spánn, 5 fær, 7 ólát, 8 stí, 10 ar, 13 uns, 15 ansa, 16 mas, 19 íl.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Um 200.
- Sýrlandi.
- Prófessorsstöðu í Landgræðslu.



BRYNDÍS OG SESAR Sendiherrafrúin fyrrverandi hefur notið þess að hafa hund dótturdóttur sinnar á heimilinu, jafnvel þó hún verði afbrýðisöm þegar Sesar tekur ástfóstri við Jón Baldvín.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

BRYNDÍS SCHRAM: GÆTIR CHIHUAHUA-HUNDS DÓTTURDÓTTUR SINNAR

Það verður hálf tómlegt í kotinu þegar Sesar fer

Það hefur verið nóg að gera hjá Bryndísi Schram að undanförunni því hún hefur haft hund dótturdóttur sinnar í fóstri. Bryndís segist hafa notið þess að hafa hundinn hjá sér og viðurkennir að það verði jafnvel hálf-tómlegt í kotinu hjá þeim Jóni Baldvín þegar hundurinn fer.

„Hann heitir Sesar. Eins og þú veist þýðir orðið Sesar keisari – og Sesar er réttnefndur keisari. Hann trúir því allavega sjálfur, sem skiptir auðvitað mestu máli í lífi hvers og eins. Þú ert það sem þú trúir að þú sért, ekki satt? Hann trúir því til dæmis að hann sé svo stór og sterkur að allir hljóti að óttast hann, jafnvel stór óargadýr, villihundar og stóðhestar, sem stundum eiga leið hér framhjá. Þá hamast hann á þeim þangað til þeir hrökklast frá, líklega frekar af því að þeir eru orönnir þreyttir í eyrunum heldur

en af ötta við þetta kríli,“ segir Bryndís og ber hundinum vel söguna. „Betri en besta barn og lítill vandi að fóstura hann,“ segir hún.

Sesar er átta mánaða Chihuahua en þeir hafa einmitt verið afar vinsælir meðal stórstjarna úti í heimi. Sesar er aftur á móti ættaður frá Dalsmynni í Kjós, en búsettur að Bifröst í Borgarfirði. „Dótturdóttir mín, Marta, á Sesar en ég var beðin um að gæta hans á meðan þær mæðgur, hún og Snæfríður, eru í burtu. Ég hafði nú alltaf í huga að fá hund á heimilið þegar við kæmum heim úr útlegðinni, og hafði þá hugsað mér íslenskan fjárhund með sperrt eyru og fagurhringaða rófu, ef það væri hægt að venja hann af sífelliðu golti. Fannst einhvern veginn að slíkt hefði sveitafólki. Ég var jafnvel með það í huga að hafa akurhænu í garðinum, og að minnsta kosti einn eða tvo

hesta,“ segir Bryndís og viðurkennir um leið að öll þessi dýr hefðu þýtt það að hún og Jón Baldvín kæmust aldrei af bæ.

„Engu að síður hefur þetta verið skemmtilegur tími. Ég er að vísu svolítið abbó því að Sesar hefur tekið algeru ástfóstri við Jón Baldvín. Hann vill helst sitja í kjöltu hans þegar hann er ekki að sinna skyldustörfum við garðshliðið. Skýringin er þó líklega sú að ég skamma hann miskunnarlaust þegar hann leyfir sér að pissa á stofugólfið, sem hann reyndar gerir bara í neyð og örsjaldan núorðið. Hann vaktar mig nefnilega,“ segir Bryndís, sem veit að óðum styttist í að samverustundum hennar og Sesar fækki. „Nú fer að stytast í að hann snúi aftur upp í Borgarfjörð og þá er spurning hvort það verður ekki hálf tómlegt án hans.“


hdm@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stuttmyndin **Slavek the Shit** eftir **Grim Hákonarson** hefur farið mikinn á kvikmyndahátíðum að undanförunni. Myndin, sem segir frá ástamálum klósettvarðarins Slavek, hefur sópað að sér verðlaunum og nýlega hlaut hún aðalverðlaun á Arcipeleg-stuttmyndahátíðinni sem fram fer í Róm á hverju ári. Ítalir virðast vera mjög hrifnir af kvikmyndinni því þetta eru fimmtu verðlaunin sem myndin hlýtur þar í landi en frá þessu er sagt á kvikmynda-vefnum logs.is.



Íslendingar eru í miklu rokkstuði þessa dagana enda gengur **Magna Asgeirssyni** allt í haginn í raunveruleikabáttaröðinni Rock Star: Supernova. Í gærkvöldi söng Magna lagið **Plush** með Stone Temple Pilots en blaðið var farið í prentun áður en þátturinn fór í loftið á Skjá einum. Úrslitin verða kunnngjörð í nótt og má ljóst



vera að Magna gæti farið að blanda sér í toppbaráttuna ef hann kemst í gegnum þennan þátt. Söngvara á móti sólfur tekist að heilla aðdáendur þáttarins um allan heim því hann er þriðji vinsælasti keppandinn ef marka má heimasíðuna supernovafans.com en Lukas Rossi leiðir vinsældakösinuna með þó nokkrum yfirburðum. Þar á eftir kemur Toby Rand en Magna er þar skammt unan.

Útvarpskonan **Margrét Blöndal** á Rás 2 upplýsti í þætti sínum síðasta sunnudag að söngvarinn **Fríðrik Ómar Hjörleifsson** hefði í raun hafið feril sinn með Sniglabandiinu. Þá var Fríðrik þrettán ára gamall og hringdi inn á Rás 2 í hvert einasta skipti sem Sniglabandið var með þátt og fékk að syngja með hljómveitinni. Fríðrik lagði mikinn metnað í símhringingarnar og var hann alltaf tilbúinn með nýtt og nýtt lag fyrir hvern þátt. Á heimili Fríðriks á Dalvík var bara til skífusími og því fékk hann íðulega lánaðan takkasma hjá nágrönnunum til að ná örugglega inn í þáttinn.

- fgg/- snæ



Davíð Þór dómari í Gettu betur

Allar líkur eru á að Davíð Þór Jónsson taki að sér hlutverk dómara í Gettu betur á komandi vetri. Davíð var sem kunnugt er spyrill í þáttunum frá 1997 til 2000 en nú þarf hann að dusta rykið af sögu-bókunum því hann verður einnig spurningahöfundurinn í þáttunum sívinsælu. „Þeir eru fáir sem vita það en ég hef komið nálægt spurningahöfundur og kem því ekki alveg af fjöllum. Ég var einn spurningahöfundur Meistarans í vetur, ásamt öðrum. Svo hef ég verið einn af mættarstólpunum í spurningakeppni Grand rokk, svo ekki sé minnst á spurningakeppnina Ari í útvarpsþættinum Górilla snemma á tíunda áratugnum,“ segir hann.

Davíð Þór segist byrjaður að undirbúa sig andlega fyrir Gettu betur og er farinn að punkta niður hjá sér hugmyndir að spurningunum. En er einhver munur á spurningunum í Gettu betur og Meistarunum? „Spurning er alltaf spurning. En maður þarf samt að hafa ákveðna tækni. Ég sjálfur hef alltaf meira gaman af spurningunum sem reyna á ályktunargáfu og eðlisgreind frekar en beina þekkingu. Það er alltaf meira gaman að spurningu sem ekki er hægt að gúgla svarið við,“ segir Davíð.

Sigmar Guðmundsson verður áfram spyrill að sögn Helgu Reinhardsdóttur, framleiðslustjóra innlendrar dagskrárdeildar.

- rsg



DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON „Ég þekki þennan þátt náttúrulega mjög vel og list feikilega vel á þetta,“ segir Davíð Þór um nýja starfið.

Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, SÓLPURRKAÐUR SALTFIŠKUR, SKÖTUSELUR OG KEILA.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnóðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

2 fyrir 1

26" hjól City Racer



2 fyrir 1 af öllum hággæða Prostyle hjólum

Þú greiðir fyrir dýrara hjólið

16"

16" hjól 5-7 ára

Bremsur: Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að aftan og framan, hjálpardekk, keðjuhlíf.



16" hjól 5-7 ára

Bremsur: Handbremsur að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk.



26" hjól

Gírar: 21 gíra
Tegund gíra: Shimano
Bremsur: Handbremsur að framan og að aftan, diskabremsur.
Gaffall: Demparagaffall stillanlegur
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og að framan, bjalla, lás.



Tiger

20" hjól 7-9 ára

Bremsur: Handbremsur að aftan og að framan
Dekk: Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krömbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.



Eos Cruiser

Gildir til 24. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



BAKANKAR

GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

Gæðastjórnun

Ég bað um áfallahjálp. Í símann kom mjúk rödd, sem bauð mér sína aðstoð og bókstaflega umvafði mig í ástríki og hlýju. Hún spurði mig hvað amaði að mér. Ég sagði henni eins og var að barnabarnið mitt væri að hefja háskólanám og ætlaði að læra GÆÐASTJÓRNUN. Mjúka röddin spurði hvað væri svona hræðilegt við að eiga námfúst barnabarn.

LÍTTU á klúðrið sem GÆÐASTJÓRNIN er búin að gera úr málum Landspítalans, sagði ég. Ég þekki konu sem er hjúkrunarfræðingur og hefur alla tíð elskað starf sitt. Nú ætla hún að segja upp á „Lanzanum“ og finna sér annað starf.

AF HVERJU? spurði ég hana. „Eru lækarnir að böggja ykkur? Maður les í blöðunum að þeir láti eitthvað illa að stjórn í heilbrigðis kerfinu. „Nei“ sagði hún. „Það er HIN HEILDSTÆÐA STEFNUMÓTUN spítalans sem vofir yfir okkur og gerir hvorki læknum né hjúkrunarfræðingum færi á að vinna sín störf eins og okkur finnst sæmandi gagnvart sjúklingunum. Við höfum yfir okkur svokallaða GÆÐASTJÓRN + HAGRÆÐINGU. Það nýjasta er að harðbanna læknum að hafa sínar eigin stofur séu þeir á föstu hjá spítalanum, líklega er það MANNAUÐSSTJÓRNUNIN sem bendir á að þeir gætu unnið yfir sig og jafnvel farið að stógræða á kunnáttu sinni og slíkt er það versta sem getur hent nokkurn siðaðan mann.“

ÉG HEYRDI að hin mjúka rödd áfallahjálparkonunnar var búin að missa fáein desibel af samúð þegar hún benti mér á að þau vandræði sem ég væri í heyrðu ekki undir hennar starfsvið. Vandræði mín yrði ég að víðra við sjálft Alþingi eða stjórn Reykjavíkurborgar.

ÉG BENTI henni á að þeir hefðu löngum verið svo búralegir í stjórn þessa bæjar. Hægt væri að sjá í fundargerðarbókun frá 1892 að St. Jósefs nunnur hefðu verið að biðja bæjarstjórn um að fá lánaðar 2.000 krónur til að byggja Landakotsspítala. Reis þá ein „mannvitsbrekkan“ á fætur og sagði: „Ég sé ekki nokkra ástæðu fyrir fátækt bæjarfélag að vera að lána þessum konum peninga til að byggja hús fyrir fátæklinga að deyja í, þeir geta alveg eins dáið heima hjá sér.“ Svo GÆÐASTJÓRN, lærð og ólærð, hefur svosem viðgengist hér í bæ í meir en 100 ár.


MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.toyota.is

Athyglin er á Avensis



Ökumenn athugið – Nýr Avensis

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst nýjum **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa glænýtt útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

Avensis verður ekki lýst með orðum. Komdu og reynsluaktu nýjum **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.670.000. kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070